

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Guðfræði

**Frjálslynd guðfræði á Íslandi –
Upphafsmenn og arftakar**

Ritgerð til embættisprófs í Guðfræði

Kristján Arason

Kt.: 310891-3209

Leiðbeinandi: Hjalti Hugason

Maí 2017

Ágrip

Ritgerð þessi fjallar um sögu frjálsslyndu guðfræðinnar á Íslandi. Varpað verður ljósi á þróun stefnunnar allt frá upphafsmönnum hennar sem komu fram á síðari hluta 19. aldar og þar til áhrif stefnunnar tóku að fjara út innan prestastéttarinnar rúmri öld síðar. Við umfjöllunina verður helstu fylgjendum frjálsslyndu guðfræðinnar hér á landi skipt í þrjár kynslóðir. Í hverri kynslóð verða teknir fyrir tveir til fjórir guðfræðingar og verða guðfræðihugmyndir þeirra hafðar að leiðarljósi. Þannig verður leitast við að sýna fram á hvernig hugmyndafræði stefnunnar þróaðist samhliða breyttri heimsmynd. Auk þess verður kastað ljósi á hvað hafi orðið til þess að frjálsslynda guðfræðin náði jafn góðri stöðu innan þjóðkirkjunnar og raun bar vitni.

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Efnisyfirlit.....	3
Inngangur	5
1 Aðdragandi frjálsslyndrar guðfræði á Íslandi	10
2 Fyrsta kynslóð frjálsslyndra guðfræðinga	14
2.1 Magnús Eiríksson.....	14
2.2 Matthías Jochumsson.....	17
2.3 Páll Sigurðsson	23
2.4 Þórhallur Bjarnarson.....	26
2.5 Samanburður á frjálsslyndum guðfræðingum fyrstu kynslóðar	30
3 Önnur kynslóð frjálsslyndra guðfræðinga	33
3.1 Jón Helgason.....	33
3.1.1 Guðfræði Jóns Helgasonar	36
3.2 Haraldur Níelsson.....	42
3.2.1 Haraldur Níelsson og spíritisminn.....	45
3.2.2 Guðfræði Haraldar Níelssonar	47
3.4 Samanburður á frjálsslyndum guðfræðingum annarrar kynslóðar	51
4 Þriðja kynslóð frjálsslyndra guðfræðinga	53
4.1 Magnús Jónsson	53
4.2 Ásmundur Guðmundsson	57
4.2.1 Guðfræði Ásmundar Guðmundssonar.....	59
4.3 Samanburður á frjálsslyndum guðfræðingum þriðju kynslóðar	61
6 Niðurstöður	63
Heimildaskrá	66

Inngangur

Í BA ritgerð minni í guðfræði ritaði ég um tvo presta sem telja má íhaldssama hvað guðfræðihugmyndir varðar, þá Sigurð Stefánsson (1854–1921) í Ögurþingum og Bjarna Þorsteinsson (1861–1938) á Siglufirði. Að því loknu kviknaði áhugi minn fyrir frjálsslyndu guðfræðinni. Í þessari ritgerð ætla ég því að rannsaka þá guðfræðistefnu sem Bjarni og Sigurður börðust gegn. Ég vildi þó taka annan pól í hæðina og fjalla ekki eingöngu um guðfræðinga sem voru á öndverðum meiði á þeirra dögum heldur langaði mig að taka fyrir sögu frjálsslyndu guðfræðinnar á Íslandi, allt frá því fyrstu frjálsslyndu guðfræðingar landsins komu fram.

Í sögu kristninnar á Íslandi er oft horft til eins tímabils þar sem miklar trúardeilur hafi átt sér stað. Er þá vísað til atburða sem flestir eru sammála um að hafi byrjað upp úr aldamótunum 1900. Á þessum tíma fór að bera á nýjum stefnum í trúmálum sem áttu eftir að breyta guðfræðiáherslum hér á landi til muna. Frjálsslynda guðfræðin fékk þar mesta byr undir vængina. Áhrifa hennar tók að gæta á síðari hluta 19. aldar hér á landi. Sú stefna hefur einnig verið nefnd nýguðfræðin og aldamótaguðfræðin en í þessari ritgerð verður notast við heitið frjálsslynd guðfræði þar sem hin heitin eru til þess fallin að úreldast. Stefnan var bæði ný og frjálsslynd í hugum þeirra sem fylgdu henni á Íslandi. Hugtakið frjálsslynd guðfræði er dregið af „Liberale Theologie“ sem er þýska fræðiheiti stefnunnar.¹ Hugtakið frjálsslynd guðfræði er á engan hátt fullkomið, enda virkilega gildishlaðið.

Megineinkenni frjálsslyndu guðfræðinnar var hvernig fylgjendur hennar beittu sögulegri gagnrýni bæði á kenningar kirkjunnar og Ritninguna alla. Talsmenn stefnunnar horfðu gagnrýnum augum til trúarjátninga, helgisiða og fastmótaðra hefða gamla samfélagsins.² Grunnildi frjálsslyndu guðfræðinnar voru bjartsýnar hugsjónir á möguleika mannsins með persónufrelsi í öndvegi. Hvað guðfræðihugmyndir varðar, var áhersla stefnunnar á persónulega trú og trúarsannfæringu.³

Þegar frjálsslynda guðfræðin kom fram var þróun í hugmyndafræði mannsins hraðari en nokkru sinni fyrr. Margir guðfræðingar sáu sér ekki annan leik á borði en að

¹ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð: Sjálfsmynd og staðleysur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014, bls. 305.

² Gunnar Kristjánsson, „Frjálsslynd guðfræði í nýju ljósi“, *Glíman sérrit* 2, 2010, bls. 13–27, hér bls. 15.

³ Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Frjálsslynda guðfræðin sem fulltrúi lútherskrar arfleifðar: Ritdómsritgerð“, *Ritröð guðfræðistofnunnar* 40/2015, bls. 68–77, hér bls. 72.

reyna að fylgja breytingum og laga guðfræðina að samtíma sínum og þeim hugmyndum sem honum fylgdu. Aðlögun þessi er ein af þremur algengum leiðum kirkna og trúfélaga til að bregðast við áreiti, hinar leiðirnar eru skerping og innhverfing.⁴ Með aðlögun reynir trúarstofnun að taka mið af umhverfi sínu. Ekki notuðustu allar trúarstefnur sem komu upp á 19. öldinni við þessa aðlögun. Þau trúarbrögð og stefnur sem beittu skerpingu afmörkuðu sig frá öðrum með því að leggja áherslu á sérstöðu sína. Minnihlutahópar urðu til þegar fólk reyndi að útiloka sig frá samfélaginu sem það áleit jafnvel fjandsamlegt í sinn garð.⁵ Hér vildi til að aðlögun varð fyrirferðarmikil og var frjálslýnda guðfræðin ein af þeim stefnum sem henni fylgdu.⁶

Áhrif frjálslýndu guðfræðinnar byrjuðu að berast til Íslands með nokkrum guðfræðingum seint á 19. öld. Það var í kringum 1870 sem Matthías Jochumsson (1835–1920) vígðist til prests í Kjalarnesþingum og upp úr því tók að bera á frjálslýndum guðfræðiviðhorfum hans. Þeim hafði hann kynnst í Kaupmannahöfn og á Englandi. Páll Sigurðsson (1839–1887) prestur var góður vinur Matthíasar og var hann ekki síður frjálslýndur ef marka má prédikunarsafn hans sem var gefið út 1894. Það var af þessum sökum sem oft hefur verið litið til þeirra sem forfeðra frjálslýndu guðfræðinnar á Íslandi.⁷ Það var svo upp úr aldamótunum 1900 sem stefnan tók að ryðja sér verulega til rúms á Íslandi. Margir af áhrifamestu kirkjuleiðtogum landsins aðhylltust frjálslýndu guðfræða og má þar nefna Þórhall Bjarnarson (1855–1916), Harald Níelsson (1868–1928) og Jón Helgason (1866–1942). Þeir Haraldur og Jón voru í fyrstu harðir andstæðingar stefnunnar en tóku síðar sinnaskiptum og urðu helstu fylgismenn frjálslýndu guðfræðinnar hér á landi.⁸ Þessir menn og margir aðrir fylgjendur stefnunnar áttu eftir að setja mark sitt á samfélagið og má í raun og veru segja að þarna hafi verið um sannkallaða aldamótamenn að ræða.

Frjálslýnda guðfræðin lifði góðu lífi á Íslandi fyrstu áratugi 20. aldarinnar, þó ávallt hafi heyrst í andstæðingum hennar. Stefnan hafði sterka stöðu á landinu sérstaklega í ljósi þess að biskup Íslands og kennarar, fyrst við Prestaskólann og síðar

⁴ Hjalti Hugason, „Trúarbrögð og trúarstofnanir í upphafi 21. aldar: Hlutverk og áskoranir“, *Ritröð guðfræðistofnunar* 35/2012, bls. 59–93, hér bls. 79

⁵ Sama rit, bls. 79

⁶ Sama rit, bls. 82 og 83.

⁷ Gunnar Kristjánsson, „Jón Helgason og frjálslýnd guðfræðin“, *Gunnar Kristjánsson*, 6. nóvember 2016, sótt 29. mars 2017 af <https://gunnarkristjansson.net/ritgerdir-og-greinar/>, bls. 4.

⁸ Pétur Pétursson, „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar: Guðmundur Hannesson lækni gegn guðfræðingunum Jóni Helgasyni og Haraldi Níelssyni“, *Ritröð guðfræðistofnunar*, 23/2006, bls. 155–172, hér bls. 155.

guðfræðideild Háskóla Íslands voru flest allir fylgismenn frjálslyndu guðfræðinnar. Það var svo upp úr síðari heimsstyrjöldinni sem allt benti til þess að sennilega yrði frjálslynda guðfræðin ekki ríkjandi stefna hér á landi áfram, frekar en annars staðar í heiminum þar sem fylgi stefnunnar hafði hrunið.

Talað hefur verið um að ákveðin tímamót hefðu orðið í frjálslyndri guðfræði 1959. Þá lét Ásmundur Guðmundsson (1888–1969) af embætti sem síðasti biskupinn sem fylgdi frjálslyndu guðfræðinni og Sigurbjörn Einarsson (1911–2008) tók við sem harður andstæðingur stefnunnar.⁹ Þrátt fyrir þennan vendipunkt er ekki þar með sagt að frjálslynda guðfræðin hafi þurrkast út. Stefnan lifir enn þá góðu lífi þar sem hér fyrirfinnast menn sem aðhyllast frjálslyndu guðfræðinni en stefnan var þó ekki jafn viðurkennd eftir biskupaskipti. Sigurbjörn beitti annarri aðferð en fylgismenn frjálslyndu guðfræðinnar, hann beitti svokallaðri innhverfingu. Með henni reyndi hann að byggja á kirkjulegum arfi og hefðum í helgihaldi og trúarlífi.¹⁰ Ljóst þykir að jafnvel þótt Sigurbjörn Einarsson hefði ekki komið fram á sjónarsviðið hafi framtíð frjálslyndu guðfræðinnar hér á landi ekki verið björt. Stefnan var að fjara út í nágrannalöndunum og var orðin algjör stöðnun innan stefnunnar. Margar af grunnstoðum frjálslyndu guðfræðinnar hurfu með breyttri heimsmynd 20. aldarinnar. Hugarfar og aðferðafræði þeirra frjálslyndu guðfræðinga sem voru í fremstu víglínu á þessum tíma hjálpaði heldur ekki fyrir stefnunni.¹¹

Í bók sinni *Trú, von og þjóð; Sjálfsmynd og staðleysur*, skiptir Sigurjón Árni Eyjólfsson (f. 1957) tímabilinu frá því frjálslynda guðfræðin ruddi sér til rúms og að biskupskjöri Sigurbjörns Einarssonar í þrjú tímabil eða öllu heldur þrjár kynslóðir.¹² Þetta hafði ekki verið gert með tímabil frjálslyndu guðfræðinnar hér á landi áður. Skipting hans ræðst að öllu leyti af guðfræðihugmyndum þeirra sem teknir eru fyrir hverju sinni. Í þessari ritgerð verður unnið áfram með hugmynd Sigurjóns Árna um kynslóðaskiptingu. Skiptingin verður þó með öðru sniði hér þar sem mörk kynslóðanna eru önnur og auk þess verður farið lengra til baka í þessari ritgerð en Sigurjón gerði í sinni umfjöllun. Þannig verða teknir fyrir frjálslyndir guðfræðingar sem komu fram á undan þeirri kynslóð sem Sigurjón telur vera fyrstu kynslóð frjálslyndra guðfræðinga á

⁹ Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan í keng: Hugleiðingar um þróun íslensku þjóðkirkjunnar á tuttugustu öld“, *Andvari* 125/2000, bls. 69–80, hér bls. 73.

¹⁰ Hjalti Hugason, „Trúarbrögð og trúarstofnanir í upphafi 21. aldar“, bls. 81.

¹¹ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð*, bls. 423–424.

¹² Sama rit, bls. 408–411.

Íslandi. Það er gert til að sýna fram á að stefnan hafi verið komin hingað til lands fyrr en stundum hefur verið talið.

Í þessari ritgerð verður frjálslýndu guðfræðinni skipt upp í þrjár kynslóðir og verða teknir fyrir nokkrir guðfræðingar í hverri kynslóð fyrir sig, þeir menn sem voru mest í sviðsljósinu vegna sterkrar stöðu sinnar innan þjóðkirkjunnar og höfðu í kjölfarið áhrif á komandi kynslóðir. Þannig verða hugmyndir þeirra láttnar endurspegla hvert tímabil fyrir sig. Rétt er að geta þess að aðferð þessi er einkum hentug til að skapa yfirlit yfir sögu frjálslýndu guðfræðinnar hér á landi. Þannig verður leitast við að kanna hvenær, hvernig og hvers vegna stefnan barst hingað til lands, hverjir voru það sem komu með hana til landsins og í framhaldi að því hverjir voru helstu talsmenn hennar og hvernig móttökur stefnan fékk. Auk þess verða eftirfarandi rannsóknarspurningum svarað: Hvernig stóð á því að frjálslýnda guðfræðin náði lykilstöðu í íslensku þjóðkirkjunni? Hvaða guðfræðilegar áherslubreytingar má sjá milli hinna þriggja kynslóða frjálslýndra guðfræðinga?

Þó nokkuð hefur verið fjallað um frjálslýndu guðfræðina á Íslandi. Þær greinar og bækur sem um ræðir fjalla ekki um efnið með sömu áherslum. Hér á undan hefur Sigurjón Árni Eyjólfsson verið nefndur til sögunnar en hann ásamt dr. Gunnari Kristjánssyni (f. 1945), hafa skrifað manna mest um frjálslýndu guðfræðina hér á landi.

Í fyrsta kaflanum verður gerð grein fyrir aðdraganda frjálslýndu guðfræðinnar á Íslandi allt frá Upplýsingartímanum. Leitast verður við að varpa ljósi á íslenskt samfélag og íslenskt trúarlíf frá því um aldamótin 1800 og þar til frjálslýnda guðfræðin kemur fram af fullum þunga.

Í öðrum kafla verða teknir fyrir fjórir menn sem voru hluti af fyrstu kynslóð frjálslýndra guðfræðinga hér á landi. Það eru þeir Magnús Eiríksson (1806–1881), Matthías Jochumsson, Páll Sigurðsson og Þórhallur Bjarnarson. Hugmyndir þeirra verða skoðaðar í sambandi við breytta heimsmynd og sem áhrifavaldar fyrir komandi kynslóðir frjálslýndra guðfræðinga.

Í þriðja kafla verður önnur kynslóð frjálslýndra guðfræðinga skoðuð. Þar verður varpað ljósi á guðfræðihugmyndir Jóns Helgasonar og Haraldar Níelssonar fyrstu kennarar guðfræðideildar Háskóla Íslands. Ástæða þess að þeir eru teknir fyrir í þessari kynslóð er sú að þeir voru ugglaut meðal áhrifamestu guðfræðinga 20.

aldarinnar á Íslandi. Sýnt verður hvernig þeim tókst með stöðu sinni að koma hugmyndum sínum á framfæri til komandi kynslóða guðfræðinga hér á landi.

Í fjórða kafla verða teknir fyrir þeir Magnús Jónsson (1887–1958) og Ásmundur Guðmundsson, vegna sterkrar stöðu þeirra innan þjóðkirkjunnar. Sérstaklega verður skoðað hvers vegna þeir aðhylltust frjálsslyndu guðfræðina með því að reyna komast að því hverjir hafi verið þeirra helstu áhrifavaldar. Auk þess verður varpað ljósi á það hvort þeir hafi nýtt stöðu sína við guðfræðideild Háskólans til að koma frjálsslyndum guðfræðihugmyndum sínum áfram.

1 Aðdragandi frjálslyndrar guðfræði á Íslandi

Það er á reiki hvenær eðlilegt sé að marka upphaf upplýsingartímans á Íslandi. Oftast hefur verið miðað við stofnun Landsnefndar fyrri 1770 í stjórnskipulegu tilliti.¹³ Upplýsingartíminn stóð lengur yfir hér á landi en annars staðar í Evrópu, meðal annars fyrir tilstilli Magnúsar Stephensen (1762–1833) dómstjóra landsyfirréttar.¹⁴ Á fyrri hluta upplýsingartímabilsins, fyrir og um aldamótin 1800 áttu töluverðar breytingar sér stað innan kirkjunnar hér á landi. Hin fornu biskupsdæmi voru þá sameinuð ásamt stólsskólunum.¹⁵ Það má því segja að fyrstu áhrif upplýsingarinnar á sviði kirkjumála hafi verið breytingar á skipulagi en ekki kristnihaldinu sem slíku. Þess ber þó að geta að aðal ástæða þessa niðurskurðar var engin önnur en fjárhagsvandræði biskupsstólanna.¹⁶ Róttækar breytingar á guðfræði urðu aldrei miklar hér á landi fyrir tilstilli upplýsingarinnar öfugt við nágrannalöndin.¹⁷ Sem dæmi má þó nefna að Árni Helgason (1777–1869) í Görðum samdi Helgidaga Prédikanir undir áhrifum upplýsingarstefnunnar sem komu fyrst út 1822 og síðar í endurbættri útgáfu 1839.¹⁸ Ástæður þess hve litlar breytingarnar urðu, voru margvíslegar, rétttrúnaðurinn hafði sterka stöðu meðal almennings, tímaskeið stefnunnar í guðfræðilegum efnum var stutt hér á landi auk þess sem upplýsingin einkenndist af alþjóðahyggju sem gekk illa upp fyrir íslenskt samfélag.¹⁹ Helst bar á íhaldssamari afbrigðum upplýsingarguðfræði á Íslandi og að miklu leyti vegna guðfræðikennara Bessastaðaskóla á fyrri hluta 19. aldar.²⁰

Árið 1801 kom út ný sálmaþók á Íslandi.²¹ Bókin fékk snemma viðurnefnið Leirgerður sem átti eftir að festast við hana. Það var Magnús Stephensen sem bar að mestu ábyrgð á útgáfu bókarinnar. Magnús var þeirrar skoðunar að ný sálmaþók þyrfti

¹³ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk Kirkjusaga*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2012, bls. 195

¹⁴ Sama rit, bls. 208.

¹⁵ Hjalti Hugason, „Guðfræði og trúarlíf“, *Upplýsingin á Íslandi: Tíu ritgerðir*, ritstj. Ingi Sigurðsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990, bls. 119–148, hér bls. 119.

¹⁶ Sama rit, bls. 119.

¹⁷ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 11–195, hér bls. 17.

¹⁸ Jón Helgason, „Finn Tulinius. Árni Helgason og hans Helgidaga Prédikanir“, *Skírnir* 114/1940, bls. 217–220, hér bls. 219.

¹⁹ Hjalti Hugason, „Guðfræði og trúarlíf“, bls. 143–144.

²⁰ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 17 og Hjalti Hugason, „Guðfræði og trúarlíf“, bls. 146.

²¹ Hún fékk hið langa nafn *Evangelisk-kristileg Messu - saungs og Sálma-Bók, ad konung-legri tilhlutun samantekin til almennilegrar brúknar í Kirkjum og Heima - húsum og útgefin af því konunglega Íslenska Lands Uppfræðingar Félagi*.

að fela í sér miklar breytingar. Hann taldi þó að það þyrfti að fara einhvern milliveg og halda í sumar hefðir.²² Á endanum var niðurstaðan sú að byggja nánast alfarið á sama grunni og gert hafði verið í Danmörku. Þannig hvarf ríkjandi uppbygging messunnar í fasta og óhefðbundna liði og eitt fast form komst á.²³

Andóf gegn upplýsingarstefnunni hér á landi má fyrst sjá í skrifum Ebenezer Hendersonar (1784–1858) eftir dvöl hans á Íslandi 1814–1815.²⁴ Jón Jónsson lærði (1759–1846) prestur í Grundarþingum í Eyjafirði hóf með hjálp Hendersonar útgáfu smárita gegn upplýsingarguðfræðinni sem einkenndust af píetisma.²⁵ Í kjölfar útgáfunnar fóru fleiri að taka undir hugmyndir Jóns og má þar meðal annars nefna Jón Espólín (1769–1836) sýslumann í Skagafirði. Espólín gagnrýndi upplýsingarguðfræðinga fyrir sjálfsdýrkun og í kjölfarið fóru þau litlu áhrif sem upplýsingartíminn hafði á íslenska guðfræði dvínandi. Þá urðu ákveðnar áherslubreytingar í hugmynda- og menningarsögu Íslendinga á sama tíma og þjóðernishyggja tók að eflast.²⁶

Stefna sem kallast nýréttrúnaður varð áberandi meðal áhrifamanna í Danmörku á fjórða áratug 19. aldar. Þar leituðu menn aftur í hefðbundnar hugmyndir rétttrúnaðarins en voru um leið undir áhrifum upplýsingartímans og rómantikurinnar. Áherslurnar voru þannig ólíkar gamla rétttrúnaðinum þar sem einstaklingurinn var í öndvegi og trúarleg tilfinning og innsæi einkenndu stefnuna.²⁷ Íslenskir menntamenn í Kaupmannahöfn hrifust af nýréttrúnaðinum og reyndu að koma honum að hér á landi. Þar á ferðinni voru Fjölismenn með Tómas Sæmundsson (1807–1841) fremstan í flokki. Var útgáfa þeirra á bók J. P. Mynsters (1775–1854) *Sjálandsbiskups, Hugleiðingar um höfuðatriði kristinnar trúar*,²⁸ mikil tímamót fyrir stefnuna hér á landi.²⁹

Pétur Pétursson (1808–1891) síðar biskup var nátengdur inn í hóp Fjölismanna. Hann gaf út húslestrabók 1856 sem náði miklum vinsældum um allt land auk þess var hann prestaskólakennari. Hann hafði því með stöðu sinni mótandi áhrif á guðfræði síðari hluta 19. aldar. Pétur var fylgjandi nýréttrúnaðinum og báru hugvekjur

²² Kristján Valur Ingólfsson, „Baksviðsleikur við útgáfu sálmabókar íslensku þjóðkirkjunnar 1801“, *Ritröð guðfræðistofnunnar*, 15/2005, bls. 98–109, hér bls. 104.

²³ Sama rit, bls. 107–108.

²⁴ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk Kirkjusaga*, bls. 211.

²⁵ Sama rit, bls. 211.

²⁶ Hjalti Hugason, „Guðfræði og trúarlíf“, bls. 121.

²⁷ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 24–25.

²⁸ Mynster, Jacob Peter, *Hugleiðingar um höfuðatriði kristinnar trúar*, Kaupmannahöfn: Þorgeir Guðmundsson, 1839.

²⁹ Hjalti Hugason, „Guðfræði og trúarlíf“, bls. 143.

hans þess vott. Í þeim boðaði hann umburðarlyndi, von og kærleika og lítið sem ekkert var að finna um hinar gömlu kenningar um endurgjald og refsingu.³⁰ Í guðfræði Péturs var sterka tvíhyggju að finna.³¹ Auk þess hafa verið greind áhrif frá þróunarhyggju og einstaklingshyggju, þannig er hægt að færa rök fyrir því að guðfræði sem Pétur aðhylltist hafi verið hálfgerð millistig fyrir frjálslyndu guðfræðina.³²

Hvað kirkjumál varðar, urðu ákveðnar breytingar hér á landi upp úr miðri 19. öld. Kirkjusóknarskylda var lögð af 1855 og húsagatilskipunin 1866.³³ Ýmsar greinar innan kristindómsins voru gagnrýndar meðal annars frá Magnúsi Eiríkssyni en það verður fjallað um síðar. Allt passaði þetta við skynsemishyggju sem varð allsráðandi á síðust áratugum 19. aldar.³⁴ Bjartsýni skynsemishyggjunnar litaði íslenskt þjóðfélag þó nokkuð á þessum tíma. Þannig var áherslan á möguleika mannsins, mátt vísindanna og algild lögmál. Það kom sérstaklega fram á sjöunda áratug 19. aldar, í kjölfarið á útgáfu tveggja bóka. *Um frelsið* eftir J. S. Mill (1806–1873) og *Uppruni tegundanna* eftir Charles Darwin (1808–1892). Þessar bækur höfðu hvor um sig áhrif sem varð til þess að trúarefi varð fyrirferðameiri í samfélaginu.³⁵ Á 9. áratug kom raunsæisstefnan fram á Íslandi. Helstu fulltrúar stefnunnar voru skáldin sem gáfu út *Verðandi* 1882.³⁶ Á þessum tíma var kirkjan ekki aðeins gagnrýnd innan frá í uppbyggilegu skyni heldur átti hin kristna lífssýn að víkja fyrir nýrri og raunsærri vísindalegri lífssýn.³⁷ Í kjölfarið fór að bera meira á greinum í blöðum sem gagnrýndu trúna.

Guðfræði og kristin trú áttu undir miklu höggi að sækja. Það varð flest öllum ljóst að breytingar þyrftu að eiga sér stað. Það var ekki hægt að beita gömlu aðferðunum áfram þar sem þær voru á skjön við hina nýju þekkingu sem kom fram með hugmyndastraumum Upplýsingarinnar. Það virtist ekki vera bjart útlit fyrir trúmál, annað hvort þyrfti að hafna kristinni trú eins og hún birtist eða reyna halda fast í hana óbreytta og hafna mörgu af því sem hin nýja þekking hafði fram að færa. Þriðja leiðin varð þó einnig til. Með henni vildu guðfræðingar sameina trú og vísindi. Sums staðar yrðu kenningar kirkjunnar að víkja undan því sem vísindin áttu að hafa sannað. Annars

³⁰ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 26.

³¹ Gunnar Kristjánsson, „Húspostilla Péturs Péturssonar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 37–39, hér bls. 37.

³² Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 26.

³³ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk Kirkjusaga*, bls. 224.

³⁴ Sama rit, bls. 225.

³⁵ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, bls. 40.

³⁶ Sama rit, bls. 43.

³⁷ Sama rit, bls. 43.

staðar vildu menn halda fast í það sem kirkjan hafði fram að færa. Frjálslynda guðfræðin kom því fram sem ákveðin sáttasemjari. Það má því segja að frjálslyndi verði til bæði hér á landi og á meginlandi Evrópu í kjölfar upplýsingarinnar. Áhrifin voru þó lengur að koma fram á Íslandi. Þannig kemur frjálslynda guðfræðin fram sem andsvar við þeim miklu breytingum sem voru að eiga sér stað í heiminum.³⁸

³⁸ Pétur Pétursson, „Frelsi landanna“ Nýja guðfræðin og þjóðfrelsisbarátta Íslendinga í upphafi 20. aldar“, *Rannsóknir í Félagsvísindum VII*, itstj. Úlfar Hauksson, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, bls. 149–160, hér bls. 149.

2 Fyrsta kynslóð frjálslyndra guðfræðinga

Magnús Eiríksson, Matthías Jochumsson, Páll Sigurðsson og Þórhallur Bjarnarson eru þeir guðfræðingar sem fjallað verður um innan fyrstu kynslóðar frjálslyndra guðfræðinga. Starfsævi þeirra nær yfir tímabil sem var langt því frá að vera einsleitt og aðstæður þeirra til að koma hugmyndum sínum á framfæri voru samhliða því misgóðar. Til þessa hefur verið litið svo á að Magnús Eiríksson, Matthías Jochumsson og Páll Sigurðsson geti ekki talist til fyrstu kynslóðar frjálslyndra guðfræðinga. Þeim hefur frekar verið stillt upp sem forfeðrum stefnunnar hér á landi. Hér verður þó sýnt fram á, út frá hugmyndum þeirra og ritverkum að réttara væri að telja þá til fyrstu kynslóðar frjálslyndra guðfræðinga. Ástæðan fyrir því að Þórhallur Bjarnarson var staðsettur innan þessarar kynslóðar er sú að hugmyndir hans áttu meiri samleið með fyrstu frjálslyndu guðfræðingunum heldur en þeim sem teknir eru fyrir í annarri kynslóð.

2.1 Magnús Eiríksson

Magnús Eiríksson fæddist á Skinnalóni á Melrakkaslétu í Norður Þingeyjarsýslu 1806. Foreldrar hans voru þau Eiríkur Grímsson (1770–1813) bóndi og Þorbjörg Stefánsdóttir (1786–1841) húsfreyja.³⁹ Magnús fékk ungur mikinn áhuga á Biblíunni og biblíuskýringum sem hélt sér alla tíð. Magnús útskrifaðist úr Bessastaðaskóla 1829, að því loknu hafði hann hug á að fara í Hafnarháskóla en skorti fjármagn. Hann fór því að starfa hjá Lorentz Angel Krieger (1797–1838) stiftamtmani. Krieger virðist hafa heillast svo af Magnúsi og áhuga hans að hann styrkti hann til að halda utan í frekara nám 1831.⁴⁰ Þegar í háskólann í Kaupmannahöfn var komið var það Henrik Nicolai Clausen (1793–1877) prófessor sem hafði lang mest áhrif á hugmyndir hans. Clausen var frjálslyndur guðfræðingur og þótti djarfur í ritum sínum.⁴¹ Hann ólst upp undir handarjaðri skynsemistrúarinnar en faðir hans var málsvari stefnunnar í Danmörku.⁴²

³⁹ Gerhard Schreiber og Jon Stewart, „Magnús Eiríksson. A Forgotten Contemporary of Kierkegaard“, Google Books, 2017, sótt 20. mars af https://books.google.is/books?id=6ixxDgAAQBAJ&printsec=frontcover&dq=Magn%C3%BAs+Eir%C3%ADksson.+A+Forgotten+Contemporary+of+Kierkegaard&hl=is&sa=X&redir_esc=y#v=onepage&q=Magn%C3%BAs%20Eir%C3%ADksson.%20A%20Forgotten%20Contemporary%20of%20Kierkegaard&f=false, bls. 1.

⁴⁰ Hafsteinn Pétursson, „Magnús Eiríksson“, *Merkir Íslendingar: Ævisögur og minningargreinar V*, ritsj. Þorkell Jóhannesson, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1951, bls. 315–344, hér bls. 316.

⁴¹ Eiríkur Albertsson, *Magnús Eiríksson: Guðfræði hans og trúarlíf*, Reykjavík: höfundur, 1938, bls. 21.

⁴² Sama rit, bls. 30.

Friedrich Schleiermacher (1768–1834) var einn af lærifeðrum hans og ljóst að áhrif hans voru meiri á Clausen en faðir hans hafði.⁴³

Magnús útskrifaðist úr Hafnarháskóla 1837 með lofseinkunn. Í kjölfarið vann hann að mestu fyrir sér sem kennari og rithöfundur, ásamt því að leiðbeina ungum guðfræðingum.⁴⁴ Þannig hélt hann guðfræði iðkun sinni við. Magnúsi bauðst þó að koma til Íslands þar sem hann var nánast gjaldþrota upp úr 1850. Helgi Thordersen (1794–1867) biskup dvaldist í Kaupmannahöfn veturinn 1855–1856 og reyndi hann þá að sannfæra Magnús um að sækja um laust embætti á Íslandi. Magnús gat þó ekki hugsað sér að starfa sem prestur þar sem honum fannst kenningar kirkjunnar og Krists ekki passa saman.⁴⁵ Samviska hans gat því ekki leyft honum að gerast prestur.⁴⁶

Magnús hafði algjöra sérstöðu á einu sviði sem frjálslýndur guðfræðingur. Hann vildi skera allt það í burtu úr ritningunni sem hann hugði vera rangt. Þannig vildi hann hreinsa trúna svo hún gæti verið mannshuganum máttarlind.⁴⁷ Guðfræði Magnúsar var á vissan hátt einstök. Hann fylgdi kenningum ákveðinna hópa, eftir því sem honum hentaði. Þó svo að hann hafi ekki verið samdóma nokkrum trúarhópi gat hann með engu móti kastað frá sér trúnni. Hann var skynsemistrúarmaður og tók ýmislegt frá kenningum únítara. Hann var mikill trúmaður og ekki síður róttækur en aðrir guðfræðingar.⁴⁸ Réttara væri þó að kalla hann frjálslýndan guðfræðing þó svo að hann taki undir með nokkrum kenningum únítara þar sem hann heimfærði Messíasarhugtakið á Jesú.⁴⁹ Annars virðist Magnús hafa verið ósáttur með hvernig kristnin var orðin af trúarbrögðum Páls postula frekar en Jesú Krists.⁵⁰ Magnús lagði alla tíð áherslu á að trúa eins og barn, með því átti hann við að maðurinn ætti að trúa samkvæmt tilfinningu sinni en ekki bókstafnum.⁵¹

Hann virðist þó hafa orðið frjálslýndari með hverju árinu sem leið og setti sig fljótleg upp á móti þeirri stefnu sem var ríkjandi í Danmörku á þessum tíma. Í gagnrýni

⁴³ Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk Kirkjusaga*, bls. 217.

⁴⁴ Jón Helgason, *Kristnisaga Íslands frá öndverðu til vorra tíma: Kristnihald þjóðar vorrar eftir siðaskifti*, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1927, bls. 329.

⁴⁵ bls. 124.

⁴⁶ Eiríkur Albertsson, *Magnús Eiríksson*, bls. 136.

⁴⁷ Sama rit, bls. 150.

⁴⁸ Sama rit, bls. 325.

⁴⁹ Sama rit, bls. 332.

⁵⁰ Ævar Kjartansson, „Var Magnús Eiríksson siðbótarmaður? Nokkur atriði í gagnrýni hans á þróun kristindómsins“, hjá höfundi, bls. 12.

⁵¹ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir: Saga Matthíasar Jochumssonar*, Reykjavík: JPV, 2006, bls. 362.

sinni var Magnús harðorður á þá menn sem voru ekki sammála honum. Hann taldi nauðsynlegt að hlífa engum. Hann vildi ekki bara afsanna þær kenningar sem töluðu gegn frjálsslyndi hans heldur þjarma að þeim sem héldu þessum kenningum á lofti.⁵²

Magnús gaf út fjöldann allan af ritum um kristindóm og trú. Ritum Magnúsar var ekki tekið vel af öllum, hvorki á Íslandi né á hinum Norðurlöndunum. Ekkert af ritum hans seldist upp og þurfti hann að kosta flest þeirra sjálfur.⁵³ Sumir vildu jafnvel að setja ætti mann með þessar skoðanir í fangelsi fyrir Guðs hatur og trúarníð.⁵⁴ Magnús Einarsson (1795–1876) bóndi í Skáleyjum í Breiðafirði taldi sig t.a.m. þurfa að skrifa rit til að gagnrýna bók nafna síns. Þar fór hann hörðum orðum um Magnús Eiríksson og rit hans um Jóhannesarguðspjall. Hann gekk meira að segja svo langt að kalla bækur Magnúsar Eiríkssonar andlega pest í kristninni.⁵⁵ Kapólsku prestarnir á Íslandi skrifuðu einnig harðorða gagnrýni á rit Magnúsar um Jóhannesarguðspjallið. Magnús brást við þeirri gagnrýni 1868 með riti sem hann svaraði gagnrýni prestanna jafnvel þótt að hann teldi hana stundum ekki þess verða. Þó voru hér á landi menn eins og Matthías Jochumsson sem álitu hann vera stórmenni, frábæran rithöfund og guðfræðing.⁵⁶

Það er því ljóst að Magnús virðist hafa verið langt á undan öðrum Íslendingum og því óhætt að fullyrða að kenningar hans og trú hafi ekki haft mikil áhrif strax á framvindu mála hér á landi.⁵⁷ Magnúsi tókst að koma einhverjum áhrifum heim til Íslands, þá einna helst í samskiptum við Matthías Jochumsson. Ljóst er að Matthías leit upp til Magnúsar og eftir för Matthíasar til Kaupmannahafnar 1871 skrifuðust þeir á um trúmál. Svo virðist sem Matthías hafi tekið vel í hugmyndir Magnúsar og höfðu þær eflaust hjálpað Matthíasi við að endurskoða guðfræðihugmyndir sínar.⁵⁸ Skemmst er frá því að segja að Magnús snéri aldrei aftur til Íslands ef undan er skilin heimsókn hans eftir að hann lauk guðfræðináminu 1838. Í raun og veru er ótrúlegt hversu mikið gagnrýni hans á kenningar kirkjunnar voru í takt við gagnrýni komandi kynslóða frjálsslyndra guðfræðinga.

⁵² Eiríkur Albertsson, *Magnús Eiríksson*, bls. 44 og 46.

⁵³ Gerhard Schreiber og Jon Stewart, „Magnús Eiríksson“, bls. 7.

⁵⁴ Jón Helgason, *Kristnisaga Íslands frá öndverðu til vorra tíma*, bls. 329.

⁵⁵ Magnús Einarsson, *Nokkrar athugasemdir, gegn Magnúsi Eiríkssyni M. FL.*, Akureyri: höfundur, 1867, bls. 11.

⁵⁶ Eiríkur Albertsson, *Magnús Eiríksson*, bls. 351.

⁵⁷ Jón Helgason, *Kristnisaga Íslands frá öndverðu til vorra tíma*, bls. 328.

⁵⁸ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 96.

2.2 Matthías Jochumsson

Matthías Jochumsson fæddist á Skógum í Þorskafirði 1835. Móðir hans var Þóra Einarsdóttir (1808–1878) húsfreyja og faðir hans Jochum Magnússon (1806–1889) bóndi. Fjölskylda Matthíasar lifði við allgóð kjör en eins og búast má við á þessum tíma var mikið um mótlæti í æsku Matthíasar.⁵⁹ Matthías virðist snemma hafa átt í uppgjöri við sumar kennisetningar kirkjunnar og sagist frá fermingaraldri hafa haft óbeit á hinum „[...] gamla kirkjuaga.“⁶⁰

Árið 1856 hélt Matthías í fyrstu utanför sína og var ferðinni heitið til Kaupmannahafnar en utanferðir hans áttu eftir að vera 11 samtals.⁶¹ Matthías virðist hafa verið fljótur að kynnast mörgum Íslendingum í borginni. Hann átti í miklum samskiptum við Jón „forseta“ Sigurðsson (1811–1880) og hjálpaði Jón honum að koma undir sig fótunum í borginni. Síðar kynntist Matthías, Magnúsi Eiríkssyni sem átti allar götur síðan eftir að hafa mikil áhrif á Matthías. Þegar Matthías kom heim úr fyrstu ferðinni að utan, sem hafði verið veturlöng, dreymdi hann um að mennta sig frekar. Hann hafði numið bæði ensku og þýsku í Kaupmannahöfn og átti það síðar eftir að hjálpa honum við að komast inn í Lærða skólann.⁶²

Þegar heim var komið fór Matthías í læri hjá Brynjólfi Benedictsen (1807–1870) í Flatey. Brynjólfur þótti frjálsslyndur í trúarskoðun og sagði Matthías að Brynjólfur hefði haft mikil áhrif á skoðanir sínar á kristindóminum.⁶³ Hjá Brynjólfi laskaðist endanlega gamli rétttrúnaðurinn sem hann hafði alist upp við.⁶⁴ Matthías sinnti náminu af mikilli kostgæfni og notaði stundum 17–18 klukkustundir á dag við lestur á grísku sem átti eftir að hafa varanleg áhrif á heilsu hans.⁶⁵ Að loknum tveimur árum til undirbúnings náms í Lærða skólanum fór Matthías suður til að þeyta inngöngupróf í Lærða skólann.

Matthías var orðinn 24 ára þegar hann kom til Reykjavíkur, sex árum eldri en reglur sögðu til um að nemendur mættu vera þegar þeir hæfu nám. Inntökuprófið gekk vel og var hann tekinn inn í 3. bekk.⁶⁶ Eftir útskrif hafði Matthías hug á að fara í

⁵⁹ Gunnar Kristjánsson, „Maður á mörkum: Um séra Matthías Jochumsson“, *Gunnar Kristjánsson*, nóvember 2006, sótt 8. apríl af <https://gunnarkristjansson.net/ritgerdir-og-greinar/>, bls. 2.

⁶⁰ Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, Reykjavík: Þorsteinn Gíslason, 1922, bls. 119.

⁶¹ Gunnar Kristjánsson, „Maður á mörkum“, bls. 3.

⁶² Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 92 og 101.

⁶³ Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, bls. 118–119.

⁶⁴ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 106.

⁶⁵ Sama rit, bls. 109.

⁶⁶ Sama rit, bls. 119.

Hafnarháskóla en skorti fjármagn. Brynjólfur hafði stutt Matthías í Lærða skólanum, Matthías vildi hins vegar ekki biðja hann um að gera það áfram. Hann tók þá ákvörðun að fara í Prestaskólann sem var bæði styttra og ódýrara nám.⁶⁷ Matthías virðist hafa séð eftir því alla tíð að hafa ekki reynt að komast í háskólanám en eflaust hafði hann aðeins um tvennt að velja, læknisfræði eða guðfræði. Guðfræðin varð fyrir valinu eins og frægt er en jafnvel á meðan náminu stóð virðist Matthías hafa verið efins um hversu vel það ætti við hann að verða prestur.⁶⁸ Hann var alla tíð ósáttur með hversu lítið nám Prestaskólinn var og taldi sig illa undir það búin að sumu leyti að verða prestur.⁶⁹ Eftir útskriftina stundaði Matthías kennslu og kunni því illa.

Matthías var vígður til prests 1867 á hvítasunnu til Kjalarnesþinga og átti hann að þjóna Saurbæjarkirkju og Brautarholtskirkju í Reynivallaprestakalli.⁷⁰ Fljótlega eftir vígslu tóku sig upp efasemdir með honum um prestskapinn.⁷¹ Þegar Pétur Pétursson biskup afhenti honum prestaeiðinn til yfirlestrar að vígslu lokinni, áttaði Matthías sig strax á því að þennan eið myndi hann aldrei halda.⁷² Hann hætti ekki við en átti erfitt í glímuni við þær samviskuspurningar sem komu upp. Þjóðkirkjan og rétttrúnaður hennar var ekki rétti staðurinn fyrir hann. Hann hafði kynnst frjálsslyndum sjónarmiðum og fannst þau eiga betur við sig.⁷³

Árið 1871 fór Matthías til Englands og þaðan til Kaupmannahafnar. Í Kaupmannahöfn leitaði hann Magnús Eiríksson uppi.⁷⁴ Matthías fylgdi honum eftir á kirkjufund Norðurlanda þar sem Magnús ætlaði sér sjálfur að taka til máls.⁷⁵ Matthías fannst mikið til Magnúsar koma og það sem hann hafði fram að færa á fundinum um að rannsaka þyrfti tildrög og áreiðanleika fornu trúfræða kirkjunnar.⁷⁶ Í ferðinni hlýddi Matthías einnig á fyrirlestra George Brandes (1842–1927) sem „boðaði trú á rétt frjálsra rannsókna og sigur frjálsrar hugsunar.“⁷⁷

⁶⁷ Sama rit, bls. 169.

⁶⁸ Sama rit, bls. 171.

⁶⁹ Sama rit, bls. 170.

⁷⁰ Sama rit, bls. 202.

⁷¹ Gunnar Kristjánsson, „Maður á mörkum“, bls. 3.

⁷² Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 205.

⁷³ Gunnar Kristjánsson, „Maður á mörkum“, bls. 3.

⁷⁴ Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, bls. 112.

⁷⁵ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 247.

⁷⁶ Sama rit, bls. 248.

⁷⁷ Sama rit, bls. 252.

Matthías baðst lausnar frá prestskap 1873. Fyrr á tímum var litið svo á að hann hefði orðið afhuga prestskap. Í dag þykir það þó ljóst að hann hafi orðið að segja af sér vegna þess að hann hafði gerst sekur um legorðsbrot með Guðrínu Runólfsdóttur (1851–1923) í Saurbæ sem átti síðar eftir að verða eiginkona hans.⁷⁸ Eftir aflausn sína hélt Matthías til Englands. Þar dvaldist hann um tíma hjá Eiríki Magnússyni (1833–1913) háskólabókaverði.⁷⁹ Eiríkur sem var þekktur fyrir frjálslýndar trúarskoðanir tókst að útvega Matthíasi verustað í jaðri Lundúna hjá Robert Spears (1825–1899) presti únítara.⁸⁰ Matthías hafði áður kynnst ritum Williams Ellery Channing (1780–1842) en hann var helsti guðfræðingur únítara í Bandaríkjunum.⁸¹ Þannig var Matthías ekki alveg ókunnur hugmyndafræði Roberts Spears.

Matthías sagði sjálfur frá því síðar að þær fimm vikur sem hann dvaldist hjá Spears hafi verið örlagaríkasti tíminn í lífi hans. Spears hvatti Matthías til að boða kenningar únítara á Íslandi.⁸² Matthías tók á endanum ágætlega í þá hugmynd ef að þeir væru tilbúnir að styrkja hann við að kaupa blaðið *Þjóðólf* sem nýlega var komið á sölu.⁸³ Únítarar vildu að Matthías myndi stofna sjálfbæran söfnuð á Íslandi. Matthías sagðist engu geta lofað í þeim efnunum en myndi með útgáfunni a.m.k. undirbúa jarðveg Íslands fyrir öðrum skoðunum í trúmálum.⁸⁴ Únítarar styrktu að lokum Matthías fyrir kaupum á blaðinu og var Matthías orðinn eigandi *Þjóðólfs* er hann snéri heim til Íslands á vordögum 1874.

Ljóst er að únítarar litu alla tíð á Matthías sem trúboða þeirra jafnvel eftir að hann gerðist prestur aftur á Íslandi og segir í ársskýrslu Únítarasambandsins 1874 að Matthías hafi sagt brauði sínu lausu vegna þess að hann hafi snúist til únítara.⁸⁵ Matthías virðist hafa verið í sambandi við hreyfinguna alla tíð bæði skriflega og með því að fara til Englands nokkrar ferðir en únítarar styrktu hann einnig til ýmissa verka.⁸⁶

⁷⁸ Sama rit, bls. 261.

⁷⁹ Sama rit, bls. 274.

⁸⁰ Sama rit, bls. 276.

⁸¹ Sama rit, bls. 279.

⁸² Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, bls. 250–251.

⁸³ Sama rit, bls. 251.

⁸⁴ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 282.

⁸⁵ Sama rit, bls. 282.

⁸⁶ Sama rit, bls. 282.

Árið eftir kaupin á *Þjóðólfi* stofnaði Matthías, ásamt Þorláki Ó. Johnson (1838–1917), félag sem kallaðað var Sjómannaklúbburinn.⁸⁷ Hafa ber í huga að Þorlákur átti hugmyndina að félaginu. Við stofnun þess höfðu flestir prestar Reykjavíkur og biskup gerst félagar. Í fyrstu leit út fyrir að markmið félagsins væri að auka sjálfsmenntun hjá verkamönnum og sjómönnum.⁸⁸ Þegar líða tók á, fór Matthías þó að halda kristilegar ræður þar annan hvern sunnudag og reyndi þannig að opna augu manna fyrir hreinni og háleitri framtíð. Þannig boðaði Matthías það sem hann taldi vera göfugan og sannan kristindóm. Hann líkti fundum félagsins við fríkirkju og fann mikinn mótbyr með starfinu.⁸⁹ Ekkert gekk hins vegar hjá Matthíasi að fá kennara við Prestaskólann, né presta til að prédika á vegum klúbbsins.⁹⁰ Hann hélt þó ótrauður áfram og var áheyranda hópurinn oft hátt í 500 manns.⁹¹ ⁹² Eitthvað virðist neikvæð afstaða prestanna og umræður í blöðunum í kjölfarið hafa haft áhrif á Matthíasi. Hann fékk á endanum nóg og birti grein í *Þjóðólfi* um ástand kirkjunnar.⁹³ Þar sakaði hann presta um að skorta anda, fjör, félagsskap, áhuga og framkvæmdir. Hann vildi að Íslendingar myndu leita víðar en til Danmerkur til að endurnýja trúarlífið, þar sem kraft, frjálslyndi og alvöru trúarafl væri að finna.⁹⁴ Í þessari grein sést það bersýnilega hverjar guðfræðihugmyndir Matthíasar eru og skín frjálslynda guðfræðin í gegnum skrifin.

Útgáfa *Þjóðólfs* reyndist Matthíasi oft bras. Hann hafði ekki frjálsar hendur og var honum ekki ætlað að taka mikinn þátt í pólitík með útgáfunni. Upp úr 1880 var fjárhagsleg staða Matthíasar orðinn það slæm að hann hugðist sækja um brauð. Hann fékk veitingu fyrir Odda á Rangárvöllum þrátt fyrir frjálslyndu skoðanir sínar. Í kjölfarið seldi hann *Þjóðólfi* og virðist hann hafa verið feginn því að komast í burt frá Reykjavík.⁹⁵ Frá Odda heimsótti Matthías gjarnan vini sína og þá helst Pál Sigurðsson í Gaulverjabæ. Áhrifa frá Matthíasi virðist hafa gætt þegar Páll snéri baki við rétttrúnaðinum sem þá var enn alls ráðandi.⁹⁶

⁸⁷ Lúðvík Kristjánsson, *Úr heimsborg í Grjótaborp: Ævisaga Þorláks Ó. Johnson*, Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1962, bls. 184.

⁸⁸ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 337.

⁸⁹ Sama rit, bls. 343.

⁹⁰ Lúðvík Kristjánsson, *Úr heimsborg í Grjótaborp*, bls. 189–192.

⁹¹ Sama rit, bls. 196.

⁹² Þess ber að geta að félagið lagðist af á þriðja vetri starfseminnar.

⁹³ Matthías Jochumsson, „Prestaköllin og kirkjan“, *Þjóðólfi* 28:10/1876, bls. 45–48.

⁹⁴ Sama rit, bls. 47.

⁹⁵ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 352–354.

⁹⁶ Sama rit, bls. 404.

Árið 1889 birtist í *Fjallkonuna* grein eftir Matthías, þar sem honum fannst hann þurfa að skýra frá trúarskoðunum sínum.⁹⁷ Hann hafði verið gerður að athlægi í heimsókn sinni til Reykjavíkur eftir að grein sem birtist um hann í *Christian Life*, riti únítara á Bretlandi rataði til Íslands.⁹⁸ Þar sagðist Matthías prédika út frá anda Biblíunnar frekar en bókstaf hennar. Hann leit jafnframt svo á að únítarar og kenningar þeirra væru „[...] einu banamenn hins vísindalega guðleysis[...]“ sem hann þekkti.⁹⁹ Hann sagðist leggja áherslu á það guðlega í öllum, það væri ekki einungis opinberað í Jesú Kristi heldur opinberaðist „[...] dags daglega meir og meir hvar sem sannleiki og réttvísi eflist á jörðinni.“¹⁰⁰ Matthías gekk enn þá lengra og sagði „Dogmur og kreddur [fæddust] til að fölna og deyja.“ Hann bætti við og sagði að trúin ætti að vera lifandi lind eins og Jesús Kristur hefði kennt. Þannig yrðu menn að temja sér „[...] svo mikið frjálslýndi, að menntað fólk ekki fyrirliði kirkju og kennimenn“.¹⁰¹

Grein Matthíasar vakti þó nokkur viðbrögð, sem virðast þó ekki hafa komið sér illa fyrir Matthías. Ugglaut hefur sterk staða hans meðal almennings ráðið þar miklu. Hallgrímur Sveinsson (1841–1909) biskup sá ekki ástæðu til að ávíta Matthías fyrir skoðanir hans enda vissi hann sem var að nýir tímar væru fram undan og gagnrýni í líkingu við þá sem Matthías setti fram komin innan kirkjunnar í nágrennalöndunum.¹⁰² Matthías hefur ugglaut upplifað sig öruggan eftir að hafa birt jafn róttæka grein og raun bar vitni án þess að fá yfirvöld kirkjunnar upp á móti sér. Hann hélt því áfram á þeirri braut sem hann hafði rutt með grein sinni í *Fjallkonunni*. Matthíasi tókst þó að ganga of langt að mati Hallgríms með grein í *Norðurljósið* 1891.¹⁰³

Í greininni hvatti Matthías menn til að trúá vísindamönnunum en ef menn gerðu það ekki „[...] sakir þrályndis eða hjátrúar[...]“ ættu menn þó að trúá hinum ágætustu guðsmönnum, sem fordæmdu lærdóminn um eilífa útskúfun.¹⁰⁴ Hann vildi einnig að menn myndu hætta þeirri þröngsýni sem var einkennandi að hans mati. Á sama hátt vildi hann ekki að menn myndu óttast efann því hann væri óhjákvæmilegur.¹⁰⁵ Eftir

⁹⁷ Matthías Jochumsson, „Til vina minna í Reykjavík“, *Fjallkonan* 6:22/1889, bls. 85–86.

⁹⁸ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 481–482.

⁹⁹ Matthías Jochumsson, „Til vina minna í Reykjavík“, bls. 85.

¹⁰⁰ Sama rit, bls. 85.

¹⁰¹ Sama rit, bls. 86.

¹⁰² Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 484.

¹⁰³ Matthías Jochumsson, „Síra Havsteinn og síra Magnús Skaptason“, *Norðurljósið*, 6:16/1891, bls. 61–62.

¹⁰⁴ Sama rit, bls. 62.

¹⁰⁵ Sama rit, bls. 62.

útkomu greinarinnar sendi Hallgrímur biskup Matthíasi bréf. Í bréfinu spurði Hallgrímur, Matthías, hvort að það væri ekki skylda hans að segja af sér prestsembætti þar sem hann hefði farið gegn prestaeiðinum og Ágsborgarjátningunni.¹⁰⁶ Hann skipaði honum einnig að biðjast opinberlega afsökunar og taka aftur ummælin um kenningu kirkjunnar.¹⁰⁷

Matthías brást við hótunum biskups með grein í *Kirkjublaðinu* sama ár.¹⁰⁸ Þar baðst hann velvirðingar á að hafa getað valdið hneyksli í bráðræði. Hann lýsti því yfir að aðal tilgangur greinarinnar hefði verið „[...] að efla og auka álit og sóma þess kirkjufjelags, sem [hann teldi] sæmd og ávinning að þjóna, svo lengi sem [honum væri] gefið viðunanleg frelsi til að fylgja sannfæringu [sinni].“¹⁰⁹ Ljóst er á þessum skrifum að Matthías iðraðist ekki skrif sín og baðst í raun aldrei afsökunar á þeim, aðeins bráðræði sínu sem kom fram í greininni.¹¹⁰ Biskup tók afsökun Matthíasar góða og gilda en bað hann þó í framhaldinu að skrifa ekki eitthvað opinberlega sem gæti hneykslað rétttrúendur.¹¹¹ Á sama tíma reyndi Matthías að fá Þórhall Bjarnarson ritstjóra *Kirkjublaðsins* til að birta róttækan fyrirlestur en því neitaði Þórhallur.¹¹²

Á næstu árum átti Þórhallur þó eftir að birta nokkrar greinar eftir Matthías sem reyndi að fara sömu leið og Magnús Eiríksson hafði farið með því að leiðrétta trúarskilning með vísindalegri biblíurýni og einfalda hin kristna kjarna.¹¹³ Þessar greinar áttu eftir að hafa áhrif á næstu kynslóðir presta en þegar þær komu fram á sjónarsviðið má í raun segja að Matthías hafi lokið sínu starfi sem brautryðjandi. Hann skrifast þó áfram á við helstu talsmenn frjálslyndu guðfræðinnar, þá Harald Níelsson og Jón Helgason og reyndi að hafa áhrif á þá bak við tjöldin.¹¹⁴

Fyrir Matthíasi var nauðsynlegt að trú og vísindi færu saman og er snemma hægt að greina frjálslyndið í hugsun hans. Hann taldi að prestar gætu neitað bókstaflegum innblæstri Biblíunnar og fullu sögulegu gildi hennar.¹¹⁵ Þannig gætu prestar fengið fólkið hægt og rólega í átt að frelsismálum og því sem skipti máli í

¹⁰⁶ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 485.

¹⁰⁷ Sama rit, bls. 485.

¹⁰⁸ Matthías Jochumsson, „Yfirlýsing“, *Kirkjublaðið*, 1:5/1891, bls. 80.

¹⁰⁹ Sama rit, bls. 80.

¹¹⁰ Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir*, bls. 486.

¹¹¹ Sama rit, bls. 486.

¹¹² Sama rit, bls. 486–487.

¹¹³ Sama rit, bls. 507.

¹¹⁴ Sama rit, bls. 186 og 509.

¹¹⁵ Sama rit, bls. 171.

kristindóminum. Hann var einnig á því að áherslan hefði verið allt of mikil á syndina og því þyrfti að breyta. Kærleikurinn væri það sem allt ætti að snúast um.¹¹⁶

2.3 Páll Sigurðsson

Páll Sigurðsson fæddist á Bakka í Vatnsdal í Austur-Húnavatnssýslu 1839. Foreldrar hans voru þau Sigurður Jónsson (1797–1839) bóndi og Margrét Stefánsdóttir (1817–1844) húsfreyja. Páll varð stúdent 1861 og útskrifaðist úr Prestaskólanum 1863.¹¹⁷ Næstu þrjú ár starfaði hann sem barnakennari á Litla-Hrauni við Eyrarbakka.¹¹⁸ Páll fékk vígslu til Miðdals í Laugardal 1866 og þjónaði svo í Ásum frá 1870 til 1880 er hann fékk veitingu fyrir Gaulverjabæ þar sem hann starfaði til æviloka 1887.¹¹⁹

Páll hafði áhuga á að bæta íslenskt samfélag. Hann kom m.a. á fót barnaskóla í Gaulverjabæ. Ekki fór mikið fyrir Páli á landsvettvangi enda var maður í hans stöðu á þessum tíma ekki fær um að reyna breyta trúarskoðunum heillar þjóðar. Ljóst var að Páll reyndi þó að nýta stöðu sína sem prestur til þess og á sama tíma að boða það sem hann taldi sannleikann. Þess ber þó að geta að Páll virðist í fyrstu hafa fylgt rétttrúnaðinum eftir. Það var fyrir tilstilli Matthíasar Jochumssonar, besta vinar hans að hann leiddist frá þeirri stefnu.¹²⁰ Matthías var duglegur að senda Páli rit eftir hina ýmsu höfunda, bæði enska og ameríska, sem teljast máttu efasemdamenn á þessum tíma.¹²¹

Sigurður Kristjánsson (1854–1952) bóksali gaf út prédikanasafn að Páli látnum 1894 og var bókin markaðsfærð sem húslestrabók.¹²² Í safninu var að finna 30 prédikanir Páls sem flestar höfðu verið fluttar á árunum 1884–1886. Voru þetta mun færri prédikanir en var að finna í öðrum prédikunarsöfnum sem ætluð voru til húslestrar á þessum tíma. Auk þess voru prédikanirnar ekki í beinu samhengi við guðspjall

¹¹⁶ Sama rit, bls. 172.

¹¹⁷ Páll Eggert Ólafsson, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940: 4. b. O–S*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951, bls. 140.

¹¹⁸ Hjalti Hugason, „.....biluð trú og bilaður kristindómur...“!: Skiptar skoðanir um *Helgidaga-prédikanir* Páls Sigurðssonar í Gaulverjabæ“, óútgefið, bls. 2.

¹¹⁹ Sama rit, bls. 2.

¹²⁰ Árni Pálsson, „Matthías Jochumsson og Páll Sigurðsson“, *Skáldið á Sigurhæðum: Safn ritgerða um þjóðskáldið Matthías Jochumsson*, ristj. Davíð Stefánsson, Reykjavík: Bókaförlag Odds Björnssonar, 1963, bls. 215–218, hér bls. 216.

¹²¹ Sama rit, bls. 216–217.

¹²² Hjalti Hugason, „.....biluð trú og bilaður kristindómur...“!“, bls. 2.

dagsins. Það voru þeir Eggert Briem (1840–1893) prestur og Sigurður bóksali sem sáu um að velja prédikanir úr safni Páls fyrir bókina. Eggert féll frá rétt áður en bókin átti að koma út og tók Bjarni Símonarson (1867–1930) guðfræðingur við verkinu.¹²³

Í formála skrifaði Bjarni að ræðurnar væru með öðru sniði en vanalegt væri í húslestrabókum en kjarninn og lífsmagn þeirra væri ekki frábrugðin öðrum bókum.¹²⁴ Bjarni tók það einnig fram að Páll hefði farið hörðum orðum um kirkjuna, það hefði hann hins vegar gert af hlýhug og ljóst væri að margt hefði breyst í rétta átt eftir að ræðurnar hefðu verið skrifaðar.¹²⁵

Helgidaga-prédikanir Páls Sigurðssonar sýna hversu frjálsslyndur hann var, hvort sem þær eru skoðaðar nú á dögum eða í lok 19. aldar. Páll var gagnrýninn á starfshætti og fyrirkomulag þjóðkirkjunnar, sérstaklega hvað varðar bókstafsskilning á höfuðlærdómum kirkjunnar.¹²⁶ Gagnrýni Páls á kenningar kirkjunnar var einstök ef litið er til þess að nánast allir aðrir guðfræðingar sem aðhylltust frjálsslynda guðfræði á 19. öld höfðu numið guðfræði í utan Íslands og kynnst þar nýjum stefnum í átt til frjálsslyndis. Ekki er hægt að segja að Páll gengið jafn langt og Magnús Eiríksson í gagnrýni sinni þar sem hann hafnaði trúarlærdómum kirkjunnar ekki algjörlega. Túlkun hans á lærdómunum var hins vegar víðtækari en áður hafði komið fram á Íslandi.¹²⁷ Páll lagði mikið upp úr því að boða þá trú sem hann gat samsamað sig við. Sérstaklega andæfði hann tvíhyggju sem kirkjan var þekkt fyrir að boða sem gerði að hans mati trú almennings oft fjarlæga og framandi.¹²⁸

Hvað kirkjuskilning Páls varðar sjást greinileg áhrif frá William Ellery Channing.¹²⁹ Channing vildi ekki að kirkjan byggðist á starfi embættismanna, hún ætti að snúast um virkt starf safnaðanna og er sama skoðun greinanleg í riti Páls. Páll sá kirkjuna fyrir sér sem athafnasamari en hún var á þessum tíma, hún ætti að vera farvegur nýs tíma með því að beita sér fyrir breytingum á íslensku þjóðlífi.¹³⁰ Þannig

¹²³ Sama rit, bls. 2.

¹²⁴ Bjarni Símonarson, „Formáli“, *Húslestrabók: Helgidaga-prédikanir*, Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1894 bls. ii–vi, hér bls. iv.

¹²⁵ Sama rit, bls. v–vi.

¹²⁶ Hjalti Hugason, „...biluð trú og bilaður kristindómur...!“ bls. 15.

¹²⁷ Sama rit, bls. 16.

¹²⁸ Sama rit, bls. 16.

¹²⁹ Gunnar Kristjánsson, „Húspostilla Páls Sigurðssonar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 49–53, hér bls. 50.

¹³⁰ Sama rit, bls. 51.

var áherslan hjá Páli ekki á játningar eða trúfræði kirkjunnar, allt snérist um verk hennar.

Fyrir Páli var bókstafur Biblíunnar mannanna verk, andinn í Biblíunni var hins vegar orð Guðs. Hann leit svo á að allt sem gladdi manninn og efldi trú, von og kærleika væri Guðs orð.¹³¹ Þannig var Páll gagnrýninn á þá túlkun og kennslu á Biblíunni sem var ráðandi á þessum tíma, hann vildi jafnvel ganga enn þá lengra og takmarka ekki kennsluna við lútherska trú. Það ætti frekar að leyfa fólki að kynnast öðrum trúarbrögðum og þannig sjá margvíslegt starf Guðs um allan heim.¹³²

Að lokum má nefna það að hugmyndir Páls um framtíðina áttu margt sameiginlegt með komandi kynslóðum frjálslyndra guðfræðinga, þar sem þær voru uppfullar af bjartsýni. Páll hafði óbilandi trú á þroska þjóðarinnar og hæfileika alls mannkyns að komast í átt að takmarkinu sem var í hans augum fullkomnun.¹³³ Á þessum tíma var ekki beint bjart yfir Íslandi og því sveitasamfélagi sem einkenndi landið, sem gerir þessa sýn enn þá athyglisverðari.¹³⁴

Ómögulegt er að segja til um áhrif bókarinnar hér á landi. Ekki er vitað um hvert upplag bókarinnar var en Sigurgeir Sigurðsson (1890–1953) biskup sagði að bókin hefði selst upp á tiltölulega skömmum tíma.¹³⁵ Arftaki Sigurgeirs í starfi, Ásmundur Guðmundsson, greindi frá því í hirðisbréfi sínu 1954 að prédikanir Páls hefðu undirbúið jarðveg frjálslyndu guðfræðinnar¹³⁶ Þrátt fyrir það virðist bókin ekki hafa notið vinsælda meðal allra. Nýstárlegar hugmyndir, eins og finna mátti í safninu fóru ekki vel í almenning.¹³⁷

Valdimar Briem (1848–1930) þjóðskáld var með þeim fyrstu til að fjalla um bókina. Sagði hann að augljóst væri að Páll hefði verið áhugamaður um allt, hvort sem það væri andlegt eða veraldlegt. Sérstaklega hefði Páli verið annt um kristna kirkju og færi um ástand hennar hörðum orðum.¹³⁸ Valdimar hafði orð á því að prédikanir Páls byggðu ekki á strang-lútherskum grunni. Þannig fylgdi höfundur þeirra ekki öllum

¹³¹ Sama rit, bls. 52.

¹³² Sama rit, bls. 52.

¹³³ Gunnar Kristjánsson, „Húspostilla Páls Sigurðssonar“, bls. 53.

¹³⁴ Hjalti Hugason, „...biluð trú og bilaður kristindómur...!“ bls. 16.

¹³⁵ Sigurgeir Sigurðarson, Sjera Páll Sigurðsson frá Gaulverjabæ: Aldarminning, *Morgunblaðið* 26:163/1939, bls. 10.

¹³⁶ Ásmundur Guðmundsson, *Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi*, Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 1954, bls. 9–10.

¹³⁷ Hjalti Hugason, „...biluð trú og bilaður kristindómur...!“ bls. 4.

¹³⁸ Valdimar Briem, „Nýjar prjedikanir“, *Kirkjublaðið* 4:13/1894, bls. 193–198, hér bls. 194.

kenningaratriðum kirkjunnar. Fannst Valdimari það þó gefa trúarlærdóminum víðtækari merkingu og væri þar með ekki verið að neita þeim algjörlega.¹³⁹ Þannig væri bókin góð viðbót við það sem áður hefði komið út þar sem bókin fjallaði ýtarlega um hin ýmsu mál frá alveg nýjum hliðum.

Jón Helgason var fyrstur til að gagnrýna bókina opinberlega hér á landi 1895. Var Jón þá ekki orðinn fylgjandi frjálslyndu guðfræðinnar. Jón sagði að í bókinni væri lesendum boðið steinar í stað brauðs og ljóst væri að fljótlega myndi enginn lesa bókina, enda hefði ekki sést jafn sorgleg bók á Norðurlöndum í 30–40 ár.¹⁴⁰ Í raun væri Páll að boða únítaríska kristindómsskoðun og bryti þannig í bága við kenningar evangelísku-lúthersku kirkjunnar.¹⁴¹ Jón átti síðar eftir að aðhyllast að flestu leyti hugmyndum Páls eins og þær birtust í bókinni eins og betur verður fjallað um síðar.

2.4 Þórhallur Bjarnarson

Þórhallur Bjarnarson var einn af þeim mönnum sem var ekki bara frjálslyndur hvað guðfræði varðar heldur virðist hann hafa verið frjálslyndur í öllu fari sínu. Hann ólst upp í Laufási við Eyjafjörð. Foreldrar hans voru Björn Halldórsson (1823–1882) prestur þar og Sigríður Einarsdóttir (1819–1889) frá Saltvík í Tjörneshreppi.¹⁴² Kona hans var Valgerður Jónsdóttir (1863–1913) fyrsti kvenkennari við barnaskólann í Reykjavík.¹⁴³ Þórhallur lauk latínuskólanámi 1877 og fór því næst að læra guðfræði við Hafnarháskóla. Á námsárum sínum úti kynntist Þórhallur borgaralegu frjálslyndi sem reið yfir álfuna. Hann varð fljótt heillaður af stefnunni og varð snemma ljóst að Þórhallur yrði fylgjandi frjálslyndu stefnunnar.

Þórhallur heillaðist ekki af guðfræðináminu. Honum fannst námsefnið ekki merkilegt og kennararnir jafnvel enn þá verri.¹⁴⁴ Björn faðir hans lýsti yfir áhyggjum að Þórhallur myndi sennilega aldrei ljúka prófi. Áhugasvið Þórhalls náði langt út fyrir svið

¹³⁹ Sama rit, bls. 195–196.

¹⁴⁰ Jón Helgason, „Aldamót“. Fimmta ár. 1895. Ritdómur eptir prestaskólakennara síra Jón Helgason“, *Ísafold* 12:89/1895, bls. 54–55, hér bls. 54.

¹⁴¹ Hjalti Hugason, „...biluð trú og bilaður kristindómur...!“ bls. 9.

¹⁴² Óskar Guðmundsson, „Frá Brandesisma til frjálslyndrar guðfræði: Um Þórhall Bjarnarson fram að biskupsdómi 1918“, *Glíman sérrit* 2, 2010, bls. 77–96, hér bls. 77.

¹⁴³ Dóra Þórhallsdóttir, *Faðir minn*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1961, bls. 6.

¹⁴⁴ Óskar Guðmundsson, „Frá Brandesisma til frjálslyndrar guðfræði“, bls. 79.

guðfræðinnar og var hann oft upptekinn við að kynna sér hin ýmsu málefni.¹⁴⁵ Flestir af vinum hans voru sammála um að hann ætti ekki framtíð fyrir sér sem prestur þar sem trúarsannfæring hans væri ekki nægilega mikil. Hann ætti mikið fremur heima á sviði stjórn mála. Stuttu eftir að Þórhallur kom heim gerðist hann þó prestur í Reykholti.¹⁴⁶ Þar stoppaði hann stutt við og ári síðar var hann orðinn kennari við Prestaskólann. Sigurður Melsteð (1819–1895) hafði þá látið af embætti og Helgi Hálfðánarson (1826–1894) gerður að rektor í staðinn. Þar sem Þórhallur var einn menntaðasti guðfræðingur landsins var ekki úr vegi að hann fengi starfið.¹⁴⁷ 1894 varð Þórhallur skipaður forstöðumaður skólans eftir andlát Helga Hálfðánarsonar og sem slíkur átti hann eftir að starfa til 1908 þegar hann tók við biskupsembætti.¹⁴⁸

Þegar Þórhallur hóf kennslu í Prestaskólanum duldist það engum hversu frjálsslyndur hann var. Nemendur hans töluðu vel um hann en það var að heyra hjá þeim að Þórhallur hefði ekki sterka trúarhneigð.¹⁴⁹ Þórhallur lagði mikið upp úr því að reyna að bæta kennsluna og gera skólann viðurkenndari því ekki var óalgengt að litið væri til skólans sem neyðarbrauðs stúdenta á þessum tíma. Þó að Þórhallur og Helgi hafi ekki verið sammála í guðfræðihugmyndum sínum kom þó aldrei upp óvinskapur þeirra á milli. Þórhallur hafði heitið því að deila ekki við Helga og reyna eftir fremsta megni að sýna honum þá virðingu sem honum bæri.¹⁵⁰ Eftir að Þórhallur tók við embætti sem forstöðumaður skólans breytti hann miklu af því sem Helgi hafði lagt upp með. Þórhallur fékk það í gegn að námstíminn yrði lengdur og sá til þess að gefið væri út námsefni í stað fyrirlestra sem notast var við áður.¹⁵¹ Virtist ríkja einhugur um þessar ákvarðanir hans bæði hjá nemendum og kennurum.¹⁵²

Þórhallur tók sér margt annað fyrir hendur en kennslu. Þórhallur gerðist aðstoðarmaður og ritari Péturs Péturssonar (1808–1891) biskups 1886, þegar heilsu Péturs fór að hraka.¹⁵³ Hann leysti Hallgrím Sveinsson einnig af í embætti dómkirkjuprests í eitt ár þegar Hallgrímur tók við embætti biskups 1889 og var alla tíð

¹⁴⁵ Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn: Ævisaga Þórhalls Bjarnarsonar 1855–1916*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2011, bls. 85.

¹⁴⁶ Óskar Guðmundsson, „Frá Brandesisma til frjálsslyndrar guðfræði“, bls. 77.

¹⁴⁷ Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn* bls. 96.

¹⁴⁸ Óskar Guðmundsson, „Frá Brandesisma til frjálsslyndrar guðfræði“, bls. 77.

¹⁴⁹ Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn* bls. 140.

¹⁵⁰ Óskar Guðmundsson, „Frá Brandesisma til frjálsslyndrar guðfræði“, bls. 81.

¹⁵¹ Magnús Helgason, „Þórhallur Bjarnarson“, *Merkir Íslendingar: Ævisögur og minningargreinar III*, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1949, bls. 363–386, hér bls. 370.

¹⁵² Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn*, bls. 142.

¹⁵³ Sama rit, bls. 148.

síðan tengdur kirkjunni.¹⁵⁴ Þórhallur lét stjórn málin heldur ekki fram hjá sér fara og var m.a. bæjarfulltrúi (1888–1906) og sat á Alþingi (1894–1908).¹⁵⁵ Þórhallur beitti sér einnig fyrir nýjungum í landbúnaði þar sem hann var einn af forystumönnum um langt skeið. Hann var þannig ekki aðeins einn af forystumönnum andlegu hliðarinnar heldur beitti hann sér einnig hart í málum sem komu að veraldlegu hliðinni.¹⁵⁶

Það kom fáum á óvart þegar Þórhallur var skipaður biskup er Hallgrímur fékk lausn frá embætti 1908. Þórhallur var hámenntaður guðfræðingur, þjóðþekkt persóna, forstöðumaður Prestaskólans, fyrrum útgefandi og ritstjóri eins mest lesna blaðs landsins og hafði verið aðstoðarmaður tveggja síðustu biskupa.¹⁵⁷ Þórhallur vann sér velvild og hylli flestra manna með ljúfmennsku sinni. Ljóst þykir að þessir mannkostir hans gerðu fátt annað en að ýta undir það að hann yrði biskup.¹⁵⁸ Vígsla Þórhalls fór fram í Skálholti að hans fúmkvæði og er það gott dæmi um hversu þjóðhollur hann var að vilja ekki fara utan að fá vígslu. Í biskupstíð sinni hélt Þórhallur áfram að láta að sér kveða í trúmálum. Það fór hins vegar ekki fram hjá neinum að Þórhallur var ekki róttækur í biskupstíð sinni. *Nýja Kirkjublaðið* var þannig ekki notað undir miklar deilur innan kristindómsins heldur átti það að vera mál gagn allra. Alveg eins og hann vildi vera biskup allra. Þórhallur hafði sterkar skoðanir en hann var tilbúinn að hlusta á allar hliðar og lét það ekki skemma samband sitt við nokkurn þó skoðanir þeirra væru á skjön við sínar. Sem dæmi má nefna var Þórhallur alla tíð góður vinur Sigurðar Stefánssonar í Vigur eins harðasta andstæðings frjálslyndu guðfræðinnar.¹⁵⁹

Óhætt er því að fullyrða að Þórhallur hafi látið til sín taka á mörgum vígstöðvum kirkjunnar. Hann gaf t.d. út *Kirkjublaðið* (1891–1897) sem var mánaðartímarit ætlað íslenskri alþýðu. Hann átti síðar eftir að vera ritstjóri *Nýja Kirkjublaðsins* (1906–1916).¹⁶⁰ Með útgáfu og ritstjórn þessara blaða var grunnurinn lagður af útbreiðslu frjálslyndu guðfræðihugmynda hans meðal almennings. Hann hvatti alla til að skrifa í blaðið og þannig vildi hann að það myndi endurspeglar skoðanir flestra.¹⁶¹

¹⁵⁴ Sama rit, bls. 149.

¹⁵⁵ Óskar Guðmundsson, „Frá Brandesisma til frjálslyndrar guðfræði“, bls. 78.

¹⁵⁶ Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn*, bls. 251.

¹⁵⁷ Sama rit, bls. 297.

¹⁵⁸ Sigurður Stefánsson, *Vigurklerkurinn*, Ísafjörður: Sögufélag Ísfirðinga, 2009, bls. 29.

¹⁵⁹ Sama rit, bls. 29.

¹⁶⁰ Óskar Guðmundsson, „Frá Brandesisma til frjálslyndrar guðfræði“, bls. 78.

¹⁶¹ Sama rit, bls. 82.

Þórhallur vildi ekki að *Kirkjublaðið* væri að skipta sér af trúardeilum.¹⁶² Það var þó erfitt að komast hjá því, þar sem blaðið var um tíma það eina sem átti fyrst og fremst að snúast um trú og kirkju. Þó er ljóst að Þórhallur neitaði mörgum um að birta greinar þeirra er snérist um trúardeilur og almenna gagnrýni á kirkjuna. Þórhallur skrifaði sjálfur greinar í blaðið. 1893 skrifaði hann greinaflokk um stefnu sína í ýmsum málum.¹⁶³ Í fjórðu greininni fjallað hann um ytra fyrirkomulag kirkjunnar.¹⁶⁴ Þar koma óskir hans um framtíð kirkjunnar „[...] að hin evangelíska lúterska kirkja fósturjarðar vorrar verði með öllu sjálfstætt fjelag fyrir sig“.¹⁶⁵ Hann gerði sér grein fyrir því að þetta yrði ekki auðvelt verkefni en það yrði kirkjunni fyrir bestu að vera frjáls og óháð, er hún gengi inn í framtíðina „[...] treystandi Guði einum.“¹⁶⁶ Þórhallur var á því að með innleiðingu trúfrelsis á Íslandi 1874 hefðu brostið allar forsendur fyrir þjóðkirkju.¹⁶⁷

Þórhallur barðist alla tíð fyrir auknu sjálfstæði og stofnun kirkjupings fyrir þjóðkirkjuna.¹⁶⁸ Mögulegt er að hann hafi litið á stofnun kirkjupings sem skref í átt að aðskilnaði. Hann kom aftur inn á hugmyndina um aðskilnað 1911 á prestastefnu og talaði þar um hverju kirkjan ætti að berjast fyrir við aðskilnaðinn.¹⁶⁹ Hann hélt svo áfram að viðra hugmyndir sínar um í *Nýja Kirkjublaðinu* sama ár.¹⁷⁰ Þá virðist Þórhallur vera undir meiri áhrifum frá Vesturheimi heldur en þeirri þýsku guðfræði sem hann áður aðhylltist. Þar sem hann var á því að hver og einn söfnuður ætti að hafa ákveðið sjálfstæði eins og tíðkaðist í Ameríku.¹⁷¹ Á meðan hugmyndir hans áður fyrr voru á þá leið að söfnuðir landsins ættu að vera eins samheldnir og mögulegt væri.¹⁷² Þórhallur virðist alla tíð hafa viljað aðskilnað ríkis og kirkju og tók virkan þátt í umræðum um það í biskupstíð sinni. Hann bjóst við því að til aðskilnaðar kæmi meðan hann væri við stjórnvölinn en allt kom fyrir ekki.¹⁷³

¹⁶² Magnús Helgason, „Þórhallur Bjarnarson“, bls. 372–373.

¹⁶³ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Sjálfstæði eða aðskilnaður? — Kirkjupólitík Þórhalls Bjarnarsonar 1893–1916“, *Ritröð guðfræðistofnunar* 33/2011, bls. 20–47, hér bls. 23.

¹⁶⁴ Þórhallur Bjarnarson, „IV“, *Kirkjublaðið*, 3:14/1893, bls. 209–212.

¹⁶⁵ Sama rit, bls. 210.

¹⁶⁶ Sama rit, bls. 212.

¹⁶⁷ Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld“, bls. 24.

¹⁶⁸ Sama rit, bls. 27.

¹⁶⁹ Sama rit, bls. 27.

¹⁷⁰ Þórhallur Bjarnarson, „Skilnaðarkjörin“, *Nýtt Kirkjublað*, 7:4/1912, bls. 41–45.

¹⁷¹ Þetta sést einna best í því að Þórhallur var á því að leggja ætti niður biskupsembættið við aðskilnað ríkis og kirkju.

¹⁷² Hjalti Hugason, „Þróun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld“ bls. 33.

¹⁷³ Sama rit, bls. 42–43.

Þórhallur var maður málamiðlana. Hann vildi ekki fara út í harðar deilur um trúmál og kirkju. Það fór þó ekki fram hjá neinum sem þekktu Þórhall að hann var frjálsslyndur guðfræðingur. Hann virðist þó í raun og veru alltaf hafa verið svolítið á miðjunni, milli þeirra tveggja risa (frjálsslyndu guðfræðinnar og rétttrúnaðinum) sem tókust á í kringum aldamótin 1900 á Íslandi. Það var a.m.k. hans mat að fylgjendur beggja strauma ættu að fá tækifæri á því að tjá sínar hliðar á málinu. Þannig er ekki hægt að sjá að Þórhallur hafi misnotað aðstöðu sína, hvorki sem blaðaútgefandi, kennari né sem biskup til að boða aðeins þá trú sem hann fylgdi. Þannig urðu áhrif hans á framþróun frjálsslyndu guðfræðinnar ugglaust minni en hjá öðrum frjálsslyndum guðfræðingum í hans tíð, þrátt fyrir að staða hans væri áberandi betri. Þess ber þó að geta að óvíst er hvort að staða Þórhalls hefði orðið jafn góð ef að hann hefði verið jafn róttækur og aðrir frjálsslyndir guðfræðingar sem hér hefur verið fjallað um.

2.5 Samanburður á frjálsslyndum guðfræðingum fyrstu kynslóðar

Hér hefur verið farið yfir guðfræði sögu Magnúsar Eiríkssonar, Matthíasar Jochumssonar, Páls Sigurðssonar og Þórhalls Bjarnarsonar. Í guðfræði þeirra allra má greina sterka strauma frjálsslyndrar guðfræði. Magnús Eiríksson beitti sögulegri gagnrýni og horfði gagnrýnum augum á allt sem hafði verið sett fram í nafni trúarinnar. Fyrir honum skipti persónuleg trú lang mestu máli, hann gat ekki slegið af trúarsannfæringu sinni og afþakkaði þess vegna prestsembætti þar sem honum yrði gert að fylgja játningum sem hann var ósammála. Magnús hafði auk þess mikla trú á manninum og rannsóknum hans og vildi meina að með vísindunum væri hægt að komast að raunverulegum boðskap kristindómsins.

Matthías Jochumsson sótti mikið af hugmyndum sínum til Magnúsar Eiríkssonar. Matthías gerðist þó prestur öfugt við Magnús þó augljóslega hafi hann talað gegn mörgum af kenningum kirkjunnar. Matthías var sérstaklega gagnrýninn á ríkjandi kenningar um Biblíuna að hún væri innblásið orð Guðs. Matthías var á sama hátt og Magnús gagnrýninn á kenningar og játningar kirkjunnar. Hann gat ekki fundið trú sína sem hann taldi vera mikilvægasta, innan játninganna. Það ber að hafa í huga að bæði Matthías og Magnús gengu lengra en aðrir frjálsslyndir guðfræðingar í átt að kenningum únítara.

Páll Sigurðsson var góður vinur Matthíasar og augljóst að frá honum sótti Páll stóran skerf af guðfræðihugmyndum sínum. Það er ekki auðvelt að leggja heildstætt mat á guðfræðilegar hugmyndir Páls þar sem engin eiginleg guðfræðileg verk, greinar né bækur liggja fyrir eftir hann. Í safninu kemur samt bersýnilega fram gagnrýni hans á hefð þjóðkirkjunnar og kenningar hennar. Í prédikunum Páls var ótrúlega sterk bjartsýni á manninn og framtíðina þrátt fyrir erfið kjör almennings. Áhersla Páls var ekki á játningar né trúfræði, verk kirkjunnar voru honum fyrir mestu.

Þórhallur Bjarnarson hélt trúarskoðun sinni ekki alltaf hátt á lofti. Samt duldist það engum sem þekktu hann að Þórhallur var andvígur rétttrúnaðinum og fylgdi frjálslyndu guðfræðinni eftir. Þó svo að bæði tímaritin sem Þórhallur gaf út, fyrst *Kirkjublaðið* og síðar *Nýja kirkjublaðið* hafi verið mál gagn frjálslyndra guðfræðinga á Íslandi vildi hann samt sem áður að allir fengju að tjá sig í blöðunum. Þórhalli var annt um kirkjuna og taldi að það væri þjóðkirkjunni fyrir bestu að fylgja frjálslyndu guðfræðinni eftir hvað varðar kenningar og játningar. Nútíma þekking gæti stuðlað að guðleysi meðal almennings og það vildi Þórhallur ekki. Hann barðist því fyrir því að kirkjan yrði opin öllum.

Á þessari samantekt er hægt er að færa fullgild rök fyrir því að taka eigi þá Magnús Eiríksson, Matthías Jochumsson og Pál Sigurðsson inn í fyrstu kynslóð frjálslyndra guðfræðinga. Saman með Þórhalli Bjarnarsyni mynda þeir hér eina heild í hópi fyrstu frjálslyndra guðfræðinga á Íslandi. Það er þó ljóst að áhrif þeirra á almenning og komandi kynslóðir guðfræðinga voru mismikil. Magnús var í verri stöðu en hinir til að hafa áhrif hér á landi vegna búsetu sinnar auk þess var hann langt á undan öðrum íslenskum guðfræðingum með hugmyndir sínar. Samt sem áður vöktu rit hans töluverða andúð. Páll Sigurðsson hafði í raun lítil sem engin áhrif nema á þá sem sóttu til hans messu, fyrr en prédikunarsafn hans var gefið út að honum látnum. Þannig vega áhrif Matthíasar og Þórhalls mest frá fyrstu kynslóð frjálslyndra guðfræðinga. Magnús og Páll eru þó ekki hafðir með í þessari umfjöllun að ástæðulausu. Ekki er ólíklegt að prédikunarsafn Páls hafi haft teljandi áhrif þar sem ritið var notað til húslestrar fram á 20. öldina. Magnús var algjör brautryðjandi með sinni umfjöllun og fengu rit hans töluverða umfjöllun hér á landi.

Matthías var þjóðskáld og naut sem slíkur virðingar í samfélaginu. Auk þess var hann í bréfasambandi við þá Jón Helgason og Harald Níelsson sem voru þeir guðfræðingar sem áttu eftir að verða aðal talsmenn frjálslyndu guðfræðinnar hér á

landi. Þórhallur Bjarnarson hafði með aðstöðu sinni fyrst sem kennari við Prestaskólann og svo með útgáfu tímarita sinna, bestu aðstöðuna til að koma skoðunum sínum á framfæri. Hann virðist þó ekki hafa nýtt aðstöðu sína markvíst til þess.

Það virðist því vera sem svo að fyrstu frjálslyndu íslensku guðfræðingarnir hafi í raun ekki sóst eftir stórum og veigamiklum embættum innan kirkjunnar að undanskildum Þórhalli. Það mætti því færa fyrir því rök að þeir hafi ekki verið að kljást við að breyta kirkjunni og guðfræði landans á markvissan hátt. Það er ekki fyrr en með næstu kynslóð sem talsmenn frjálslyndu guðfræðinnar komust í áhrifastöður innan kirkjunnar.

3 Önnur kynslóð frjálslyndra guðfræðinga

Hér verður önnur kynslóð frjálslyndu guðfræðingana skoðuð. Þar verður fjallað um þá Jón Helgason og Haraldur Níelsson. Þeir voru jafnframt tveir af þremur fyrstu kennurunum við guðfræðideild Háskóla Íslands.¹⁷⁴ Verður ævi þeirra gerð skil og reynt að sýna fram á áhrifavalda þeirra í trúmálum. Í kaflanum verður einnig gerð grein fyrir því hvernig Jón og Haraldur komu hugmyndum sínum áfram bæði út í samfélagið og til komandi kynslóða guðfræðinga. Jafnvel þótt að fyrsta kynslóð frjálslyndra guðfræðinga hafi gert jarðveginn betri fyrir þá Jón Helgason og Harald Níelsson urðu þeir samt sem áður að vinna algjört brautryðjendastarf.

3.1 Jón Helgason

Jón Helgason var sonur Helga Hálfðánarsonar og Þórhildar Tómasardóttur (1835–1923) en hún var dóttir Tómasar Sæmundssonar Fjölismanns. Jón hóf skólagöngu sína í barnaskólanum 1872 og segir hann frá í óútgefinni ævisögu sinni, að það hafi aðeins verið gert til að hann hefði eitthvað fyrir stafni og til að létta á móður sinni.¹⁷⁵ Barnaskólinn lagði þó grunn að góðri menntun Jóns þegar lengra leið á skólagönguna. Jón lærði t.a.m. hjá Hallgrími Sveinssyni dómkirkjupresti undir fermingu og þó að Hallgrímur hafi ekki deilt guðfræðihugmyndum með Jóni þá bar Jón ávallt virðingu fyrir honum.¹⁷⁶ Árið 1880 var Jón tekinn inn í Lærða skólann ásamt 13 öðrum drengjum.

Jón útskrifaðist úr Lærða skólanum 1886 og hélt sama ár utan til guðfræðináms. Hann hafði þó fyrst ætlað sér að læra í Prestaskólanum hjá föður sínum. Kaupmannahöfn heillaði ekki en faðir hans sannfærði hann um að fara utan til náms.¹⁷⁷ Ljóst er að það hlaut að vera betra og sá kostur sem flestir hefðu valið en fáir höfðu tök á. Þrátt fyrir efasemdir um námið í Hafnarháskóla stóð Jón sig vel og sagði hann sjálfur að þessi ár hafi mótað hann einna mest.¹⁷⁸

Þegar Jón snéri aftur til Íslands hafði heilsu föður hans hrakað. Þeir feðgar eyddu nánast öllu sumrinu í að ræða guðfræðihugmyndir. Á þessum tíma aðhylltist Jón

¹⁷⁴ Þriðji Kennarinn var Sigurður P. Sívertsen.

¹⁷⁵ Jón Helgason, „Það sem á dagana dreif“, Rafhlaðan, 2006, sótt 10. mars af <https://rafladan.is/handle/10802/10801>, bls. 20.

¹⁷⁶ Sama rit, bls. 21.

¹⁷⁷ Sama rit, bls. 41–42.

¹⁷⁸ Sama rit, bls. 50

enn þá íhaldssamri guðfræði en faðir hans þótti hann samt vera full nýjungagjarn.¹⁷⁹ Um veturinn fór Jón að kenna bæði í barnaskólanum og kvennaskólanum og líkaði honum það vel. Eftir áramót tók hann svo að kenna í Prestaskólanum er Helgi fór utan í leit að lækningu.¹⁸⁰ Jóni leið þó ekki of vel á Íslandi um veturinn og saknaði þess að vera í Kaupmannahöfn. Hann hafði ekki í hyggju að verða alfarið kennari. Hann vissi þó sem var að faðir hans var orðinn það heilsulaus að ekki liði á löngu þar til honum yrði sennilega boðin staða við Prestaskólann. Svo fór að Jón fór utan staðráðinn í því að koma ekki heim til Íslands aftur nema í heimsókn.¹⁸¹

Jón gat ekki fengið vígslu í Danmörku fyrr en hann hefði lokið kennimannlega hluta guðfræðinnar þar. Hann sótti því um að gerast óvígður aðstoðarmaður prests.¹⁸² Hann fékk stöðu á Suður-Sjálandi og kunni starfinu vel, hann fékk þó fljótlega heimþrá og kláraði því aðeins þann tíma sem um hafði verið samið í upphafi, sjö mánuði.¹⁸³ Á meðan hafði Helgi faðir hans látist. Jón sótti þá um kennslustarf í Prestaskólanum sem hann og fékk. Í kjölfarið varð Hafnarháskóli honum út um styrk til að mennta sig betur í Þýskalandi.¹⁸⁴ Þórhallur Bjarnarson sem skipaður hafði verið rektor Prestaskólans hafði sent Jóni bréf áður en hann hélt til Þýskalands. Í bréfinu bað hann Jón um að taka að sér að kenna trúfræði við skólann. Það hafði fram að þessu verið verk forstöðumannsins en Þórhallur hafði meiri áhuga á að kenna kirkjusögu en trúfræði. Jón samþykkti þessa beiðni og notaði því tímann í Þýskalandi til að hlusta á fyrirlestra um trúfræði fremur öllu öðru.¹⁸⁵ Ljóst er að þessi ferð Jóns átti eftir að hafa mikil áhrif á hann. Jafnvel þótt að hún hafi ekki breytt trúarskoðunum hans strax átti arfur ferðarinnar eftir að hafa mótandi áhrif á guðfræðihugmyndir hans.

Fyrsta veturinn sem kennari við Prestaskólann prédikaði Jón annan hvern sunnudag í Dómkirkjunni. Þar fékk hann kost á því að koma skoðunum sínum til almennings og gat á sama tíma að einhverju leyti uppfyllt þrá sína í prestskap.¹⁸⁶ Vorið 1895 fékk Jón svo vígslu sem hann hafði lengi sóst eftir. Var hún frábrugðin hefðbundnum vígslum þar sem hann hafði engan eiginlegan söfnuð og verk hans voru

¹⁷⁹ Sama rit, bls. 76.

¹⁸⁰ Sama rit, bls. 80.

¹⁸¹ Sama rit, bls. 83.

¹⁸² Sama rit, bls. 84.

¹⁸³ Sama rit, bls. 85 og 87.

¹⁸⁴ Eiríkur Albertsson, „Jón Helgason, biskup“, *Merkir Íslendingar: IV*, ritstj. Jón Guðnason, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1965, bls. 197–241,

¹⁸⁵ Jón Helgason, „Það sem á dagana dreif“, bls. 106

¹⁸⁶ Sama rit, bls. 125.

ekki launuð.¹⁸⁷ Menn höfðu orð á því að það færi ekki heim og saman kennsla hans úr prédikunarstólum og úr kennarasæti í Prestaskólanum. Sú frjálslýnda guðfræði sem Jón byrjaði að aðhyllast upp úr aldamótunum 1900 skilaði sér ekki í prédikunarstólinn.¹⁸⁸

Árið 1896 hóf Jón að gefa út nýtt kirkjulegt mánaðarrit sem fékk nafnið *Verði ljós*. Er titillinn í ákveðnu hugsanarými við upplýsinguna eins og algengt var á þessum tíma. Með sér í lið fékk Jón þá prestana Sigurð P. Sívertsen (1868–1938) og Bjarna Símonarson. Var blaðið sett upp gegn *Kirkjublaðinu* sem Þórhallur Bjarnarson hafði staðið fyrir frá 1891. Þeim Jóni og félögum fannst *Kirkjublaðið* ekki nægilega ákveðið og leiða hjá sér sjálfan kjarna kristindómsins og kristilegt trúarlíf.¹⁸⁹ Þórhallur lagði sína útgáfu af 1897 en aldrei var að merkja neinar ádeilur milli blaðanna og virðist Þórhallur ekki hafa tekið því illa þegar Jón kom fram með *Verði ljós*.¹⁹⁰

Í fyrstu bar ekki mikið á guðfræðilegum deilum í *Verði ljós* en á þriðja ári byrjuðu deilur Jóns við Davíð Östlund (1870–1931), forystumann Aðventista m.a. um innblásturs kenningu Biblíunnar.¹⁹¹ Marka þessar deilur að sumra mati upphaf frjálslýndu guðfræðinnar hér á landi.¹⁹² Eftir deilurnar má segja að *Verði ljós* hafi orðið að helsta mál gagni frjálslýndu guðfræðinnar. Árið 1898 kom Haraldur Níelsson inn í útgáfu blaðsins en hann var á þeim tíma í fullri vinnu við að þýða Gamla testamentið. Þannig kom aðal vinna útgáfunnar öll niður á Jóni sem gafst á endanum upp á því eftir níu ára starf.¹⁹³ Hann hóf stuttu síðar að gefa út nýtt tímarit, *Nýja Kirkjublaðið*, með Þórhalli Bjarnarsyni. Þórhallur bauðst til að sjá um útgáfuna og taka alla fjárhagslegu áhættuna á sínar herðar. Jón stóð í þessari samvinnu í tvö ár en fékk þá nóg og fannst tíminn sem fór í útgáfuna bitna á kennarastarfi sínu.¹⁹⁴

Þegar Háskóli Íslands var stofnaður 1911 var Jón skipaður deildarforseti guðfræðideildar. Á næstu árum skrifaði hann kirkjusögu Íslands, þar sem hann hefði verið fenginn til að kenna kirkjusögu eftir að Þórhallur varð biskup. Fyrstu þrjú bindin

¹⁸⁷ Sama rit, bls. 128.

¹⁸⁸ Sama rit, bls. 128.

¹⁸⁹ Sama rit, bls. 128.

¹⁹⁰ Sama rit, bls. 130.

¹⁹¹ Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 199–421, hér bls. 226–227.

¹⁹² Sigurður Árni Þórðarson, „Upprisa nýguðfræðinnar?“, *Gliman sérrit 2*, 2010, bls. 185–199, hér bls. 188.

¹⁹³ Jón Helgason, „Það sem á dagana dreif“, bls. 130.

¹⁹⁴ Sama rit, bls. 131.

kláraði hann meðan hann sinnti kennslu og kom það síðasta út 1916. Hann ætlaði eftirmanni sínum í starfi að klára síðasta bindið en sá að það myndi aldrei verða. Hann kláraði því fjórða og síðasta bindið 1930. Þarna var í fyrsta skipti búið að gefa út rit um almenna kirkjusögu frá upphafi á íslensku.¹⁹⁵

Þegar Þórhallur Bjarnarson féll frá 1916 hafði Einar Arnórsson (1880–1935) ráðherra samband við Jón og vildi fá að vita hvort hann gæfi kost á sér í starf biskups. Jón hafði hug á því þó að hann kunni ágætlega við sig í kennarastarfinu. Á þessum tíma voru engar reglur um kosningu biskups en þeir Sigurður Stefánsson prestur og Eggert Pálsson (1864–1926) alþingismaður skoruðu á Einar að fresta málinu á meðan þeir legðu fyrir þingið frumvarp til laga um biskupskosningu.¹⁹⁶ Ljóst var að þeir vildu ekki fá jafn frjálslyndan guðfræðing og Jón í biskupsstólinn. Frumvarp þeirra Sigurðar og Eggerts náði þó aldrei fram að ganga og nýr ráðherra, Jón Magnússon (1859–1926), hélt sig við áform Einars. Jón Helgason var skipaður í embættið í febrúar 1917 og sá Valdimar Briem (1848–1930) vígslubiskup um athöfnina.¹⁹⁷ Jón virðist hafa kunnað vel við sig sem biskup og gegndi hann því embætti allt til 1939 er Sigurgeir Sigurðsson tók við. Eftir það sló Jón þó hvergi slöku við og gaf t.a.m. út þrjár stórar bækur 1941, meðal annars ævisögu afa síns Tómasar Sæmundssonar.¹⁹⁸ Ári síðar andaðist Jón eftir annasama ævi.

3.1.1 Guðfræði Jóns Helgasonar

Hvað trúfræðikennslu Jóns varðar, byggðist hún til að byrja með að miklu leyti á því sem hann hafði lært í háskólanum frá kennara sínum Peder Madsen (1843–1911). Madsen var þekktur fyrir að vera strangtrúaður og íhaldssamur kennari.¹⁹⁹ Upp úr aldamótunum 1900 var Jón þó kominn langt frá hugmyndum hans og þurfti því að grípa til þess að semja trúfræði fyrirlestra sína frá grunni. Jón var þá undir miklum áhrifum frá Albrecht Ritschl (1822–1889) sem hann hafði lítillaga kynnst í Þýskalandi og sást það vel á fyrirlestrum hans.²⁰⁰

¹⁹⁵ Eiríkur Albertsson, „Jón Helgason“, bls. 142.

¹⁹⁶ Sama rit, bls. 150.

¹⁹⁷ Sama rit, bls. 150.

¹⁹⁸ Jón Helgason, *Tómas Sæmundsson: æfiferill hans og æfistarf*, Reykjavík: Ísafold, 1941.

¹⁹⁹ Eiríkur Albertsson, „Jón Helgason“, bls. 203 og 209.

²⁰⁰ Sama rit, bls. 135.

Hvað guðfræðihugmyndir Jóns Helgasonar varðar virðist hann í fyrstu hafa fylgt rétttrúnaðinum eftir. Það er erfitt að segja til hvers vegna Jón snéri baki við rétttrúnaðinum en ýmsar kenningar hafa verið settar fram. Pétur Pétursson (f. 1950) prófessor, hélt því fram að Jóni hafi orðið það ljóst í deilum við Guðmund Hannesson (1866–1946), lækni, 1898 að rétttrúnaðurinn hefði ekkert að gera í baráttu við nútímavísindi.²⁰¹ Deilurnar snéru að ljóðum Þorsteins Erlingssonar (1858–1914) skálds sem hæddist að Jesú Kristi. Guðmundur stóð með Þorsteini og beitti meðal annars fyrir sér frjálslýndum sjónarmiðum Matthías Jochumssonar.²⁰² Er það mat Péturs að Guðmundur hafi farið með sigur af hólmi í þessum deilum og komi það bersýnilega fram í því að ári síðar hafi Jón fyrst komið fram sem talsmaður frjálslýndu guðfræðinnar.²⁰³ Hvort sem þessi kenning er sú rétta eða ekki, fer það ekki á milli mála að Jón virðist hafa skipt fljótt um skoðun í trúmálum.

Eins og áður hefur komið fram marka deilur Jóns við Davíð Östlund að mati sumra upphaf að farsælum ferli frjálslýndu guðfræðinnar hér á landi. Það ætti þó að vera lesendum þessarar ritgerðar ljóst að frjálslýnda guðfræðin hafði komið fyrst fram hér á landi löngu áður. Jón sá að með þessum deilum spruttu upp miklar umræður og fannst honum að hann yrði að gera betur grein fyrir guðfræðihugmyndum sínum.²⁰⁴ Þannig komst frjálslýnda guðfræðin og umfjöllun um hana inn í *Verði ljós*. Jón sendi frá sér greinina *Hvað er kristindómur?*²⁰⁵ snemma árs 1899 þar sem hann fór djúpt ofan í afstöðu sína til kristinna trúar. Þar svaraði hann t.d. spurningunni hvað kristindómur væri á þennan hátt „svarið upp á spurninguna: Hvað er kristindómur? Verður ávalt að vera miðað við Jesúm Krist sjálfan, hvað og hvílíkur hann var og er.“²⁰⁶

Jón hélt uppteknum hætti næstu ár og fjallaði um kristindóminn og guðfræði sína út frá frjálslýndu guðfræðinni sem hann hafði þá meðtekið. Hann fjallaði í tveimur greinum í *Verði ljós* „Þversagnir og missögli í heilagri ritningu“²⁰⁷ og „Innblástur heilagrar ritningar“²⁰⁸ um innblásturshugmyndina, sem gekk út frá því að Biblían væri

²⁰¹ Pétur Pétursson, „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar: Guðmundur Hannesson læknir gegn guðfræðingunum Jóni Helgasyni og Haraldi Níelssyni“, *Ritröð guðfræðistofnunar*, 23/2006, bls. 155–172.

²⁰² Sama rit, bls. 155.

²⁰³ Sama rit, bls. 155.

²⁰⁴ Jón Helgason, „Það sem á dagana dreif“, bls. 215.

²⁰⁵ Jón Helgason, „Hvað er kristindómur?“, *Verði ljós*, 3:1/1899, bls. 1–6 og 4:2/1899, bls. 17–24.

²⁰⁶ Sama rit, bls. 5.

²⁰⁷ Jón Helgason, „Þversagnir og missögli í heilagri ritningu“, *Verði ljós*, 4:2/1899, bls. 24–29.

²⁰⁸ Jón Helgason, „Innblástur heilagrar ritningar“, *Verði ljós*, 4:3/1899, bls. bls. 43–47.

innblásin af Guði og innihéldi þannig hreint og ómengað Guðs orð. Jón var ekki sammála þessum hugmyndum jafnvel þótt að hann tryði því að hún innihéldi vissulega Guðs orð á ákveðnum stöðum.²⁰⁹

Árið 1909 birti Jón ýtarlega grein í *Skírnir* sem bar titilinn „Prestarnir og játningarritin.“²¹⁰ Jón fjallaði þar um vandamálin við kenningarfrelsi presta sem sá trúfræðingur og kirkjusagnfræðingur sem hann var. Grein þessi virðist hafa haft mikil áhrif á komandi kynslóðir frjálslyndra guðfræðinga.²¹¹ Í greininni byrjaði Jón á því að einblína á sögulega tilurð trúarjátninganna. Með því að leggja áherslu á að trúarjátningarnar væru gamlar og samdar af mönnum vildi hann sýna fram á að þær ætti ekki að taka sem heilögum sannleika. „Guðfræði síðari tíma hefur í ljós leitt ýmsar staðhafnir, sem eldri tíma óraði ekki fyrir og þeir ekki heldur gátu þekkt, svo skamt sem þeir voru á veg komnir í þekkingu sinni.“²¹² Jón taldi að kenningar og skoðanir þeirra sem játningarnar sömdu yrðu að skoða í samhengi við heimsmynd þeirra og menningu. Þannig væri ekki hægt að ætlast til að menn höfnuðu sinni heimsmynd og menningu til þess eins að fara eftir játningum annarra tíma.²¹³

Jón vildi að játningarnar væru skoðaðar með fernt í huga. Í fyrsta lagi hvort að þær hefðu verið upphaflega samdar í þeim tilgangi sem þær voru notaðar í. Í öðru lagi hvort að þær hefðu verið viðurkenndar sem slíkar af kirkjunni. Í þriðja lagi hvort að þær væru í „[...] fullkominni samhljóðan við ritninguna sjálfa“ og í fjórða lagi hvort að þær væru í samræmi við „[...] anda og hugsjón vorrar evangelísku kirkju.“²¹⁴

Jón komst að þeirri niðurstöðu að játningarnar hefðu ekki verið samdar í þeim tilgangi að vera bindandi regla fyrir kirkjuna um ókomna tíð.²¹⁵ Í sambandi við það hvort að játningarnar hefðu verið viðurkenndar sem slíkar hélt hann því fram að „[...] þeim blátt áfram hefir að oss fornspurðum verið neitt upp á oss af hinu veraldlega valdi.“²¹⁶ Hann bætti við og sagði að „Kirkjan sem kirkja, á miklu minni þátt í innleiðslu og lögfestu játningarritanna, en almennt er haldið.“²¹⁷ Hvað samhljóman við ritninguna varðar, hélt Jón því fram að það færi ekki fram hjá neinum að játningarnar væru „[...] ófullkomin

²⁰⁹ Sama rit, bls. 43.

²¹⁰ Jón Helgason, „Prestarnir og játningarritin“, *Skírnir* 83:3/1909, bls. 193–224.

²¹¹ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð*, bls. 321.

²¹² Jón Helgason, „Prestarnir og játningarritin“, bls. 194.

²¹³ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð*, bls. 327.

²¹⁴ Jón Helgason, „Prestarnir og játningarritin“, bls. 201.

²¹⁵ Sama rit, bls. 201.

²¹⁶ Sama rit, bls. 208.

²¹⁷ Sama rit, bls. 209.

mannasmíði, sem í flestu tilliti bera á sér fingraför sinna tíma.²¹⁸ Að lokum setti Jón fram fullyrðingu að játningarnar væru ekki í samræmi við evangelísku kirkjuna.

Vilji kirkjan vera trú sinni eigin frumreglu og bera heiti sitt „evangelísk-lútersk“ með réttu, getur hún ekki bundið þjóna sína við neitt annað en guðs orð í ritningunni, því að það og ekkert annað hefir, eftir kirkjunnar eigin skoðun, að geyma hinn algjöra sannleika til sálhjálp.²¹⁹

Tveimur árum síðar tók Jón þátt í harðvígri deilu um guðfræðileg efni. Hann hafði til þessa aldrei gert almennilega grein fyrir skoðunum sínum opinberlega en taldi að það gæti ekki beðið lengur. Hann hafði áhyggjur af kirkjunni og þeirri deyfð sem honum fannst liggja yfir henni. Að þessu sinni gat hann ekki leitað til *Nýja kirkjublaðsins* þar sem Þórhallur biskup vildi ekki að blaðið tæki þátt í þess háttar deilum. Jón leitaði því til ritstjóra *Ísafoldar* sem var tilbúinn að birta greinaflokkinn sem bar nafnið *Trúmálahugleiðingar frá nýguðfræðilegu sjónarmiði*. Samtals voru greinarnar 12, auk prédikunar um kristilega trú og kristilega játningu.²²⁰

Árið 1915 gaf Jón greinarnar út í bókarformi nokkuð endurbættar og fékk bókina nafnið *Grundvöllurinn er Kristur*.²²¹ Ástæðan fyrir nafni bókarinnar var sá að Jón vildi gera fólki það ljóst frá byrjun að nýja trúmálafestefnan byggði á sama grunni og hin eldri.²²² Í bókinni fór Jón djúpt ofan í frjálsslyndu guðfræðina og reyndi þannig að sannfæra lesendur sína um réttmæti stefnunnar. Í inngangi bókarinnar gerir Jón grein fyrir því í fæstum orðum hvers vegna sé þörf á nýrri og frjálsslyndri guðfræði:

Til þess að tímans börn fáist til að sinna fagnaðarerindi Jesú, svo að það geti orðið þeim sá kraftur guðs til hjálpræðis, sem því er ætlað að verða, er hin brýnasta þörf á nýrri guðfræði, þ.e. nýrri framsetningu hinna gömlu trúarsanninda, sem mynda innihald kristindómsins, með fullkomnari útlistunum og fullkomnari rökstuðningu en hin eldri guðfræði hefir til brunns að bera. Fyrir þessu vona eg að geta gert nánari grein í eftirfarandi hugleiðingum mínum.²²³

Nokkru síðar vildi Jón gera lesendum sínum grein fyrir því hvað felist í frjálsslyndu guðfræðinni.

Nýja guðfræðin er vísindaleg hugstefna á sviði trúmála um allan hinn kristna heim, er 1) heimtar rannsóknarfrelsi ótakmarkað af sérhverju tilliti til rannsóknar-úrslita eldri tíma, 2) fylgir, í öllu

²¹⁸ Sama rit, bls. 214.

²¹⁹ Sama rit, bls. 221.

²²⁰ Jón Helgason, „Það sem á dagana dreif“, bls. 143.

²²¹ Jón Helgason, *Grundvöllurinn er Kristur: Trúmálahugleiðingar frá nýguðfræðilegu sjónarmiði*, Reykjavík: Bókaverslun Guðm. Gamalíelssonar, 1915.

²²² Jón Helgason, *Grundvöllurinn er Kristur*, bls. 155.

²²³ Sama rit, bls. 13.

viðurkendum hugsanreglum vorra tíma vísinda, án þess hins vegar að loka augunum fyrir takmörkunum mannsandans og ófullkomleika mannlegrar þekkingar á þeim efnum, er liggja fyrir utan skynheim mannsins, og er 3) ávalt boðin og búin til að viðurkenna staðreyndir, sem í ljós koma og taka tillit til þeirra, hve mjög sem þær kunna að ríða í bága við það, sem áður hefir alment verið álitid satt og rétt.²²⁴

Jón bætti við og sagði að frjálslýnda guðfræðin væri í raun ekkert annað en tímabær útlistun hinna gömlu trúarsanninda.²²⁵ Hann vildi að guðfræðin tæki alltaf mið af nýjum sannindum og þannig gæti hún aldrei orðið fullmótað kenningarkerfi, það væri í eðli hennar að vera ætíð í smíðum.²²⁶ Hann sagðist ekkert hafa á móti gömlu stefnunni, hann hefði kunnað vel við hana alveg eins og þær flíkur sem hann hefði gengið í á þeim tíma. Hvorugt væri hann þó til í að nota í dag.²²⁷

Eftir birtingu greinanna má segja að sú deyfð sem Jón hafði skynjað yfir kirkjunni hafi horfið. Vöktu greinarnar gleði hjá fylgjendum frjálslýndu guðfræðistefnunnar en á sama tíma reiði frá andstæðingum hennar. Sigurður Stefánsson prestur í Ögurþingum var einn þeirra sem gagnrýndi greinar Jóns harkalega. Deilur Jóns og Sigurðar byrjuðu er Sigurður skrifaði grein í *Bjarma* í mars 1913 sem fékk nafnið *Prestarnir, nýja guðfræðin og þjóðkirkjan*.²²⁸ Í greininni hafði Sigurður þetta um trúmálhugleiðingar Jóns Helgasonar að segja „[...] þær hafa sært tilfinningu trúaðra alþýðumanna en gefið vantrúnni, léttúðinni og virðingarleysinu fyrir kristindóminum byr undir báða vængi. Þetta er mér persónulega kunnugt.“²²⁹

Það fer ekki fram hjá þeim sem les grein Sigurðar að hann var algjörlega mótfallinn því að kennarar við guðfræðideild Háskóla Íslands væru frjálslýndir og þannig myndu hugmyndir þeirra breiðast út. Hann kom inn á það í hversu slæmri stöðu kennararnir væru „Ef þeir kenna samkvæmt sannfæringu sinni, brjóta þeir embættiseið sinn, ef þeir kenna samkvæmt játningarritunum, kenna þeir móti sannfæringu sinni og verða að teljast auvirðlegir hræsnarar.“²³⁰

Jón Helgason svaraði grein Sigurðar í *Ísafold* sama ár í nokkrum hlutum. Svörin gaf hann svo út í bók.²³¹ Jón byrjaði á því að lýsa yfir vonbrigði sinni með grein

²²⁴ Sama rit, bls. 34.

²²⁵ Sama rit, bls. 26.

²²⁶ Sama rit, bls. 28.

²²⁷ Jón Helgason, *Til andmælenda minna*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1914, bls. 11.

²²⁸ Sigurður Stefánsson, „Prestarnir, nýja guðfræðin og þjóðkirkjan“, *Bjarmi*, 8:7/1914, bls. 49–53.

²²⁹ Sama rit, bls. 51.

²³⁰ Sama rit, bls. 52.

²³¹ Jón Helgason, *Til andmælenda minna*, 1914.

Sigurðar, að hún hefði ekki verið laus við vaðal skilningsleysis og vanþekkingar eins og hann hefði búist við.²³² Jón gerði oft lítið úr Sigurði og sagði hann hvorki hafa kynnt sér frjálsslyndu guðfræðina nægilega vel, né væri hann nægilega vel að sér í guðfræði til að fara út í slíkar deilur.²³³ Annars svaraði Jón mest allri gagnrýni Sigurðar þannig að hann væri einfaldlega að byggja mál sitt á fáfræði og misskilningi.

Sigurður sá sig knúinn til að svara Jóni í *Ísafold* í júlí mánuði sama ár.²³⁴ Þar byrjaði hann á að viðurkenna að hann hefði ekki kynnt sér frjálsslyndu guðfræðina alveg til hlítar eins og Jón ætlaði öllum þeim sem myndu á annað borð gagnrýna hana.²³⁵ Sigurður vitnaði til Helga Hálfðánarsonar og barnalærdóms hans til að undirstrika sína skoðun varðandi það að Jesús sjálfur hafi verið guðleg opinberun og spurði Jón hvort að það væri líka byggt á fáfræði og misskilningi hjá föður hans.²³⁶

Sigurður gerði annars lítið úr þeim hugmyndum Jóns að andstæðingar frjálsslyndu guðfræðinnar væru fáfróðir:

Drottinn hefir látið kirkju sína sitja í myrkri villu og vanþekkingar um mörg hin þýðingarmestu atriði fagnaðarerindisins unz Nýgfr. bregður hinu skæra ljósi sínu upp yfir kristnina.²³⁷

Þess ber þó að geta að Sigurður endaði grein sína á því að segja að frjálsslynda guðfræðin gæti orðið þjóðinni til góðs ef henni tækist að vekja nýjan áhuga á eilífðarmálunum.²³⁸ Jón virðist hafa verið sáttur með lok greinar Sigurðar, hann a.m.k. sá ekki ástæðu til þess að svara Sigurði aftur. Þess ber þó að geta að Jón kunni gagnrýninni ágætlega enda sýndi hún fram á að mönnum var ekki sama um kristindóminn. Hann var þó helst ósáttur með hvernig ádeilurnar snérust oft að honum persónulega en ekki að hugmyndum hans.²³⁹

Jón sagðist aldrei hafa séð eftir því að hafa farið út í þessar ritdeilur. Þær hefðu fengið hann til að skoða málið enn frekar og kynna sér það betur frá öllum hliðum. Það fékk hann einungis fengið hann til að sannfærast enn fremur um að hann hefði haft rétt fyrir sér. Þannig breyttist skoðun hans aldrei á því að kristindómur og guðfræði væru

²³² Sama rit, bls. 5.

²³³ Sama rit, bls. 24.

²³⁴ Sigurður Stefánsson, „Svar til prófessors Jón Helgasonar“, *Ísafold*, 41:56–58/1914, bls. 219–221, 223–225 og 230.

²³⁵ Sama rit, bls. 219.

²³⁶ Sama rit, bls. 221.

²³⁷ Sama rit, bls. 221.

²³⁸ Sama rit, bls. 230.

²³⁹ Sama rit, bls. 144.

tvær stærðir sem mætti ekki blanda saman.²⁴⁰ Jón var fylgjandi frjálslýndu guðfræðistefnunni alla tíð þó að ákveðnar hugmyndir hans hafi breyst með tímanum þá snéri hann aldrei bakinu við þeim hugmyndum sem hann barðist svo heitt fyrir.²⁴¹

Jón sagðist aldrei hafa fundið fyrir því að nokkur prestur í biskupstíð hans hafi haft eitthvað út á trúarskoðanir hans að setja í biskupstíð sinni. Þekkti hann þá alla nokkuð vel enda hafði hann annað hvort verið skólalámsbróðir eða kennari þeirra flestra.²⁴² Hins vegar fannst sumum af hörðustu fylgjendum frjálslýndu guðfræðinnar hann slaka á hugmyndum sínum í biskupstíð. Það passar vel við það sem Þórhallur Bjarnarson hafði gert. Virðist það vera að með því að ganga í biskupsembætti hafi þeim fundist þeir ekki geta tekið afstöðu gegn þjónum kirkjunnar. Í hirðisbréfi sínu sem nýskipaður biskup sagði Jón „Trúin er aðalatriðið ; guðfræðin aukaatriðið.“²⁴³

3.2 Haraldur Níelsson

Haraldur Níelsson fæddist á Grímsstöðum á Mýrum 1868. Foreldrar hans voru þau Níels Eyjólfsen (1823–1885) bóndi og Sigríður Sveinsdóttir (1831–1907) húsfreyja.²⁴⁴ Sigríður sá um að kenna börnunum sínum og varð henni fljótt ljóst að Haraldur hefði námshæfileika. Hún sendi hann til bróður síns Hallgríms Sveinssonar, síðar biskups, til að undirbúa hann undir skóla. Eftir útskrift úr Lærða skólanum hélt Haraldur til Hafnarháskóla að nema guðfræði. Hallgrímur sá um að styrkja Harald til námsins og má í raun segja að Hallgrímur hafi gengið honum í föðurstað er Níels féll frá.²⁴⁵ Haraldur útskrifaðist úr Hafnarháskólanum 1897 og stuttu síðar var honum fengið að þýða Gamla testamentið úr frummálinu. Það hafði lengi staðið til að endurskoða þýðingu Gamla testamentisins en Biblíufélagið fann ekki réttan mann í verkið fyrr en með Haraldi.²⁴⁶

²⁴⁰ Jón Helgason, „Það sem á dagana dreif“, bls. 145.

²⁴¹ Sama rit, bls. 145.

²⁴² Eiríkur Albertsson, „Jón Helgason“, bls. 150.

²⁴³ Jón Helgason, *Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi*, Reykjavík: Prentsmiðjan Rún, 1917, bls. 9.

²⁴⁴ Pétur Pétursson, „Haraldur Níelsson: Karismatískur leiðtogi“, *Ritröð guðfræðistofnunar*, 28/2009, bls. 58–81, hér bls. 61.

²⁴⁵ Ásmundur Guðmundsson, *Haraldur Níelsson*, Reykjavík: Ísafold, 1938, bls. 7.

²⁴⁶ Gunnlaugur A. Jónsson, „Þýðingarstarf Haraldar Níelssonar og upphaf „biblíugagnrýni“ á Íslandi“, *Ritröð guðfræðistofnunar*, 4/1992, bls. 57–84, hér bls. 58.

Árið 1899 fékk Haraldur styrk frá Hafnarháskóla til að fara í frekara hebresku nám.²⁴⁷ Hann fór fyrst í Halle í Þýskalandi og svo til Cambridge á Englandi.²⁴⁸ Á Englandi kynntist Haraldur, Eiríki Magnússyni er áður hefur verið nefndur í tengslum við Matthías Jochumsson. Var Eiríkur honum innan handar á meðan dvölinni stóð og virðist góður vinskapur hafa myndast þeirra á milli. Haraldur greindi frá því í minningargrein um Eirík í *Ísafold* að honum hefði aldrei liðið betur en hjá Eiríki.²⁴⁹ Eins og áður hefur verið greint frá hafði Eiríkur mikil áhrif á trúarskoðanir Matthíasar Jochumssonar. Það verða því að teljast góðar líkur á því að Haraldur hafi fengið svipað tiltal og Matthías fékk mörgum árum áður. Þó svo að Haraldur hafi í fyrstu kynnst frjálslyndu guðfræðinni í gegnum vinnu sína, þýðingu Gamla testamentisins er ljóst að áhrif stefnunnar urðu eindregnari á guðfræðihugsun hans eftir þýðingarstarfið.²⁵⁰

Þýðing Haraldar var tilbúin 1908 en eins og oft vill verða með nýjar biblíuþýðingar fékk hún misjafnar undirtektir. Hér skal þó hafa í huga að á þeim tíma sem unnið var að þýðingunni voru miklir flokkadrættir innan íslensku kirkjunnar.²⁵¹ Andstæðingar nýju þýðingarinnar voru flest allir andstæðingar frjálslyndu guðfræðinnar. Nokkrir menn tóku sig saman og sendu breska biblíufélaginu, sem hafði kostað útgáfuna að hluta til, nafnlausar kvartanir og heimtuðu ákveðnar breytingar.²⁵² Tvö atriði voru helst gagnrýnd í þýðingu Gamla testamentisins, í fyrsta lagi voru það tveir ritningarstaðir úr spádómsbók Jesaja. Fyrst ber að nefna vers 7.14 þar sem gagnrýnendum fannst að Haraldur hefði vikið frá erfikenningu kirkjunnar um meyarfæðingu Krists. Haraldur þýddi „ung kona“ þar sem áður hafði verið þýtt „mey nokkur.“²⁵³ Í öðru lagi hafði Haraldur þýtt Jesaja 1.18 sem spurningu í stað fullyrðingarinnar eins og eldri þýðingar. Textinn hafði áður verið álitinn innihalda fullvissu um náðarverk og syndafyrirgefningu Guðs.²⁵⁴ Í öðru lagi kaus Haraldur að notast við eigin nafnið Jahve þar sem áður hafði staðið Drottinn.²⁵⁵ Ákveðin málamiðlun átti sér stað þegar þýðingin var aftur prentuð 1912 þar sem upprunaleg þýðing Haraldar

²⁴⁷ Jón Helgason, „Kandítat Haraldur Níelsson“, *Verði ljós*, 4:5/1899, bls. 80.

²⁴⁸ Gunnar Kristjánsson, „Frjálslynd guðfræðihéð: Um frjálslynda þjóðkirkju, guðfræði og trúrækni“, *Ritröð guðfræðistofnunnar*, 28/2009, bls. 22–36, hér bls. 25.

²⁴⁹ Haraldur Níelsson, „Eiríkur Magnússon“, *Ísafold*, 40:9/1913, bls. 33–35, hér bls. 33.

²⁵⁰ Gunnar Kristjánsson, „Frjálslynd guðfræðihéð“, bls. 25.

²⁵¹ Gunnlaugur A. Jónsson, „Þýðingarstarf Haraldar Níelssonar og upphaf“, bls. 81.

²⁵² Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum: Ævisaga Haralds Níelssonar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011, bls. 175.

²⁵³ Sama rit, bls. 175–176.

²⁵⁴ Sama rit, bls. 176–177.

²⁵⁵ Sama rit, 175–177.

á versunum tveimur var höfð í neðanmálgrein. Eiginnafríð Jahve hvarf svo úr nánast öllum eftirprentunum. Þannig má segja að gagnrýnendur þýðingarinnar hafi náð sínu fram.²⁵⁶

Annað aðalstarf Haraldar var kennsla. Hann var ásamt Jóni Helgasyni skipaður prófessor við guðfræðideild Háskóla Íslands 1911.²⁵⁷ Áður hafði Haraldur kennt þrjú síðustu árin í Prestaskólanum. Við guðfræðideildina var honum í fyrstu falið að kenna siðfræði og ritskýringu Nýja testamentisins.²⁵⁸ Annars sá Haraldur um kennslu í Gamla testamentisfræðum allt til dauðadags. Virðist kennsla Haraldar alltaf hafa verið föst í sniðum. Hann gekk ekki jafn langt og margir af þýsku frjálslýndu guðfræðingunum með því að hafna sumu í Nýja testamentinu, t.d. kraftaverkum og vitrunum.²⁵⁹ Lagði hann frekar mikla áherslu á þessar frásagnir og hefur reynsla hans í gegnum sálarrannsóknir, sem betur verður fjallað um síðar, ugglaut sett strik í reikninginn.²⁶⁰ Sannfæringarhiti Haraldar duldist engum sem sóttu fyrirlestra hans og fannst nemendum hans oft eins og hann ætti erfitt með að halda samræðum við aðeins einn nemenda í einu.²⁶¹ Kennarastaða Haraldar gerði hann að enn meiri áhrifamanni en allt annað starf hans. Með því tókst honum að móta flesta yngri guðfræðinga landsins.²⁶² Voru nemendur hans sammála um að hann hefði verið skemmtilegur kennari og kom þeim saman um að sleppa aldrei tíma sem hann kenndi.²⁶³

Haraldur starfaði einnig sem prestur samhliða kennslunni. Formleg prestþjónusta hans var bundin Holdsveikraspítalanum í Laugarnesi en Haraldur var þekktastur fyrir starf sitt í Fríkirkjunni í Reykjavík, þar sem hann prédikaði á árunum 1914–1928.²⁶⁴ Áhrif hans á almenning til kirkjusóknar voru það mikil að engin dæmi eru um aðra eins kirkjusókn.²⁶⁵ Það þurfti meira að segja að grípa til aðgöngumiða þar sem ekki voru nægilega mörg sæti fyrir alla. Eftir hann liggja margar prédikanir og í þeim endurspeglast guðfræði hans skýrt og greinilega en betur verður farið út í þær í

²⁵⁶ Sama rit, bls. 180.

²⁵⁷ Benjamín Kristjánsson, *Saga Prestaskólans og guðfræðideildar Háskólans 1847–1947*, Reykjavík: Leiftur, 1947, bls. 267.

²⁵⁸ Sama rit, bls. 268 og 269.

²⁵⁹ Sama rit, bls. 282.

²⁶⁰ Sama rit, bls. 282.

²⁶¹ Ásmundur Guðmundsson, *Haraldur Níelsson*, bls. 25.

²⁶² Benjamín Kristjánsson, „Allt óbliðara síðan“, *Haraldur Níelsson: Stríðsmaður eilífðarvissunnar 1868–1968*, ritstj. Benjamín Kristjánsson, Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands, bls. 98–101, hér bls. 98.

²⁶³ Benjamín Kristjánsson, „Allt óbliðara síðan“, bls. 98.

²⁶⁴ Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum*, bls. 15.

²⁶⁵ Pétur Pétursson, „Haraldur Níelsson“, bls. 59

tengslum við hugmyndafræði Haraldar. Fyrst verður að gera grein fyrir sálarrannsóknnum og spíritismanum sem Haraldur heillaðist af í upphafi 20. aldarinnar.

3.2.1 Haraldur Níelsson og spíritisminn

Spíritisminn kom fyrst fram í Hydesville í Bandaríkjunum 1848 er högg fóru að heyrast í húsi og enginn gat fundið ástæðu á bak við þau.²⁶⁶ Hreyfingin breiddist hratt út um heiminn þar sem áhugi var til staðar fyrir því sem vísindin höfðu ekki svör við. Einfaldasta túlkun þessara fyrirbæra, var að þarna væri á ferðinni látnir einstaklingar sem lifðu áfram utan líkamans.²⁶⁷ Þetta passaði vel við það sem trúarbrögðin höfðu haldið fram í gegnum tíðina að maðurinn væri ekki bara hold og blóð. Með tilkomu spíritismans komu fram ný vopn trúarbragða í stöðugri deilu þeirra við vísindin.²⁶⁸

Einar Hjörleifsson Kvaran (1859–1938) rithöfundur var fyrsti boðberi spíritismans á Íslandi. Hann hafði stofnað fámennan hóp veturinn 1904–1905 sem hafði það markmið að kalla fram borðdans, sem Einar hafði lesið sér til um í erlendum bókum.²⁶⁹ Einar hafði sterkar trúarskoðanir og taldi hann að kristindómurinn stæði og félli með upprisu Jesú.²⁷⁰ Huglæg þekking væri ekki nóg þegar kæmi að trú heldur þyrftu menn staðreyndir sem byggðu á reynslu.²⁷¹ Á fyrstu fundum hópsins gerðist ekkert marktækt. Það var ekki fyrr en fundirnir fóru fram heima hjá Indriði Einarsson (1851–1939) skáldi sem eitthvað fór að gerast. Frændi Indriða, Indriði Indriðason (1888–1912) var þá nýkominn til Reykjavíkur í nám og dvaldist hjá honum um veturinn. Þegar Indriði yngri fór að mæta á fundina byrjuðu alls kyns fyrirbæri að myndast. Hafði enginn þeirra viðstaddra nokkurn tíman séð neitt í líkingu við það sem átti sér stað. Það var eftir það sem Einar Kvaran hafði samband við Harald Níelsson og fékk hann til að mæta á fund með þeim.²⁷² Haraldur fylgdist með Indriða yngri og þeim fyrirbærum sem komu fram í kringum hann á árunum 1904–1909. Niðurstöður þessara athugana

²⁶⁶ Erlendur Haraldsson, „Séra Haraldur Níelsson, sálarrannsóknir og spíritismi við upphaf 20. aldar“, *Ritröð guðfræðistofnunnar*, 28/2009, bls. 9–21, hér bls. 13.

²⁶⁷ Sama rit, bls. 13.

²⁶⁸ Sama rit, bls. 14.

²⁶⁹ Sama rit, bls. 14.

²⁷⁰ Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum*, bls. 193.

²⁷¹ Sama rit, bls. 194.

²⁷² Erlendur Haraldsson, „Séra Haraldur Níelsson“, bls. 15.

skráði Haraldur niður og átti síðar meir eftir að kynna þær bæði hér á landi sem og á meginlandi Evrópu.²⁷³

Í kjölfarið á því að Einar bauð Haraldi að koma á fund, stofnuðu þeir ásamt fleiri menntamönnum og fólki úr borgarastétt Reykjavíkur félag sem þeir kölluðu Tilraunafélagið.²⁷⁴ Snemma vaknaði áhugi hjá félaginu fyrir bænalækningum. Áttu menn eins og Hallgrímur biskup eftir að leita til félagsins í von um lækningu á meinum sínum. Annars mætti segja að starfsemi félagsins hafi líkst benasamkomum eða jafnvel guðspjónustum. Á fundunum var farið með bænir, sálmar sungnir og Haraldur varð fljótt leiðandi í félaginu og flutti prédikanir á samkomunum.²⁷⁵

Tilraunafélagið hafði ekki verið starfað lengi þegar Haraldur fékk trúarlegt afturhvarf á einum af fundum þess 1906. Þar öðlaðist Haraldur nýjan skilning á kraftaverkum Jesú Krists eins og þau birtust honum í ritningunni. Á fundinum fékk hann að þreifa á ljósverum að handan. Þessar verur setti Haraldur í samband við kraftaverkin, upprisu dauðra og yfirnáttúrlegar lækningar.²⁷⁶ Þessi upplifun nýttist honum vel í trúvörn sinni. Hann leit á það sem hlutverk sitt að boða fagnaðarerindið.²⁷⁷ Sama ár kom Haraldur í fyrsta sinn opinberlega fram sem boðberi spíritismans í húskveðju yfir Jóni Jónssyni frá Stóradal í Austur Húnavatnssýslu. Jón hafði leitað til Tilraunafélagsins til að fá bót á krabbameini en það bar ekki árangur.²⁷⁸

Það var fjöldi fólks sem fundu von og huggun í spíritismanum. Mörgum þótti einnig auðveldara að fá trúarlega kjölfestu innan hans þar sem hann byggði á rannsóknum og höfðaði til ólíkra reynslu hvers og eins.²⁷⁹ Með spíritismanum var ljóst að Haraldur væri ekki aðeins guðfræðingur. Hann vildi leita vísindalegra ráða við spurningum guðfræðinnar. Hvort að kraftaverk væru raunveruleg eins og þau birtast í Biblíunni og hvort að mannssálin myndi lifa eftir dauðann. Á miðilsfundunum með Indriða taldi Haraldur sig hafa fengið svar við hvoru tveggja.²⁸⁰

Eftir að Haraldur fór að koma fram sem boðberi spíritismans reyndi hann að verða stefnunni út um fleiri fylgjendur. Hann áleit það skyldu sína að berjast fyrir því

²⁷³ Sama rit, bls. 9.

²⁷⁴ Pétur Pétursson, „Haraldur Níelsson“, bls. 67.

²⁷⁵ Sama rit, bls. 67.

²⁷⁶ Sama rit, bls. 68.

²⁷⁷ Sama rit, bls. 68.

²⁷⁸ Sama rit, bls. 68 og 69.

²⁷⁹ Sama rit, bls. 74.

²⁸⁰ Sama rit, bls. 20.

sem hann taldi vera satt.²⁸¹ Hafði hann t.d. samband við Friðrik J Bergmann einn helsta talsmann frjálslyndu guðfræðinnar í Vesturheimi. Friðrik gerði það fyrir Harald en sannfærðist ekki um gildi stefnunnar fyrir kirkjuna og kristna trú.²⁸² Í flestum prédikunum Haraldar var hægt að sjá að hann áleit að Kristur væri kærleiksríkur vinur allra. Hann gat ekki bara verið maður heldur var hann himneskur og dýrðlegur. Þrátt fyrir það hafnaði Haraldur ekki hefðbundinni þrenningarkenningu kirkjunnar. Hann vildi vera áfram innan kirkjunnar og boða fagnaðarerindið innan veggja hennar.²⁸³ Haraldur hélt hvoru tveggja spíritismanum og prestskap sínum allt til æviloka.

3.2.2 Guðfræði Haraldar Níelssonar

Guðfræðihugmyndir Haraldar tóku gífurlegum breytingum. Hann var alinn upp undir rétttrúnaðar hugmyndum og átti erfitt með að snúa baki við þeim. Þegar Haraldur kom heim úr guðfræðináminu reyndi hann að hvetja almenning áfram í trú og uppræta kirkjulífið sem að hans mati einkenndist af doða og skeytingarleysi.²⁸⁴ Til að byrja með beittu hann og Jón Helgason aðferðum sem voru í ætt við Danska heimatrúboðið. Þeim virðist þó hafa orðið ljóst að sú aðferð gengi illa gegn vísindum og frjálslyndi eftir deilur sínar við Þorstein Erlingsson skáld og Guðmund Hannesson lækni rétt fyrir aldamótin 1900.²⁸⁵ Haraldur virðist þó ekki hafa getað snúið baki við rétttrúnaðinum á sama tíma og Jón Helgason.

Á árunum 1904–1906 var Haraldur í hálfgerðri trúarkreppu. Sá grundvöllur sem hann hafði byggt sína trú á virtist ætla að hrynja alls staðar.²⁸⁶ Hann hafði fram til þessa verið í forystusveit við endurreisn kirkjunnar en nálgæðist efnishyggju og tómhýggju hægt og rólega. Þessari trúarkreppu hans lauk þó er hann upplifði trúarlegt afturhvarf á miðilsfundi, sem áður hefur verið fjallað um og öðlaðist þannig nýja persónulega trú á Jesú Krist.²⁸⁷ Við afturhvarfið féll skuggi yfir allt það sem hann hafði áður gert. Hann tók saman allar þær prédikanir sem hann hafði samið og setti þær í umslag og merki

²⁸¹ Sigurður P. Sívertsen, „Brennandi í andanum“, *Haraldur Níelsson: Stríðsmaður eilífðarvissunnar 1868–1968*, ritstj. Benjamín Kristjánsson, Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands, bls. 93–97, hér bls. 94.

²⁸² Pétur Pétursson, „Haraldur Níelsson“, bls. 70.

²⁸³ Sama rit, bls. 71 og 72.

²⁸⁴ Pétur Pétursson, „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar“, bls. 155.

²⁸⁵ Sama rit, bls. 155.

²⁸⁶ Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum*, bls. 321.

²⁸⁷ Sama rit, bls. 321.

„Gamalt-rusl.“²⁸⁸ Þegar Haraldur leit til baka á trúarlega afturhvarf sitt var hann viss um að honum hefði alltaf fundist vanta eitthvað í trú sína. Á endanum var trúarsannfæringin ekki nægilega mikil og hann þurfti þekkingu sem vísindahyggjan gat tekið gilda til að byggja trú sína á.²⁸⁹

Haraldur óskaði þess að allir gætu öðlast trú á Jesú Krist. Hann vissi jafn framt að með breyttri heimsmynd væru margir sem gætu aldrei trúað nema fá vísindalega sönnun.²⁹⁰ Þess vegna lagði Haraldur sig allan fram við að reyna að sanna tilvist eftir dauðann með hjálp sálarrannsókna. Hann hafði einnig áhyggjur af þeirri stöðu sem kirkjan var komin í. Honum fannst að almennur skilningur manna á opinberunarleiðunum hefði horfið úr kirkjunni eftir að náðargáfur hættu að vera til staðar þar.²⁹¹ Besta leiðin til að skilja spámennina væri að rannsaka nútímamenn sem væru líkum gáfum gæddir. Ekki væri hægt að byggja upp kirkju sem hefði ekki aðra stoð en trúarreynslu einstaklinga.²⁹² Honum fannst sem svo að þekkingarfræði 19. aldar stæði í vegi fyrir því að þýðingarmestu frásagnir Biblíunnar væru taldar sannar.²⁹³ Hann hélt því fram að sálarrannsóknir nútímans gætu útskýrt margt það sem fólk átti áður erfiðast með að skilja í Biblíunni.²⁹⁴

Þegar Haraldur beitti sögulegri gagnrýni á kenningar og hefðir kirkjunnar fann hann aftur kraftinn í trúnni. Þann kraft sem hefði einkennt trúna á tímum postulanna og frumsafnaðanna.²⁹⁵ Hann fann Jesú Krist sjálfan, fyrir Haraldur voru játningar og kenningar kirkjunnar það sem hefði staðið í vegi fyrir því að fólk á hans tímum gæti upplifað hina sönnu trú. Haraldur trúði því ekki að Biblían væri innblásið Guðs orð spjaldanna á milli.²⁹⁶ Eins og hann sagði sjálfur í prédikun á þriðja sunnudag í föstu „Það er hættulegt að segja unglingum að hún [Biblían] sé öll Guðs innblásið orð. Slík trú hlítur að hrynja ef þeir kynnast henni vel og sjálfu lífinu. Og um leið kann fleira í trú

²⁸⁸ Sama rit, bls. 322.

²⁸⁹ Sama rit, bls. 323.

²⁹⁰ Ásmundur Guðmundsson, *Haraldur Níelsson*, bls. 30.

²⁹¹ Sama rit, bls. 32.

²⁹² Sama rit, bls. 33.

²⁹³ Jakob Jónsson, „Guðfræði Haraldar Níelssonar“ *Haraldur Níelsson: Stríðsmaður eilífðarvissunnar 1868–1868*, ritstj. Benjamín Kristjánsson, Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands, bls. 68–92, hér bls. 72.

²⁹⁴ Haraldur Níelsson, „Trúarjåtningar og kenningarfrelsi presta“, *Skírnir*, 83:3/1908, bls. 211–236, hér bls. 224.

²⁹⁵ Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum*, bls. 323.

²⁹⁶ Jakob Jónsson, „Guðfræði Haraldar Níelssonar“, bls. 72

þeirra að hrynja.²⁹⁷ Þarna var á ferðinni maður sem talaði af reynslu í þessum efnum. Í annarri prédíkun eftir Harald hafði hann jafnframt þetta að segja um Biblíuna:

Og jafnvel ritningin getur komið inn hjá oss rangri guðsmynd, getur afskræmt þá hugmynd, sem Jesús gaf oss af honum, er hann nefndi föður sinn og föður vor allra. Sú hætta getur stafað af þeirri mjög svo varhugaverðu kenning, að ritningin öll sé guðinnblásin og óskeikul. Það er ekki ritningunni að kenna, heldur skammsýni mannanna, er gert hafa sér slíkar hugmyndir um biblíuna og halda slíkum kenningum fram.²⁹⁸

Þarna er það augljóst að Haraldur var á þeirri skoðun að tími blindrar trúar væri liðinn. Kristindómurinn snérist ekki lengur um trú heldur þekkingu.²⁹⁹ Með tilkomu sálarrannsóknanna virðist Haraldur vera viss um að það væri hægt að sjá, þreifa og sanna vísindalega allt sem kristindómurinn hefði upp á að bjóða. Þegar fram liðu stundir hélt Haraldur því fram að það gætu aldrei orðið árekstrar á milli kristindóms og vísinda. Hvort tveggja væri komið frá Guði. Með nýrri þekkingu þyrftu mennirnir ekki að óttast dauðann, það væru komnar vísindalegar sannanir fyrir persónulegu framhaldslífi.³⁰⁰

Haraldi var umhugað um kenningarfrelsi presta eins og Jón Helgason. Það er öllum þeim er lesa grein Haraldar um trúarjátningar og kenningarfrelsi presta ljóst að Haraldur vildi vera laus við þá kvöð að prédika út frá kenningum kirkjunnar. Um kenningarfrelsi hafði hann þetta að segja:

Þegar kenningarfrelsi presta er að ræða, er við það átt, hvort þeir eigi í prédíkunum sínum að vera bundnir við þann skilning á öllum atriðum kristinnar trúar, sem haldið er fram í trúarjátningum þeim, er kirkjan samkvæmt lögum sínum viðurkennir.³⁰¹

Um þá sem voru kenningarfrelsinu andvígir hafði Haraldur þetta að segja „[...] þeir hljóta að vera þeirrar skoðunar, að skilningur trúarjátninganna á kristindóminum sé svo fullkominn, að lengra verði ekki komist; hann geti aldrei orðið fullkomnari í þessum heimi.“³⁰² Haraldur var viss um að sálarrannsóknir kæmu mönnunum nær skilningnum á Biblíunni og því sem hún greindi frá, fannst honum því ótrúlegt að vera bundinn við gamlar játningar. Ef prestar mættu ekki prédika út frá nýrri þekkingu væri verið „[...]að

²⁹⁷ Haraldur Níelsson, *Það er yfir oss vakað: Valdir kaflar úr ræðum séra Haralds Níelssonar prófessors*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999, bls. 72.

²⁹⁸ Sama rit, bls. 143.

²⁹⁹ Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum*, bls. 326.

³⁰⁰ Sama rit, bls. 327.

³⁰¹ Haraldur Níelsson, „Trúarjátningar og kenningarfrelsi presta“, bls. 212.

³⁰² Sama rit, bls. 212.

afneita meginreglu siðbótarinnar og leggja fjötur á hugsunarfrelsið og sannleikann.³⁰³ Í kjölfarið vitnar hann til Lúthers sem sagði að „[...] hver einstaklingur yrði að sannfærast um sannleikann fyrir sannleikans eigin mátt. Sannleikurinn yrði aldrei fyrir fram ákveðinn af neinu fullveldi.“³⁰⁴

Haraldur hafði ákveðna sérstöðu sem trúarleiðtogi. Frjálslyndi hans fólst í endurskoðun grundvallarhugtaka innan guðfræðinnar. Hann taldi sig hafa náð milliliðalausum persónulegu sambandi við Jesú Krists. Þannig var hann tilbúinn að tala gegn því sem hann taldi rangt, t.d. játningakerfum, embættum og kirkjustofnuninni sem slíkri.³⁰⁵

Öfugt við Jón Helgason tóku þessar breyttu áherslur í guðfræði Haraldar langan tíma. Oftast hefur verið litið svo á að þeir hafi snúist til frjálslyndu guðfræðinnar saman en ljóst er að svo var ekki. Haraldur fylgdi Jóni til að byrja með í frjálslyndu guðfræðinni en það sannfæring Haraldar til stefnunnar virðist ekki hafa komið fram jafn auðveldlega og hjá Jóni.³⁰⁶ Sú frjálslynda guðfræði sem Haraldur aðhylltist á rætur sínar að rekja til Englands. Þar voru áhrif spíritismans mun meiri en annars staðar í Evrópu. Jón leitaði aftur á móti til Þýskalands er trúarbragðafræði og trúarbragðaheimspeki voru alls ráðandi. Í Þýskalandi skilgreindu fræðimenn undur og kraftaverk Biblíunnar sem táknsögur og goðsagnir í stað raunsönnum lýsingum eins og Haraldur hélt fram.³⁰⁷ Þannig urðu guðfræðihugmyndir þeirra Haraldar og Jóns ólíkari og ólíkari á öðrum áratug 20. aldarinnar.

Á endanum átti eftir að slitna upp úr vinskapi þeirra. Jón greinir frá því í óútgefni ævisögu sinni að áhugi Haraldar á sálarrannsóknnum hafi farið stigvaxandi með hverju árinu og er það ljóst að það fór illa í Jón.³⁰⁸ Jóni fannst farið að bera á spíritismanum í kennslu Haraldar og var ósáttur við sinn gamla vin. Hann nefndi það við Harald og fannst sem svo að það hefði aðeins leitt til þess að fjarlægja þá meira hvor frá öðrum.³⁰⁹ Jón Helgason fór hörðum orðum um spíritisma og sálarrannsóknir. Haraldur var ekki þekktur fyrir neitt annað en að standa með því sem hann trúði. Gaf hann í kjölfarið út

³⁰³ Sama rit, bls. 224.

³⁰⁴ Sama rit, bls. 225.

³⁰⁵ Pétur Pétursson, „Haraldur Níelsson“, bls. 77–78.

³⁰⁶ Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum*, bls. 328.

³⁰⁷ Sama rit, bls. 328.

³⁰⁸ Jón Helgason, „Það sem á dagana dreif“, bls. 148.

³⁰⁹ Sama rit, bls. 148.

rit þar sem hann svaraði ásökunum Jóns.³¹⁰ Jón skynjaði það sem svo að Haraldur hefði reynt að hafa sem minnst samskipti við sig og færi jafnvel gegn frjálsslyndu guðfræðinni sem ætti rætur sínar að rekja til Þýskalands. Jón greindi frá því að þróun Haraldar yfir í spíritismann hefði verið það eina sem varpaði skugga yfir starf sitt innan Háskólans.³¹¹ Það er því ljóst að mikill ágreiningur var milli þeirra og virðast þeir aldrei hafa náð aftur saman.

3.4 Samanburður á frjálsslyndum guðfræðingum annarrar kynslóðar

Hér að framan hefur verið fjallað um þá Jón Helgason og Harald Níelsson. Báðir voru þeir áhrifamiklir menn og áttu vegna sterkrar stöðu sinnar auðvelt með að koma guðfræðihugmyndum sínum á framfæri. Sérstaklega í starfi þeirra sem kennara, fyrst við Prestaskólann og síðar við guðfræðideild Háskóla Íslands.

Sýnt hefur verið fram á hvernig þeir snéru baki við rétttrúnaðinum og aðhylltust frjálsslyndu guðfræðina, hvor á sinn hátt. Jafnvel þó að angar guðfræðihugmynda þeirra hafi teygt sig langt út fyrir stefnu frjálsslyndu guðfræðinnar, er ekki annað hægt en að staðsetja þá báða innan stefnunnar. Guðfræðihugmyndir þeirra voru að mörgu leyti svipaðar þó að ágreiningur þeirra hafi síðar leit til vinslita. Þeim fannst nauðsynlegt að sýna fram á hvernig arfleifð siðbótarinnar þróaðist áfram innan kirkjunnar. Það var ekki alltaf auðvelt verkefni því það krafðist þess að þeir gerðu það bæði inn á við til að tryggja stöðu sína gagnvart gamaltrúuðum einnig út á við sem þátttakendur í gildismótun samfélagsins.³¹² Þeir voru báðir hlynntir kenningar- og játningarfrelsi presta eins og kom vel fram í greinum þeirra um þau málefni. Í þýðingarstarfi þeirra við Biblíuna voru þeir sammála um að Biblían innihéldi ekki aðeins Guðs orð. Þeir unnu þannig brautryðjanda starf í biblíugagnrýni hér á landi. Þeir voru til að byrja með skoðunarbræður í flest öllum málefnum guðfræðinnar. Þannig tókst þeim að opna frjálsslyndu guðfræðinni leið að íslenskri kristni. Í þeirra augum átti Guð að vísa mönnum veginn með kærleika sínum.

Þeim greindi þó hressilega á þegar kom að kraftaverkasögum Biblíunnar. Jón aðhylltist frjálsslyndu guðfræðina eins og hún kom fram í Þýskalandi þar sem slíkar

³¹⁰ Haraldur Níelsson, *Hví slær þú mig? II: Andsvar gegn ummælum biskups*, Reykjavík: Ísafold, 1922.

³¹¹ Jón Helgason, „Það sem á dagana dreif“, bls. 149.

³¹² Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð*, bls. 341.

sögur voru aðeins taldar táknsögur og goðsagnir. Fyrir Haraldi voru sögurnar hins vegar eitt mikilvægasta atriði kristninnar. Hann trúði þeim, þar sem hann hafði upplifað líka atburði á miðilsfundum. Fyrir Haraldi var nauðsynlegt að sanna líf eftir dauðann. Hann var á því að trúin ein væri ekki nægilega sterk stoð, með nýjum tíma þurfti að hafa aðferðir vísindanna með í öllum aðgerðum. Þó svo að Jón hefði á engan hátt verið ósammála því að vísindin skiptu miklu máli, hafði hann enga trú á sálarrannsóknnum og spíritisma.

Erfitt er að fullyrða um það hver þessara hvor þeirra hafði meiri áhrif á komandi kynslóðir með guðfræðihugmyndum sínum. Það er ómögulegt að segja til um það út frá þeim mönnum sem teknir verða fyrir í þriðju kynslóð þar sem úrtakið er of lítið. Báðir skyldu þeir eftir sig heilmikið guðfræðilegt efni. Benjamín Kristjánsson (1901–1984) frjálsslyndur guðfræðingur og prestur, fullyrti þó að Haraldur hefði haft mestu áhrif á kennisveit þjóðkirkjunnar af öllum kennurum.³¹³ Það verður þó að hafa í huga að Haraldur starfaði mun lengur í guðfræðideildinni en Jón og þess vegna ekki ólíklegt að áhrifa hans hefðu gætt lengur en Jóns, sem þó var lengi í æðsta starfi þjóðkirkjunnar. Hvað sem því nemur komu áhrif þeirra bæði Jóns og Haraldar bersýnilega í ljós hjá fulltrúum þriðju kynslóðarinnar.

³¹³ Benjamín Kristjánsson, „Ég ætla að standa í kirkjunni meðan ég fæ“, *Haraldur Níelsson: Stríðsmaður eilífðarvissunnar 1868–1968*, ritstj. Benjamín Kristjánsson, Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands, bls. 152–153, hér bls. 152–153.

4 Þriðja kynslóð frjálslyndra guðfræðinga

Í þessum kafla verður fjallað um tvo fulltrúa þriðju kynslóðar frjálslyndra guðfræðinga. Það eru þeir Magnús Jónsson og Ásmundur Guðmundsson. Ástæða þess að þeir tveir voru teknir fyrir sem fulltrúar þessarar kynslóðar er fyrst og fremst vegna sterkrar stöðu þeirra innan þjóðkirkjunnar. Bæði Magnús og Ásmundur voru undir áhrifum kennara sinna þeim Jóni Helgasyni og Haraldi Níelssyni sem fjallað hefur verið um hér að framan. Í þessum kafla verður leitast við að varpa ljósi á það hvernig þeir tóku við hugmyndum forvera sinna, þróðu þær og reyndu að flytja þær áfram til næstu kynslóða en báðir höfðu þeir góða stöðu hér á landi til að koma skoðunum sínum á framfæri.

4.1 Magnús Jónsson

Magnús Jónsson fæddist að Hvammi í Norðurárdal í Borgarfirði 1887. Foreldrar hans voru Jón Ólafur Magnússon (1856–1929) prestur og Steinunn Guðrún Þorsteinsdóttir (1849–1919) húsmóðir. Jón Ólafur hafði séð um kennslu barna og þegar Magnús var 12 ára gamall hóf hann að undirbúa hann undir nám.³¹⁴ Magnús virðist hafa verið framúrskarandi námsmaður og útskrifaðist hann úr Menntaskólanum í Reykjavík vorið 1907 með hárrí einkunn. Eftir það hélt hann til Hafnarháskóla og hóf nám í heimspeki og málfræði með ensku sem sérvið. Magnús sagði síðar að Kaupmannahöfn og mannlífið þar hefði haft gífurleg áhrif á sig.³¹⁵

Eftir eins árs dvöl í Danmörku kom Magnús aftur heim til Íslands og hóf nám í Prestaskólanum. Jón Helgason hafði strax mikil áhrif á Magnús og má í raun og veru segja að Jón hafi fengið Magnús til að hefja nám í Prestaskólanum.³¹⁶ Jón hafði lært hjá föður Magnúsar, Jóni Ólafi og þekktust þeir því vel. Magnús byrjaði námið með hálfum hug þar sem hann var óviss með hvað það væri sem honum langaði að takast á við í framtíðinni.³¹⁷ Magnús kláraði þrátt fyrir það prestnámið 1911 með ágætiseinkunn en hann var aðeins annar maðurinn í sögu Prestaskólans til að ná þeim

³¹⁴ Matthías Johannessen, *Samtöl IV*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1982, bls. 137.

³¹⁵ Sama rit, bls. 138.

³¹⁶ Móeiður Júníusdóttir, „Frjálslynda guðfræðin haslar sér völl á Íslandi“, *Glíman sérrit 2*, 2010, bls. 127–143, hér bls. 135.

³¹⁷ Gunnar Árnason, „Dr. theol Magnús Jónsson sjötugur“, *Kirkjuritið 3/1957*, bls. 444–452, hér bls. 445.

árangri.³¹⁸ Eftir útskrift hélt hann til Winnipeg og þjónaði þar í Tjaldbúðarsöfnuði í fjóra mánuði.³¹⁹ Var hann þá að leysa sr. Friðrik J. Bergmann af. Magnús sá einnig um útgáfu *Breiðabliks* sem var mál gagn fylgismanna frjálsslyndu guðfræðinnar í Vesturheimi. Hann virðist því snemma hafa mótast af skoðunum frjálsslyndu guðfræðinnar. Enda sagði hann að kennarar sínir við Prestaskólann þeir Jón Helgason og Haraldur Níelsson hefðu haft mest áhrif á sig.³²⁰ Það þarf engan að undra miðað við þau sjónarmið sem Magnús hélt á lofti.

Magnús fékk vígslu til Garða- og Þingvallasókn í Norður-Dakóta 1912 eftir að sr. Lárus Þórarinn Jónsson Thorarensen (1877–1912) prestur lést. Á þessum tíma voru miklar deilur um frjálsslyndu guðfræðina og lét Magnús til sín taka á þeim vígvelli sem betur verður fjallað um í sambandi við guðfræðihugmyndir hans. Magnús var ekki bara í stöðugu sambandi við Ísland og frjálsslynda guðfræðinga þar heldur leitaði hugurinn ávallt heim. Hann fékk veitingu fyrir Ísafjarðarprestakalli 1915 og var ekki lengi að láta til sín taka í guðfræði baráttunni hér á landi.³²¹ Magnús skrifaði *Marteinn Lúther. Æfisaga* 1917 og fékk læriföður sinn Jón Helgason til að lesa hana yfir.³²² Á sama tíma var Jón Helgason að skrifa þriðja bindi í kirkjusögu flokki sínum. Þar var að finna stóran kafla um störf Lúthers og útbreiðslu siðbótar hans. Bæði Magnús og Jón horfðu til Lúthers með frjálsslyndum gleraugum sínum en í umfjöllun þeirra kemur kynslóðabil þeirra glögglega í ljós. Á meðan Jón lagði áherslu á siðbót Lúthers og hlutverk hans sem leiðtoga innan kirkjunnar sem kemur röð og reglu á kirkjuna, þá lagði Magnús áherslu á byltingu Lúthers.³²³

Magnúsi hugnaðist það ekki alltaf vel að vera prestur.³²⁴ Hann var meiri fræðimaður og átti betur við hann að kenna. Það kom því ekki á óvart er hann sóttist eftir því að verða dósent við guðfræðideild Háskóla Íslands 1917. Staða Jóns Helgasonar hafði losnað er hann varð biskup eftir fráfall Þórhalls Bjarnarsonar. Magnús var einn af þremur umsækjendum um starfið. Hinir voru Tryggvi Þórhallsson (1888–1935) síðar forsætisráðherra og Ásmundur Guðmundsson. Fór í fyrsta sinn fram

³¹⁸ Ásmundur Guðmundsson, „Dr. theol. Magnús Jónsson prófessor 26. nóv. 1887 – 2. apríl 1958“, *Kirkjuritið* 24/1958, bls. 148–155, hér bls. 148–149.

³¹⁹ Móeiður Júníusdóttir, „Frjálsslynda guðfræðin haslar sér völl á Íslandi“, bls. 135.

³²⁰ Gunnar Árnason, „Dr. theol Magnús Jónsson sjötugur“, bls. 445 og 446.

³²¹ Móeiður Júníusdóttir, „Frjálsslynda guðfræðin haslar sér völl á Íslandi“, bls. 137.

³²² Magnús Jónsson, *Marteinn Lúther: Æfisaga*, Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1917, bls. 164.

³²³ Móeiður Júníusdóttir, „Frjálsslynda guðfræðin haslar sér völl á Íslandi“, bls. 138.

³²⁴ Gunnar Árnason, „Dr. theol Magnús Jónsson sjötugur“, bls. 446.

samkeppnispróf um stöðuna.³²⁵ Magnús skoraði hæðst á prófinu og fékk stöðuna. Mætti ætla að trúarskoðanir hans hafi haft þar heilmikið að segja sérstaklega í ljósi þess að í fimm manna dómnefnd voru þeir Haraldur Níelsson, Sigurður P. Sívertsen, Jón Helgason, Björn M. Ólsen (1850–1919) prófessor í íslenskri málfræði og Jón J. Aðils (1869–1920) sögukennari.³²⁶ Eins og sjá má var frjálslynda guðfræðin í hávegum höfð hjá þeim guðfræðingum sem sátu í þessari nefnd.

Magnús starfaði sem dósent til 1928 og varð þá prófessor. Hann átti farsælan feril sem kennari sem spannaði yfir 30 ár.³²⁷ Þar kom hann sýn sinni á frjálslyndu guðfræðinni áfram til nemenda sinna. Magnús lét til sín taka á fleiri sviðum en kennslu, hann sat t.a.m. á þingi í 26 ár. Hann var auk þess í bankaráði Landsbankans, atvinnumálaráðherra eitt ár og formaður fjárhagsráðs í sjö ár.³²⁸ Hann sagði að það hefði aldrei verið neinn vandi að samrýma þjónustuna innan kirkjunnar og stjórnmalastarfsemi sína þar sem hann hefði einfaldlega aldrei reynt það. Fyrir honum voru þetta tvær veraldir sem engin ástæða var til að reyna að samrýma þar sem guðfræðin var ávallt vel læst gegn öllu sem að utan kæmi.³²⁹ Guðfræðihugmyndir Magnúsar voru þó ekki það fastar í sér að þær tækju ekki breytingum. Hann var alinn upp í rétttrúnaði ená námsárunum snéri hann baki við honum. Til að hægt sé að gera almennilega grein fyrir guðfræðihugmyndum Magnúsar þarf fyrst að skoða greinar sem hann skrifaði í *Breiðablik* þegar hann dvaldist í Vesturheimi. Auk allra þeirra starfa sem Magnús tók að sér, skrifaði hann margar bækur t.d. *Saga Kristinnar kirkju*³³⁰ og *Inngangsfraedi Nýja testamentisins*.³³¹ Svo mikil voru afköst Magnúsar, að samkennari hans Ásmundur Guðmundsson sagðist aldrei hafa kynnst öðrum eins athafnarmanni.³³²

Í grein frá 1911 sagði Magnús að trúin væri ekki fólgin í því að viðkomandi myndi samþykkja allt sem í ritningunni stæði þar sem trúaðir menn gætu „[...] átt þá sáluhjálplegu trú, og þó þekt fæstar af trúarsetningum kirkjunnar og efast um ýmsar af

³²⁵ Móeiður Júníusdóttir, „Frjálslynda guðfræðin haslar sér völl á Íslandi“, bls. 138.

³²⁶ Sama rit, bls. 139.

³²⁷ Sama rit, bls. 141.

³²⁸ Ásmundur Guðmundsson, „Dr. theol. Magnús Jónsson prófessor“, bls. 152.

³²⁹ Gunnar Árnason, „Dr. theol Magnús Jónsson sjötugur“, bls. 449.

³³⁰ Magnús Jónsson, *Saga kristinnar kirkju: Kennslubók*, Reykjavík: Magnús Jónsson, 1941.

³³¹ Magnús Jónsson, *Inngangsfraedi Nýja testamentisins*, Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1921.

³³² Ásmundur Guðmundsson, „Dr. theol. Magnús Jónsson prófessor“, bls. 153.

frásögum ritningarinnar.³³³ Í kjölfarið kemur hann inn á sjónarhorn frjálslyndu guðfræðinnar um trú og sagði „[...] hún er persónuleg reynsla hvers einstaklings, innri reynsla, sem hann fær fyrir sannleika fagnaðarerindisins. Það er því rangt að setja hana gagnstætt þekkingunni, og því meira rangt að setja hana alls staðar lægra þekkingunni.“³³⁴ Í annarri grein sem Magnús birti sama ár talaði hann um sannleiksleitina og varaði við þeirri skoðun að Kristnir menn ættu sannleikann einir. Einhvern sannleika væri að finna í öllum trúarbrögðum.³³⁵ Í sama blaði gagnrýndi hann m.a. æskufrásagnir guðspjallanna og kenninguna um meyjarfæðinguna.³³⁶ Áhrif frjálslyndu guðfræðinnar leyndu sér því ekki hjá Magnúsi strax eftir útskrift úr Prestaskólanum.

Tveimur árum eftir að hann birti þessar hugleiðingar sínar í *Breiðabliki* skrifar hann aðra grein til stuðnings Jóni Helgasyni og guðfræðihugleiðingar hans.³³⁷ Í grein Magnúsar kemur það bersýnilega fram að hann virðist fylgja skoðunum Jóns Helgasonar eftir í hvívetna. Magnús lét greinina ekki duga heldur flutti hann fyrirlestur sem bar nafnið *Biblían, innblásin og óskeikul*. Hann birtist í tvennu lagi í *Breiðabliki* og var Magnús með honum að taka upp þráðinn frá Haraldi Níelssyni og Jóni Helgasyni um fjarstæðu kenningarinnar um innblástur og óskeikulleika Biblíunnar.³³⁸ Áhrif prestaskólakennaranna koma því skýrt fram í greinum Magnúsar á meðan hann var starfandi í Vesturheimi.

Magnús hélt áfram að skrifa út frá frjálslyndu guðfræðinni eftir að hann kom heim. Það fór þó ekki jafn mikið fyrir skrifum hans eins og þegar hann skrifaði í *Breiðablik*. Mörgum árum eftir að hann kom heim skrifaði hann grein í *Strauma* um nýja trúarjåtningu.³³⁹ Þar virðist Magnús enn þá vera sömu skoðunar og mestu áhrifavalda hans, Jón Helgason og Haraldur Níelsson. Það sést einna best í hugmyndum Magnúsar um trúarjåtningar kirkjunnar, þar sem hann var alfarið á móti því að ein allsherjar játning ætti að vera fyrir kirkjuna, nema bænin sem Jesús gaf mönnunum,

³³³ Magnús Jónsson, „Trúin“, *Breiðablik* 6:4/1911, bls. 51–53.

³³⁴ Sama rit, bls. 51–52.

³³⁵ Magnús Jónsson, „Sannleiksleit“, *Breiðablik* 6:2/1911, bls. 17–20, hér bls. 19.

³³⁶ Magnús Jónsson, „Æskufrásögurnar í guðspjöllunum“, *Breiðablik*, 6:2/1911, bls. 20–25, hér bls. 20–22.

³³⁷ Magnús Jónsson, „Forseti Kirkjufélagsins um trúmálhugleiðingar próf. J. H.“, *Breiðablik* 8:1/1913, bls. 12–14.

³³⁸ Magnús Jónsson, „Biblían, innblásin og óskeikul“, *Breiðablik*, 2–3/1913, bls. 25–29, 36–41.

³³⁹ Magnús Jónsson, „Ný trúarjåtning“, *Straumar*, 2:1/1928, bls. 8–10.

Faðirvor.³⁴⁰ Sigurjón Árni Eyjólfsson álitur að þessi umræða Magnúsar hafi opinberað þá einangrun sem var farin að gera vart við sig á þriðja áratug síðustu aldar innan frjálslyndu guðfræðinnar.³⁴¹ Magnús kom til með að mildast í afstöðu sinni gegn rétttrúnaðinum þó að hann hafi alltaf geta talist frjálslyndur. Hann átti auðvelt með að setja sig í spor beggja fylkinga enda hafði hann kynnst þeim báðum á sínum ferli. Nemendum hans í guðfræðideild háskólans fannst t.d. eftirminnilegt hversu vel hann gat fjallað um öll mál frá ólíkum hliðum.

4.2 Ásmundur Guðmundsson

Ásmundur Guðmundsson fæddist í Reykholti í Borgarfirði 1888. Foreldrar hans voru þau Guðmundur Helgason (1853–1922) prófastur þar og Þóra Ásmundóttir (1851–1902) húsmóðir. Efnahagur foreldra Ásmundar var góður og var því ekki nein fyrirstaða fyrir því að hann hæfi nám í Lærða skólanum um leið og hann hafði aldur til. Á námsárunum bjó Ásmundur hjá Þórhalli Bjarnarsyni sem þá var forstöðumaður Prestaskólans.³⁴² Stúdentsprófi lauk Ásmundur 1908 með ágætiseinkunn og um haustið hélt hann til Hafnarháskóla að nema guðfræði. Þar dvaldist hann aðeins í einn vetur, hélt þá heim í Prestaskólann, sem ári síðar lagðist af er guðfræðideild Háskóla Íslands var stofnuð. Þar lauk hann guðfræðinámi sínu 1912 í hópi fyrstu kandiðata háskólans.³⁴³ Ásmundur þurfti því að fara í gegnum þrjá skóla til að ljúka guðfræðináminu.

Eftir útskriftina vígðist Ásmundur til íslensku safnaðanna í Vatnabyggðum í Saskatchewan og síðan í Alberta í Kanada.³⁴⁴ Þar dvaldist hann aðeins í tvö ár er hann fór aftur til Íslands og hóf prestskap í Stykkishólmi. Hluta af prédikunum sínum frá þeim árum gaf Ásmundur síðar út og tileinkaði bókina Helgafellsprestakalli.³⁴⁵ Þar kom frjálsynd guðfærði hugsun hans vel fram. Árið 1919 baðst Ásmundur lausnar prestskapar og gerðist í kjölfarið skólastjóri við Alþýðuskólann á Eiðum. Ásamt

³⁴⁰ Sama rit, bls. 9.

³⁴¹ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóf*, bls. 322.

³⁴² Tryggvi Ásmundsson, „Ásmundur Guðmundsson“, *Faðir minn — Presturinn*, ritstj. Hersteinn Pálsson, Reykjavík: Skuggsjá, 1977, bls. 171–180, hér bls. 171.

³⁴³ Sama rit, bls. 173.

³⁴⁴ Sama rit, bls. 173.

³⁴⁵ Ásmundur Guðmundsson, *Frá heimi fagnaðarerindisins: Helgidagaræður frá 1. sunnudegi í aðventu til 2. páskadags*, Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1919.

kennaratarfi sínu fékkst hann við ritstörf þar sem hann þýddi m.a. *Das Wesen Des Christentums* hið fræga rit Adolf Von Harnack (1851–1930) einn þekktasta frjálslynda guðfræðing Evrópu. Auk þess ritaði Ásmundur margar greinar í *Prestafélagsritið*.³⁴⁶ Hann hætti ekki að láta kirkjunnar mál til sín taka og var virkur í félagsmálum presta.³⁴⁷

Eins og greint var frá í umfjöllun um Magnús Jónsson hér framar, sótti Ásmundur um kennarastöðu við guðfræðideild Háskóla Íslands 1917 en fékk ekki. 11 árum síðar andaðist Haraldur Níelsson og var Ásmundur kallaður inn í stöðu Haraldar til að sjá um kennslu í Gamla testamentis fræðum.³⁴⁸ Það má með sannni segja að Ásmundur hafi komið inn í guðfræðideildina með krafti. Það getur ekki hafa verið auðvelt verkefni að feta í fótspor Haraldar Níelssonar. Sérstaklega í ljósi þess að Ásmundur hafði lítið fengist við guðfræðiiðkanir í nokkur ár. Ásmundi virðist þó hafa tekist vel til og festi sig fljótt í sessi sem kennari við deildina. Hann samdi mikið af bókum sem notaðar voru við kennslu má þar nefna *Samstofna guðspjöllin: Uppruni þeirra og afstaða sína á milli*³⁴⁹ og *Saga Ísraelsþjóðar*.³⁵⁰ Þrátt fyrir að Ásmundur hefði verið þeirrar skoðunar að beita vísindalegum aðferðum í guðfræðinni, var það alltaf mikilvægara í augum Ásmundar að búa nemendur sína sem best undir preststarfið.³⁵¹

Ásmundur starfaði við guðfræðideildina í 25 ár. Kennarastarfið var honum kærkomið og notaði hann öll þau tækifæri sem gáfust til að koma boðskap kristinnar trúar til nemenda sinna. Samhliða kennarastarfinu var Ásmundur formaður Prestafélags Íslands 1936–1954.³⁵² Eftir farsælan feril sem kennari og formaður Prestafélagsins tók Ásmundur við biskupsembætti eftir að Sigurgeir Sigurðsson lést.³⁵³ Ásmundur var þá orðinn 65 ára gamall og því ljóst að biskupstíð hans yrði ekki löng. Þegar loks kom að því að Ásmundur þurfti að hætta sökum aldurs vildi meirihluti prestastéttarinnar að hann fengi undanþágu til að starfa lengur.³⁵⁴ Ásmundur virðist

³⁴⁶ Benjamín Kristjánsson, *Saga Prestaskólans og guðfræðideildar Háskólans 1847–1947*, bls. 335.

³⁴⁷ Sigurbjörn Einarsson, „Minningarræða við útför Ásmundar biskups Guðmundssonar“, *Kirkjuritið* 35/1969, bls. 242–245, hér bls. 243.

³⁴⁸ Benjamín Kristjánsson, *Saga Prestaskólans og guðfræðideildar Háskólans 1847–1947*, bls. 333–334.

³⁴⁹ Ásmundur Guðmundsson, *Samstofna guðspjöllin: Uppruni þeirra og afstaða sín á milli*, Reykjavík: Háskóli Íslands, 1938.

³⁵⁰ Ásmundur Guðmundsson, *Saga Ísraelsþjóðar*, Reykjavík: Leiftur, 1948.

³⁵¹ Björn Jónsson, „Kennarinn: Minningar um prófessor Ásmund Guðmundsson“, *Kirkjuritið* 35/1969, bls. 256–261, hér bls. 260.

³⁵² Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð*, bls. 410.

³⁵³ Tryggvi Ásmundursson, „Ásmundur Guðmundsson“, bls. 176.

³⁵⁴ Jón Auðuns, „Dr. theol Ásmundur Guðmundsson biskup (líkræðan)“, *Kirkjuritið* 35/1969, bls. 246–251, hér bls. 249.

hafa verið tilbúin til þess og urðu það honum mikil vonbrigði er kirkjumálaráðherra hafnaði áskorun prestana.³⁵⁵ Heilsu hans tók að hraka eftir biskupstíðina en þrátt fyrir það fékkst hann við hin ýmsu störf.

4.2.1 Guðfræði Ásmundar Guðmundssonar

Ásmundur fylgdist alla tíð vel með því sem var að gerast í guðfræði nágrannalandanna. Honum virðist ekki hafa líkað vel við þegar áhrif frjálslyndu guðfræðinnar tóku að dvína. Ástæðan fyrir því var sú að Ásmundur fann öðrum stefnum ekki nægilega traustan grundvöll í kenningu Jesú.³⁵⁶ Þegar hann nam guðfræði bæði hér heima og í Kaupmannahöfn var frjálslynda guðfræðin orðin ríkjandi stefna. Ásmundur leit upp til forvera sinna innan frjálslyndu guðfræðinnar á Íslandi og þá einna helst Þórhalls Bjarnarsonar.³⁵⁷ Þegar hann hóf kennslu í guðfræðideildina voru hvorki Jón Helgason né Haraldur Níelsson lengur starfandi þar. Ásmundur var engu að síður góður vinur Jóns og unnu þeir heilmikið saman.

Ásmundur sagði að guðfræðivísindi hefðu alla tíð verið heilög fræði í hans augum og þau hefði hann viljað stunda óháð öllum kennisetningum, aðeins til að spyrja hvað væri satt og rétt.³⁵⁸ Hann benti jafnframt á að gagnrýni sumra guðfræðinga hefðu farið út í öfga í gegnum tíðina. Hann hafði þó ekki áhyggjur af því, þar sem rannsóknir hans hefðu kennt honum að kristindómurinn stæði sögulega traustum rótum og heimildarit hans væru örugg.³⁵⁹ Ljóst er að Ásmundur var alfarið á móti skoðunum únítara, hann tók það sérstaklega fram að það væri hlutverk kirkjunnar að leiða í ljós guðdómsmynd Kristis.³⁶⁰ Ásmundur var sannarlega ekki á móti umræðum um skiptar skoðanir trúmála heldur sagði hann að þær gætu orðið til góðs á ýmsan hátt.³⁶¹

Í hirðisbréfi sínu til presta og prófesta sem Ásmundur sendi frá sér við upphaf biskupsdóms síns, greinir hann frá því að skoðanir hans í trúmálum myndu ekki breytast þó að hann skipti um stöðu innan kirkjunnar.³⁶² Hann myndi þó ekki fara gegn

³⁵⁵ Tryggvi Ásmundsson, „Ásmundur Guðmundsson“, bls. 177.

³⁵⁶ Jón Auðuns, „Dr. theol Ásmundur Guðmundsson biskup (líkræðan)“, bls. 248.

³⁵⁷ Tryggvi Ásmundsson, „Ásmundur Guðmundsson“, bls. 171.

³⁵⁸ Ásmundur Guðmundsson, *Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi*, bls. 7.

³⁵⁹ Sama rit, bls. 9.

³⁶⁰ Sama rit, bls. 39.

³⁶¹ Sama rit, bls. 10.

³⁶² Sama rit, bls. 10.

þeim sem ólíkar skoðanir hefðu, svo framarlega sem hann fyndi að þær byggji einlægni að baki því sannfæring manna væri það mikilvægasta í trúnni.³⁶³ Ásmundur var á móti svokallaðri „ofsatru“ og bætti því við að „[...] eitt orð mælt af einlægni og sannleiksást [væri] betra en heilt bókasafn lærðra guðfræðirita, þar sem hjartað [slægi] ekki undir.“³⁶⁴ Hann túlkaði orð Jesú á þann veg að allir ættu að vera eitt en það þýddi ekki að allir þyrftu að vera eins.³⁶⁵

Þó að Ásmundur hefði ekki sagst ætla að vera á móti neinum í starfi sínu sem biskup, fór það ekki á milli mála í Hirðisbréfinu, hvaða guðfræði stefnu hann hvatti menn til að fylgja:

Vér þurfum að standa vörð um þessa sönnu og glöðu, heilbrigðu og þjóðlegu trú feðra vorra og mæðra — reyna að styðja að því af alefli, að hún verði dýrasti arfurinn uppvaxandi kynslóð og kynslóðum, laus við erlendar stælingar, ósnortinn [sic] af þröngsýnum áróðri eða dómsýki manna, runninn [sic] frá sjálfri uppsprettu lífsiins í barnslega hreinum hjörtum.³⁶⁶

Ásmundi var einstaklega annt um þjóðkirkjuna. Fyrir honum var þjóðkirkjan ein heild sem samanstóð af þjóð og kirkju. Hlutverk hennar væri að gæta andlegra verðmæta þjóðarinnar og jafnframt tryggja siðferðilegan styrk hennar.³⁶⁷ Kristindómurinn átti að vera sál þjóðarinnar og íslenska þjóðin var afsprengi ríkis Guðs.

Höfuðeinkenni guðfræði Ásmundar var hversu bundinn hann var Kristi eins og hann birtist í guðspjöllunum í allri framsetningu sinni. Hann trúði því að þannig gætu allir séð skyldur sínar út frá orðum og fyrirdæmi Jesú Krists.³⁶⁸ Hann áleit að Kristur hefði verið bjartsýnn á lífið og þannig vildi hann að allir menn væru.³⁶⁹ Hann hélt því fram að bjartsýni væri einn af lykilþáttum kristinnar trúar þar sem hún hefði gengið í erfðum frá Kristi til lærisveina sinna. Með henni væri auðveldara að komast í gegnum ofsóknir og með bjartsýnina að leiðarljósi væri allt hægt.³⁷⁰ Hann vildi að almenningur öðlaðist nýja lífssýn til að auðveldara væri fyrir alla að láta líf sitt snúast um að finna guðsríki.

³⁶³ Sama rit, bls. 10.

³⁶⁴ Sama rit, bls. 11.

³⁶⁵ Sama rit, bls. 11.

³⁶⁶ Sama rit, bls. 14–15.

³⁶⁷ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóð*, bls. 374.

³⁶⁸ Gunnar Arnason, „Ásmundur biskup Guðmundsson (störf hans í Prestafélagi Íslands)“, *Kirkjuritíð* 35/1969, bls. 262–270, hér bls. 268.

³⁶⁹ Ásmundur Guðmundsson, *Frá heimi fagnaðarerindisins*, bls. 35.

³⁷⁰ Sama rit, bls. 36–37.

4.3 Samanburður á frjálslýndum guðfræðingum þriðju kynslóðar

Ljóst er að Magnús Jónsson og Ásmundur Guðmundsson byggðu að miklu leyti guðfræðihugmyndir frá annarri kynslóð frjálslýndra guðfræðinga hér á landi. Enda voru þeir lærisveinar Jóns Helgasonar og Haraldar Níelssonar. Magnús og Ásmundur hófu báðir prestskap í Vesturheimi og áttu hvorugur þeirra eftir að starfa sem prestur í mörg ár á Íslandi. Þeir höfðu meiri áhuga á kennslu og sóttu um kennarastöðu við guðfræðideild Háskóla Íslands er Jón Helgason varð biskup. Magnús fékk stöðuna en Ásmundur átti síðar eftir að taka við stöðu Haraldar Níelssonar.

Ekki er hægt að greina stórt stökk í þróun guðfræðilegra hugmynda milli annarrar og þriðju kynslóðar en ljóst er að Magnús og Ásmundur voru að byggja að miklu leyti á hugmyndum annarrar kynslóðar. Sést það vel hjá Magnúsi í greinum hans í *Breiðabliki* er hann kom gömlu kennurum sínum til varnar. Fyrir Magnúsi var persónuleg trú mikilvægari kenningum og játningum kirkjunnar, hann var einnig gagnrýninn á hugmyndina um Biblíuna sem innblásið orð Guðs. Hvað guðfræði Ásmundar varðar, lagði hann mikið upp með sömu hugmyndir og fyrri kynslóðir frjálslýndra guðfræðinga á Íslandi. Hann lagði mikla áherslu á að trúin ætti að koma frá hjartanu og það væri aðeins þær trúarhugmyndir sem einhver framtíð væri í. Þjóðkirkjan var honum einstaklega mikilvæg og er ljóst á skrifum hans að hann sá ekki að hún gæti áfram starfað nema undir áherslum frjálslýndrar guðfræði.

Þó svo að ekki sé hægt að greina mikla breytingu í guðfræðihugmyndum fyrstu og annarrar kynslóðar, skal ekki vanmeta hlutverk Magnúsar og Ásmundar í sögu frjálslýndu guðfræðinnar Íslandi. Það er að stórum hluta þeim að þakka að stefnan var ríkjandi fram eftir 20. öldinni. Þeir voru í lykilstöðu til að tryggja það að stefnan héldi góðiri stöðu og létu sitt ekki eftir liggja í að reyna fá komandi guðfræðinga og þjóðina alla til að aðhyllast hana.

Sem kennarar við guðfræðideild Háskóla Íslands höfðu þeir nánast ótakmarkað aðgengi að prestsefnum Íslands. Þó að það hafi ekki verið einlægur ásetningur þeirra að boða þeim guðfræðihugmyndir sínar, þá er alveg ljóst að hugmyndir þeirra hafi komist til skila. Ásmundur nýtti einnig stöðu sína sem biskup til að koma hugmyndum frjálslýndu guðfræðinnar áfram. Guðfræðikenningar og hugmyndir þeirra Magnúsar og Ásmundar var haldið á lofti af arftakendum þeirra bæði innan prestastéttarinnar, í Prestafélagi Íslands og meðal kennara guðfræðideildarinnar. Þar má t.d. nefna þá

Gunnar Árnason (1901–1985) sem var formaður Prestafélags Íslands 1964–1968 og Björn Magnússon (1904–1997) kennara við guðfræðideildina 1937–1974.³⁷¹

³⁷¹ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjóf*, bls. 410.

6 Niðurstöður

Viðfangsefni þessarar ritgerðar var að fjalla um sögu frjálslyndu guðfræðinnar á Íslandi. Sýna átti fram á hvenær, hvernig og hvers vegna stefnan barst til Íslands með því að varpa ljósi á guðfræðihugmyndir þriggja kynslóða frjálslyndra guðfræðinga á Íslandi. Það tímabil sem er til umfjöllunar í þessari ritgerð einkenndist að miklu leyti af breyttri heimsmynd. Við upphaf rannsóknartímabilsins voru gífurlegar hugmyndasögulegar breytingar og áttu þær aðeins eftir að verða meiri, bæði hér á landi og annars staðar í heiminum. Það var því aðeins tímaspursmál hvenær breytingar kæmu fram á sviði trúmála.

Fyrri rannsóknarspurning sem sett var fram hér fyrr í ritgerðinni var: Hvernig stóð á því að frjálslynda guðfræðin náði lykilstöðu í íslensku þjóðkirkjunni?

Til að svara því þarf að líta yfir farinn veg í ritgerðinni. Magnús Eiríksson var fyrsti Íslendingurinn til að setja fram stórvægilega gagnrýni á kenningar og játningar kirkjunnar. Þó svo að hann hafi farið til Kaupmannahafnar til að nema guðfræði og aldrei snúið þaðan til Íslands, höfðu rit hans og gagnrýni áhrif hingað heim. Magnús kom fram með sínar guðfræðihugmyndir langt á undan öðrum Íslendingum og þarf því ekki að undra þær slæmu móttökur sem rit hans fengu hér á landi. Matthías Jochumsson var einn af þeim fáu á Íslandi sem fannst margt til í kenningum Magnúsar og var í sambandi við hann um guðfræðileg málefni. Þannig má segja að Matthías hafi verið undir áhrifum frá Magnúsi. Frjálslyndar guðfræðihugmyndir Páls Sigurðssonar eru þó að langmestu leyti Matthías Jochumssyni að þakka. Það er hins vegar erfiðara að sjá áhrifavalda á guðfræðihugmyndir Þórhalls Bjarnarsonar. Áhugi Þórhalls fyrir frjálslyndu guðfræðinni virðist hafa kviknað þegar hann var í Hafnarháskóla. Hann þekkti þó vel til Matthíasar og alls ekki ólíklegt að Matthías hafi haft áhrif á skoðanir hans.

Öfugt við stærstan hluta fyrstu kynslóðarinnar komust þeir Jón Helgason og Haraldur Níelsson í áhrifamiklar stöður innan kirkjunnar. Í fyrstu voru þeir báðir harðir andstæðingar frjálslyndrar guðfræði en snérist hvor á sinn hátt til hennar í kringum aldamótin 1900. Í ritgerðinni hefur verið sýnt fram á hversu ólík guðfræði þeirra varð með tímanum. Engu að síður er hægt að tala um þá báða sem frjálslynda guðfræðinga.

Það er ljóst að það er fyrst og fremst þeim Jóni Helgasyni og Haraldi Níelssyni að þakka að frjálslynda guðfræðin náði lykilstöðu í íslensku þjóðkirkjunni. Þeir áttu

auðveldara með að koma hugmyndum sínum að heldur en fulltrúar fyrstu kynslóðarinnar. Það gerðu þeir úr áhrifamiklu stöðum sínum innan kirkjunnar. Það ber þó að hafa í huga að ef ekki hefði verið fyrir aðkomu fyrstu kynslóðarinnar að gera jarðveginn betri fyrir frjálsslyndu guðfræðina, þá er allskostar óvíst hvort þeir Jón Helgason og Haraldur Níelsson hefðu nokkurn tíman aðhyllst frjálsslyndu guðfræðinni og komið hugmyndafræði hennar í lykilstöðu innan þjóðkirkjunnar.

Síðari rannsóknarspurning sem spurð var í upphafi þessarar ritgerðar er: Hvaða guðfræðilegar áherslubreytingar má sjá milli hinna þriggja kynslóða frjálsslyndra guðfræðinga?

Áhrif fyrstu kynslóðarinnar á komandi kynslóðir eru vel greinanleg. Það ber þó að hafa í huga að enginn þeirra að Þórhalli Bjarnarsyni undanskildum komst í áhrifamikla stöðu innan kirkjunnar. Matthías var ugglaustr eitt virtasta skáld Íslendinga og hefur það veitt honum sterka stöðu en hún var ekkert í líkingu við þá aðstöðu sem Þórhallur hafði sem kennari, blaðaútgefandi og biskup. Þórhallur virðist hins vegar vera sá af þeim fjórum sem minnst reyndi að koma guðfræðihugmyndum sínum á framfæri. Þannig urðu áhrif þeirra að miklu leyti mest í að móta jarðveginn fyrir komandi kynslóðir frjálsslyndra guðfræðinga. Bein áhrif á næstu kynslóðir urðu ekki sérstaklega mikil.

Jón Helgason og Haraldur Níelsson höfðu einstaklega mikil áhrif á komandi kynslóðir guðfræðinga og á sama tíma almenning. Þeir voru í fremstu víglínu á nánast öllum stöðum kirkjunnar. Með blaðaútgáfu, sem kennarar fyrst við Prestaskólann og síðar við guðfræðideild Háskóla Íslands og auk þess var Jón formaður Prestafélagsins og biskup Íslands. Með sterkri stöðu sinni komu þeir hugmyndum sínum auðveldlega á framfæri og dylst engum hversu mikil áhrif þeir höfðu á næstu kynslóð frjálsslyndra guðfræðinga

Þegar litið er til þeirra Magnúsar Jónssonar og Ásmundar Guðmundssonar kemur bersýnilega í ljós að áhrifavaldir þeirra voru kennararnir í guðfræðináminu og þá sérstaklega Jón Helgason og Haraldur Níelsson. Það má í raun segja að Magnús og Ásmundur hafi tekið upp hanskann fyrir þá Jón og Harald og unnið með þeim í baráttu sinni. Það er ekki hægt að greina stórt stökk í þróun guðfræðinnar milli annarrar og þriðju kynslóðar.

Áhrif Magnúsar og Ásmundar á komandi kynslóðir voru þó mikil. Þeir tóku við af Jóni og Haraldi sem kennarar við guðfræðideildina og höfðu þannig mótandi áhrif á

guðfræðihugmyndir nemenda sinna. Það fær ekki dulist að frjálslynda guðfræðin var ríkjandi stefna meðal presta hér á landi allt frá því guðfræðingar byrjuðu að útskrifast, fyrst undir kennslu síðustu kennara Prestaskólans og svo með tilkomu guðfræðideildarinnar þar sem allir kennarar aðhylltust frjálslyndu guðfræðina. Á sama tíma fækkaði þeim prestum sem aldrei voru upp innan rétttrúnaðarstefnunnar.

Sýnt hefur verið fram á að guðfræðilegar áherslubreytingar hafi verið mun meiri milli fyrstu og annarrar kynslóðar heldur en milli annarrar og þriðju kynslóðar. Guðfræðihugmyndir þeirra Magnúsar Eiríkssonar, Matthíasar Jochumssonar, Páls Sigurðssonar og Þórhalls Bjarnarsonar voru á margan hátt ólíkar enn í grunninn þær sömu. Áherslubreyting Jóns Helgasonar og Haraldar Níelssonar var að setja saman fastmótaðri guðfræði. Þrátt fyrir að hugmyndir þeirra Jóns og Haraldar hafi orðið ólíkar með tímanum voru grunnhugmyndir þeirra sem slíkar eins. Þeir gagnrýndu kirkjuna fyrir doða og reyndu að breyta henni með ferskum hugmyndum. Áhersla þeirra var mest á persónulega trú og litaði bjartsýni á getu mannsins allar hugmyndir þeirra.

Grundvallaráherslur frjálslyndu guðfræðinnar héldust nánast óbreyttar hjá næstu kynslóð sem leiddi til þess að stöðnun fór að koma fram innan stefnunnar. Allt hið nýja sem frjálslynda guðfræðin hafði boðað í upphafi var hætt að vera nýtt og þeir sem aðhylltust stefnuna komu fram með litlar breytingar. Upp úr miðri 20. öldinni fóru því áhrif frjálslyndu guðfræðinnar dvínandi. Hin ríkjandi heimsmynd á bjartsýni mannsins hafði horfið eftir heimsstyrjaldirnar. Þannig urðu grunnstoðir frjálslyndu guðfræðinnar veikburða. Í kjölfarið tók við algjör stöðnun innan stefnunnar sem gat aðeins endað á einn hátt, með falli frjálslyndu guðfræðinnar.

Heimildaskrá

Árni Pálsson, „Matthías Jochumsson og Páll Sigurðsson“, *Skáldið á Sigurhæðum: Safn ritgerða um þjóðskáldið Matthías Jochumsson*“, ristj. Davíð Stefánsson, Reykjavík: Bókaforlag Odds Björnssonar, 1963, bls. 215–218.

Ásmundur Guðmundsson, „Dr. Theol. Magnús Jónsson prófessor 26. nóv. 1887 – 2. apríl 1958“, *Kirkjuritið* 24/1958, bls. 148–155.

Ásmundur Guðmundsson, *Frá heimi fagnaðarerindisins: Helgidagaræður frá 1. sunnudegi í aðventu til 2. páskadags*, Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1919.

Ásmundur Guðmundsson, *Haraldur Níelsson*, Reykjavík: Ísafold, 1938.

Ásmundur Guðmundsson, *Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi*, Reykjavík: Ríkisprentsmiðjan Gutenberg, 1954.

Ásmundur Guðmundsson, *Saga Ísraelsþjóðar*, Reykjavík: Leiftur, 1948.

Ásmundur Guðmundsson, *Samstofna guðspjöllin: Uppruni þeirra og afstaða sín á milli*, Reykjavík: Háskóli Íslands, 1938.

Benjamín Kristjánsson, „Allt óblíðara síðan“, *Haraldur Níelsson: Stríðsmaður eilífðarvissunnar 1868–1968*, ritstj. Benjamín Kristjánsson, Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands, bls. 98–101.

Benjamín Kristjánsson, „Ég ætla að standa í kirkjunni meðan ég fæ“, *Haraldur Níelsson: Stríðsmaður eilífðarvissunnar 1868–1968*, ritstj. Benjamín Kristjánsson, Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands, bls. 152–153.

Benjamín Kristjánsson, *Saga Prestaskólans og guðfræðideildar Háskólans 1847–1947*, Reykjavík: Leiftur, 1947.

Bjarni Símonarson, „Formáli“, *Húslestrabók: Helgidaga-prédikanir*, Reykjavík: Sigurður Kristjánsson, 1894 bls. ii–vi.

Björn Jónsson, „Kennarinn: Minningar um prófessor Ásmund Guðmundsson“, *Kirkjuritið* 35/1969, bls. 256–261.

Dóra Þórhallsdóttir, *Faðir minn*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1961.

Eiríkur Albertsson, „Jón Helgason, biskup“, *Merkir Íslendingar: IV*, ritstj. Jón Guðnason, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1965, bls. 197–241.

Eiríkur Albertsson, *Magnús Eiríksson: Guðfræði hans og trúarlíf*, Reykjavík: höfundur, 1938.

Erlendur Haraldsson, „Séra Haraldur Níelsson, sálarrannsóknir og spíritismi við upphaf 20. aldar“, *Ritröð guðfræðistofnunar*, 28/2009, bls. 9–21.

Gunnar Árnason, „Ásmundur biskup Guðmundsson (störf hans í Prestafélagi Íslands)“, *Kirkjuritið* 35/1969, bls. 262–270.

Gunnar Árnason, „Dr. theol Magnús Jónsson sjötugur“, *Kirkjuritið* 3/1957, bls. 444–452.

Gunnar Kristjánsson, „Frjálsslynd guðfræði í nýju ljósi“, *Glíman sérít* 2, 2010, bls. 13–27.

Gunnar Kristjánsson, „Frjálsslynd guðfræðihefð: Um frjálsslynda þjóðkirkju, guðfræði og trúrækni“, *Ritröð guðfræðistofnunar*, 28/2009, bls. 22–36.

Gunnar Kristjánsson, „Kirkjan í keng: Hugleiðingar um þróun íslensku þjóðkirkjunnar á tuttugustu öld“, *Andvari* 125/2000, bls. 69–80.

Gunnar Kristjánsson, „Húspostilla Páls Sigurðssonar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 49–53.

Gunnar Kristjánsson, „Húspostilla Péturs Péturssonar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 37–39.

Gunnlaugur A. Jónsson, „Þýðingarstarf Haraldar Níelssonar og upphaf „biblíugagnrýni“ á Íslandi“, *Ritröð guðfræðistofnunar*, 4/1992, bls. 57–84.

Hafsteinn Pétursson, „Magnús Eiríksson“, *Merkir Íslendingar: Ævisögur og minningargreinar V*, ritstj. Þorkell Jóhannesson, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1951, bls. 315–344.

Haraldur Níelsson, „Eiríkur Magnússon“, *Ísafold*, 40:9/1913, bls. 33–35.

Haraldur Níelsson, *Hví slær þú mig? II: Andsvar gegn ummælum biskups*, Reykjavík: Ísafold, 1922.

Haraldur Níelsson, „Trúarjátningar og kenningarfrelsi presta“, *Skírnir*, 83:3/1908, bls. 211–236.

Haraldur Níelsson, *Það er yfir oss vakað: Valdir kaflar úr ræðum séra Haralds Níelssonar prófessors*“, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1999.

Hjalti Hugason, „Guðfræði og trúarlíf“, *Upplýsingin á Íslandi: Tíu ritgerðir*, ritstj. Ingi Sigurðsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1990, bls. 119–148.

Hjalti Hugason, „Trúarbrögð og trúarstofnanir í upphafi 21. aldar: Hlutverk og áskoranir“, *Ritröð guðfræðistofnunar 35/2012*, bls. 59–93.

Hjalti Hugason, „Próun sjálfstæðrar þjóðkirkju á öndverðri 20. öld: Sjálfstæði eða aðskilnaður? — Kirkjupólitík Þórhalls Bjarnarsonar 1893–1916“, *Ritröð guðfræðistofnunar 33/2011*, bls. 20–47.

Jakob Jónsson, „Guðfræði Haraldar Níelssonar“ *Haraldur Níelsson: Stríðsmaður eilífðarvissunnar 1868–1968*, ritstj. Benjamín Kristjánsson, Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands, bls. 68–92.

Jón Auðuns, „Dr. theol Ásmundur Guðmundsson biskup (líkræðan)“, *Kirkjuritið 35/1969*, bls. 246–251.

Jón Helgason, „„Aldamót“. Fimmta ár. 1895. Ritdómur eptir prestaskólakennara síra Jón Helgason“, *Ísafold 12:89/1895*, bls. 54–55.

Jón Helgason, „Finn Tulinius. Árni Helgason og hans Helgidaga Predikanir“, *Skírnir 114/1940*, bls. 217–220, hér bls. 219.

Jón Helgason, *Grundvöllurinn er Kristur: Trúmálahugleiðingar frá nýguðfræðilegu sjónarmiði*, Reykjavík: Bókaverslun Guðm. Gamalíelssonar, 1915.

Jón Helgason, *Hirðisbréf til presta og prófesta á Íslandi*, Reykjavík: Prentsmiðjan Rún, 1917.

- Jón Helgason, „Hvað er kristindómur?“, *Verði ljós*, 3:1/1899, bls. 1–6 og 4:2/1899, bls. 17–24.
- Jón Helgason, „Innblástur heilagrar ritningar“, *Verði ljós*, 4:3/1899, bls. bls. 43–47.
- Jón Helgason, „Kandítat Haraldur Níelsson“, *Verði ljós*, 4:5/1899, bls. 80.
- Jón Helgason, *Kristnisaga Íslands frá öndverðu til vorra tíma: Kristnihald þjóðar vorrar eftir siðaskifti*, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1927.
- Jón Helgason, „Prestarnir og játningarritin“, *Skírnir* 83:3/1909, bls. 193–224.
- Jón Helgason, *Til andmælenda minna*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1914.
- Jón Helgason, *Tómas Sæmundsson: æfiferill hans og æfistarf*, Reykjavík: Ísafold, 1941.
- Jón Helgason, „Þversagnir og missögli í heilagri ritningu“, *Verði ljós*, 4:2/1899, bls. 24–29.
- Kristján Valur Ingólfsson, „Baksviðsleikur við útgáfu sálmabókar íslensku þjóðkirkjunnar 1801“, *Ritröð guðfræðistofnunnar*, 15/2005, bls. 98–109.
- Lúðvík Kristjánsson, *Úr heimsborg í Griótaporp: Ævisaga Þorláks Ó. Johnson*, Hafnarfjörður: Skuggsjá, 1962.
- Magnús Einarsson, *Nokkrar athugasemdir, gegn Magnúsi Eiríkssyni M. FL.*, Akureyri: höfundur, 1867.
- Magnús Helgason, „Þórhallur Bjarnarson“, *Merkir Íslendingar: Ævisögur og minningargreinar III*, Reykjavík: Bókfellsútgáfan, 1949, bls. 363–386.
- Magnús Jónsson, „Biblían, innblásin og óskeikul“, *Breiðablik*, 2–3/1913, bls. 25–29.
- Magnús Jónsson, „Forseti Kirkjufélagsins um trúmálhugleiðingar próf. J. H.“, *Breiðablik* 8:1/1913, bls. 12–14.
- Magnús Jónsson, *Inngangsræði Nýja testamentisins*, Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, 1921.

- Magnús Jónsson, *Marteinn Lúther: Æfisaga*, Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, 1917.
- Magnús Jónsson, „Ný trúarjátning“, *Straumar*, 2:1/1928, bls. 8–10.
- Magnús Jónsson, *Saga kristinnar kirkju: Kennslubók*, Reykjavík: Magnús Jónsson, 1941.
- Magnús Jónsson, „Sannleiksleit“, *Breiðablik*, 6:2/1911, bls. 17–20.
- Magnús Jónsson, „Trúin“, *Breiðablik* 6:4/1911, bls. 51–53.
- Magnús Jónsson, „Æskufrásögurnar í guðspjöllunum“, *Breiðablik*, 6:2/1911, bls. 20–25.
- Matthías Jochumsson, „Prestaköllin og kirkjan“, *Þjóðólfur* 28:10/1876, bls. 45–48.
- Matthías Jochumsson, „Síra Havsteinn og síra Magnús Skaptason“, *Norðurljósið*, 6:16/1891, bls. 61–62.
- Matthías Jochumsson, *Sögukaflar af sjálfum mér*, Reykjavík: Þorsteinn Gíslason, 1922.
- Matthías Jochumsson, „Til vina minna í Reykjavík“, *Fjallkonan* 6:22/1889, bls. 85–86.
- Matthías Jochumsson, „Yfirlýsing“, *Kirkjublaðið*, 1:5/1891, bls. 80.
- Matthías Johannessen, *Samtöl IV*, Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1982.
- Móeiður Júníusdóttir, „Frjálslynda guðfræðin haslar sér völl á Íslandi“, *Glíman sérrit 2*, 2010, bls. 127–143.
- Mynster, Jacob Peter, *Hugleiðingar um höfuðatriði kristinnar trúar*, Kaupmannahöfn: Þorgeir Guðmundsson, 1839.
- Óskar Guðmundsson, *Brautryðjandinn: Ævisaga Þórhalls Bjarnarsonar 1855–1916*, Reykjavík: Skálholtsútgáfan, 2011.
- Óskar Guðmundsson, „Frá Brandesisma til frjálslyndrar guðfræði: Um Þórhall Bjarnarson fram að biskupsdómi 1918“, *Glíman sérrit 2*, 2010, bls. 77–96.

Páll Eggert Ólafsson, *Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940: 4. b. O–S*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951.

Pétur Pétursson, „Deilan um Þyrna Þorsteins Erlingssonar: Guðmundur Hannesson lækni gegn guðfræðingunum Jóni Helgasyni og Haraldi Níelssyni“, *Ritröð guðfræðistofnunar*, 23/2006, bls. 155–172.

Pétur Pétursson, „„Frelsi landanna“ Nýja guðfræðin og þjóðfrelsisbarátta Íslendinga í upphafi 20. aldar“, *Rannsóknir í Félagsvísindum VII*, ritstj. Úlfar Hauksson, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, bls. 149–160.

Pétur Pétursson, „Haraldur Níelsson: Karismatískur leiðtogi“, *Ritröð guðfræðistofnunnar*, 28/2009, bls. 58–81.

Pétur Pétursson, *Trúmaður á tímamótum: Ævisaga Haralds Níelssonar*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2011.

Pétur Pétursson, „Þjóðkirkja, frelsi og fjölbreytni“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 199–421.

Sigurbjörn Einarsson, „Minningarræða við útför Ásmundar biskups Guðmundssonar“, *Kirkjuritið* 35/1969, bls. 242–245.

Sigurður P. Sívertsen, „Brennandi í andanum“, *Haraldur Níelsson: Stríðsmaður eilífðarvissunnar 1868–1968*, ritstj. Benjamín Kristjánsson, Reykjavík: Sálarrannsóknafélag Íslands, bls. 93–97.

Sigurður Stefánsson, „Prestarnir, nýja guðfræðin og þjóðkirkjan“, *Bjarmi*, 8:7/1914, bls. 49–53.

Sigurður Stefánsson, „Svar til prófessors Jón Helgasonar“, *Ísafold*, 41:56–58/1914, bls. 219–221, 223–225 og 230.

Sigurður Stefánsson, *Vigurklerkurinn*, Ísafjörður: Sögufélag Ísfirðinga, 2009.

Sigurður Árni Þórðarson, „Upprisa nýguðfræðinnar?“, *Glíman sérrit* 2, 2010, bls. 185–199.

- Sigurgeir Sigurðarson, Sjera Páll Sigurðsson frá Gaulverjabæ: Aldarminning, *Morgunblaðið* 26:163/1939, bls. 10.
- Sigurjón Árni Eyjólfsson, „Frjálslynda guðfræðin sem fulltrúi lútherskrar arfleifðar: Ritdómsritgerð“, *Ritröð guðfræðistofnunnar* 40/2015, bls. 68–77.
- Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Trú, von og þjód: Sjálfsmynd og staðleysur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014.
- Torfi K. Stefánsson Hjaltalín, *Íslensk Kirkjusaga*, Reykjavík: Flateyjarútgáfan, 2012.
- Tryggvi Ásmundsson, „Ásmundur Guðmundsson“, *Faðir minn — Presturinn*, ritstj. Hersteinn Pálsson, Reykjavík: Skuggsjá, 1977, bls. 171–180.
- Valdimar Briem, „Nýjar þjedikanir“, *Kirkjublaðið* 4:13/1894, bls. 193–198.
- Þórhallur Bjarnarson, „IV“ *Kirkjublaðið*, 3:14/1893, bls. 209–212.
- Þórhallur Bjarnarson, „Skilnaðarkjörin“, *Nýtt Kirkjublað*, 7:4/1912, bls. 41–45.
- Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, *Upp á sigurhæðir: Saga Matthíasar Jochumssonar*, Reykjavík: JPV, 2006, bls. 362.
- Þórunn Jarla Valdimarsdóttir, „Öld frelsis, lýðvalds og jafnaðar“, *Til móts við nútímann*, Kristni á Íslandi IV, ritstj. Hjalti Hugason, Reykjavík: Alþingi, 2000, bls. 11–195.

Af vefnum

Gerhard Schreiber og Jon Stewart, „Magnús Eiríksson. A Forgotten Contemporary of Kierkegaard“, Google Books, 2017, sótt 20. mars af https://books.google.is/books?id=6ixxDgAAQBAJ&printsec=frontcover&dq=Magn%C3%BAs+Eir%C3%ADksson.+A+Forgotten+Contemporary+of+Kierkegaard&hl=is&sa=X&redir_esc=y#v=onepage&q=Magn%C3%BAs%20Eir%C3%ADksson.%20A%20Forgotten%20Contemporary%20of%20Kierkegaard&f=false.

Gunnar Kristjánsson, „Jón Helgason og frjálslynd guðfræðin“, *Gunnar Kristjánsson*, 6. nóvember 2016, sótt 29. mars 2017 af <https://gunnarkristjansson.net/ritgerdir-og-greinar/>.

Gunnar Kristjánsson, „Maður á mörkum: Um séra Matthías Jochumsson“, *Gunnar Kristjánsson*, nóvember 2006, sótt 8. apríl af <https://gunnarkristjansson.net/ritgerdir-og-greinar/>.

Jón Helgason, „Það sem á dagana dreif“, *Rafhlaðan*, 2006, sótt 10. mars af <https://rafhladan.is/handle/10802/10801>.

Óútgefið efni

Hjalti Hugason, „...biluð trú og bilaður kristindómur...“!: Skiptar skoðanir um *Helgidaga-prédikanir* Páls Sigurðssonar í Gaulverjabæ“, hjá höfundi.

Ævar Kjartansson, „Var Magnús Eiríksson siðbótarmaður? Nokkur atriði í gagnrýni hans á þróun kristindómsins“, hjá höfundi.